

6. Rannsóknarstarf

1. Fjölbreytt rannsóknarstarf

Menntun í Háskóla Íslands hefur verið forsenda fyrir því að á 20. öld hefur orðið til heilbrigðiskerfi, menntakerfi, réttarkerfi og í raun nútímalegt samfélag á Íslandi sem stenst samjöfnuð við önnur samfélög Vesturlanda. Meðal þúsunda brautskráðra stúdenta eru fjölmargir sem hafa orðið brautryðjendur í atvinnulífi, menningu og stjórnámálum landsins. Til þess að byggja upp aðrar atvinnugreinar en landbúnað og fiskveiðar, sem höfðu verið höfuðatvinnuvegir landsmanna um aldir, og voru jafnvel að dragast saman, varð að hugsa eitthvað nýtt. Nýjar hugmyndir verða meðal annars til með nýjum rannsóknum, og stærsta rannsóknarstöð landsins og hornsteinn íslenska menntakerfisins hefur verið Háskóli Íslands. Á síðustu árum hafa fleiri skólar haslað sér völl á þessum vettvangi. Aðeins brot rannsókna skilar sér í nýjum atvinnugreinum eða vöru sem selst í miklu upplagi á alþjóðlegum markaði, flestar leggja smærri lóð á vogarskálar atvinnulífs og menningar. Þegar eitthvað stærra gerist getur það skipt sköpum, en margt smátt gerir líka eitt stórt.

Síðustu áratugi hafa rektorar Háskóla Íslands verið óþreytandi við að benda á þá staðreynd að sterk tengsl eru á milli aukinna grunnrannsókna og nýsköpunar í atvinnulífi. Öflugar rannsóknir leiða til stofnunar sprotafyrirtækja sem efla atvinnu, hagvöxt og mannlíf. Þetta á ekki aðeins við um fyrirtæki sem markaðssetja vörur, heldur einnig blómstrandi menningarlíf sem aflar tekna ekki síður en málmbraðslur. Talið er að allt að fjórðung af hagvexti í Bandaríkjunum frá lokum síðari heimsstyrjaldar til ársins 1990 megi rekja til grunnrannsókna. Mikilvægustu stofnanir þar í landi sem stunda grunnrannsóknir eru rannsóknarháskólar.¹ Efnahags- og framfarastofnunin hefur einnig gefið út skýrslur sem benda á tengsl menntunar, rannsókna og hagvaxtar. Oft hefur verið bent á að þegar kreppti að í atvinnumálum í Finnlandi eftir hrun Sovétríkjanna um 1990 hafi Finnar brugðist við með því að auka fjárveitingar til menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Þegar kreppt hefur að í efnahagsmálum á Íslandi eins og á árunum 1988–97 og aftur eftir bankahrunið haustið 2008 hefur orðið hlutfallslegur samdráttur hjá Háskóla Íslands. Þegar síldin hvarf og kal varð í tünnum bænda í lok

¹ Vef. ERIC. Committee for Economic Development, 19.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Mikið af rannsóknarvinnu Háskólans fer fram í vinnuherbergjum kennara. Hér er heimspækingur, Róbert H. Haraldsson, við ritstörf.



sjöunda áratugar 20. aldar leiddi það til samdráttar í efnahagslífi og flutnings fólks úr landi. Þá var stofnað til náms í náttúruvísindum á Íslandi, og var þar með lagður grunnur að vexti samfélagsins síðar. Frá því að samdráttur varð í efnahagslífinu 2008 hefur Háskóli Íslands ítrekað bent á að nú væri lag að efla kennslu og rannsóknir til stuðnings við að byggja upp öflugra atvinnulíf.

Háskóli Íslands er kennslu- og vísindastofnun þar sem lögð er áhersla á að kennarar og sérfræðingar hans leggi stund á rannsóknir samhliða kennslu. Rannsóknir eru nauðsynlegar til að styrkja fræðilega undirstöðu kennslugreina og laða stöðugt fram nýja þekkingu. Akademískt frelsi starfsmanna til að velja sér rannsóknarsvið er hornsteinn hvers fræðasamfélags. Formaður vísindanefndar vildi í yfirlitsriti um rannsóknir brýna fólk sitt til dáða þegar hann sagði: „Rannsóknir og kennsla eru tengd margvíslegum böndum og þeim kennara sem ekki fylgist með rannsóknum á sínu sviði er hætt við stöðnun sem kemur niður á nemendum hans ekki síður en honum sjálfum.“² Gert er ráð fyrir að kennarar verji að jafnaði um 40% af vinnutíma sínum til rannsókna. Því má áætla að árið 1990 hafi ársverk kennara til rannsókna verið um 140. Með sömu viðmiðum er unnt að segja að árið 2009 hafi ársverk kennara við rannsóknir verið komin í um 250 og til viðbótar unnu um 200 aðrir starfsmenn við rannsóknarstörf hjá Háskóla Íslands, eða liðlega 450 ársverk samtals.³ Auk þess starfaði fjöldi sérfræðinga á sjálfstæðum rannsóknarstofum

² *Rannsóknir við Háskóla Íslands 1991–1993*, 1.


³ *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1990–91*, 508–17. – *Árbók Háskóla Íslands 2009*, 89.



Háskólans. Eftir aldamótin 2000, þegar rannsóknarnám hafði farið vel af stað, munaði jafnframt verulega um rannsóknarframlag stúdenta.

Ein forsenda fyrir því að hljóta greiðslur úr Vinnumatssjóði eða frekari greiðslur úr Rannsóknasjóði Háskólans er að akademískir starfsmenn skili upplýsingum um ritverk sín og fræðistörf til Vísindasviðs skólans. Af slíkum framtölum eru reiknuð út rannsóknarstig, og má af þeim sjá vöxt í rannsóknum við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir á umliðnum árum. Myndrit III.11 sýnir fjölgun rannsóknarstiga á árunum 1999–2009. Hér er ekki aðeins spurning um magn, heldur einnig gæði. Einn helsti mælikvarði á ágæti vísindaritgerða er talinn sá að þær fáiast birtar í ritrýndum fræðiritum. Árið 2003 birtust 222 greinar í 164 ISI-tímaritum, sem eru viðurkennd erlend fræðitímarit, og árið 2009 hafði þeim fjölgað í 550 greinar í 364 ólíkum ISI-tímaritum, sem eru skráð í sérstakan gagnagrunn hjá Institute for Scientific Information.⁴ Þannig hafði ritvirkni aukist stórlega á sama tíma og rannsóknir birtust í meira en helmingi fleiri tímaritum. Rannsóknir vísindamanna höfðu einnig vakið meiri athygli því frá árinu 2005 til ársins 2009 fjölgaði tilvitnunum í vísindagreinar háskólamanna úr 5.100 í um 10.000.⁵

Myndrit III.11 Rannsóknarstig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana 1999–2009



Heimild: Vef. HÍ. Tölfræði um rannsóknir. Rannsóknarstig.

⁴ Vef. HÍ. Tölfræði um rannsóknir. Rannsóknarstig.

⁵ *Stefna Háskóla Íslands 2011–2016*, 6.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Kennarar Háskólans sinna rannsóknum sínum ýmist á eigin vegum eða í tengslum við rannsóknarstofnanir skólans. Fræðimenn í hug-, félags- og menntavísindum stunda fræðistörf í meira mæli á eigin vegum en þó í nafni rannsóknarstofnana, en akademískir starfsmenn í heilbrigðis- og náttúruvísindum og verkfræðigreinum tengja sínar rannsóknir í meira mæli rannsóknarstofum, enda þurfa þeir oft að nota tækjabúnað sem þar er að finna og reiða sig á aðstoðarmenn. Allir starfsmenn skólans þurfa þó að birta rannsóknir sínar í nafni Háskóla Íslands. Í verkfræði, náttúruvísindum og heilbrigðisvísindum er lítið um að rannsóknir séu birtar í bókum, en meira um að niðurstöður þeirra birtist í alþjóðlegum tímaritum. Í félags-, mennta- og hugvísindum eru hins vegar um 10% af niðurstöðum rannsókna birt í bókarformi.⁶ Árið 2010 voru rannsóknarstofnanir, rannsóknarstofur og fræðasetur við eða í tengslum við Háskóla Íslands um 75 talsins eða nálægt því að vera ein rannsóknarstofa á hverja kennslugrein.

Sumar rannsóknarstofur heyra undir aðrar rannsóknarstofnanir sem eru eins og regnhlífar yfir smærri stofur. Þannig heyra margar stofnanir á Hugvísindasviði með takmarkaðan rekstur undir Hugvísindastofnun, og sama á við um Lagastofnun og Félagsvísindastofnun. Raunvísindastofnun og Verkfræðistofnun er skipt upp í sjálfstæðar stofur, og undir Rannsóknastofnun á Menntavísindasviði starfa á annan tug rannsóknarstofa á sérhæfðum rannsóknarsviðum. Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskólans var samþykkt stefna um að sviðið gegndi veigamiklu samfélagshlutverki og undirstrikað að efla ætti rannsóknir á Menntavísindasviði.⁷ Margar stofnanir gefa út ritraðir á sínum fræðasviðum auk þess sem niðurstöðum rannsókna er miðlað í innlendum og erlendum vísindaritum, sem og á vefnum.

Í grófum dráttum má skipta rannsóknum í þrjá þætti: grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þjónusturannsóknir. Mörkin eru stundum óskýr, og grunnrannsóknir geta hæglega orðið hagnýtar þótt ekki hafi verið lagt upp með það markmið. Þjónusturannsóknir eru einnig jafnan hagnýtar.

Hin síðustu ár hafa allar deildir og fræðasvið haldið vaxandi fjölda málþinga og ráðstefna þar sem akademískir starfsmenn miðla nýjustu rannsóknum til almennings og fagaðila eins og lesa má um í Ritaskrá Háskóla Íslands á vefnum. Stígandi hefur verið í alþjóðlegu samstarfi á öllum fræðasviðum. Kennarar hafa setið í ritstjórn

⁶ Vef. HÍ. Rannsóknastig. Háskóli Íslands.

⁷ Menntavísindasvið. Stefna um rannsóknir.

erlendra vísindatímarita og tekið að sér hlutverk andmælenda við doktorsvarnir í erlendum háskólum. Jafnframt er mikið leitað til kennara skólans vegna ritrýningar vísindagreina fyrir erlend fagtímarit. Rannsóknir starfsmanna Háskólans eru oftast í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga með tilstyrk margra sjóða, þótt ekki sé greint frá því í þessu yfirliti.

Ráðstefnur og málþing þar sem niðurstöður rannsókna eru kynntar eru fastur liður í starfi Háskóla Íslands. Í janúar 2011 var í fimmtánda sinn haldin ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum, en þær eru að jafnaði haldnar annað hvert ár og eru á vegum allra deilda Heilbrigðisvísindasviðs. Vísindamenn í Guðfræðideild og Heimspekideild hafa á annan áratug haldið Hugvísindaping þar sem nýjustu rannsóknir í hugvísindum eru kynntar. Á aldarafmælinu 2011 voru haldnir á þriðja hundrað fyrirlestra á Hugvísindapingi. Jarðfræðafélag Íslands, sem stofnað var 1966, hefur frá því skömmu eftir stofnun verið með ráðstefnur, hin síðari ár bæði vor og haust. Eðlisfræði á Íslandi var heiti á rannsóknarþingum eðlisfræðinga sem haldin hafa verið annað hvert ár frá árinu 1982. Síðasta áratug hafa einnig verið haldin Raunvísindaping annað hvert ár þar sem vísindamenn allra greina raunvísinda miðla nýjustu niðurstöðum í fræðunum, og þannig má lengi telja.

Félagsvísindafólk hefur í liðlega áratug haldið ráðstefnu að hausti sem kölluð hefur verið Þjóðarspegill. Þar eru kynntar nýjustu niðurstöður úr rannsóknum á sviði félagsvísinda á Íslandi, og hafa ritrýndir fyrirlestrar allt frá árinu 1994 verið gefnir út á bókum sem nálgast heilan hillumetra. Árið 2009 voru um 170 fyrirlestrar gefnir út í fjórum þverhandarþykkum bindum, en árið eftir voru þeir orðnir svo umfangsmiklir að ákveðið var að gefa þá einungis út á vefnum.⁸ Hinn mikli fjöldi greina er vísbending um vaxandi fræðastarf félagsvísindafólks. Á þessu árabili hefur ráðstefnan vaxið að fjölbreytni, og endurspeglar það fjölgun námsgreina og mikla grósku í fræðunum. Fjöldi félagsvísindamanna sem starfa utan Háskóla Íslands hefur tekið þátt í þessu landsmóti félagsvísinda, auk fastra kennara Háskólans, meistara- og doktorsnema. Þjóðarspegill hefur jafnframt verið vettvangur þar sem almennungi gefst kostur á að kynna sér það nýjasta í rannsóknum félagsvísindamanna.

Auk landsmóta vísindamanna á öllum fræðasviðum eru flestar fræðigreinar með fræðaping eða seminör einu sinni til tvisvar í mánuði. Þar kynna nemendur í framhaldsnámi í bland við kennara

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2009, 121.

og fræðimenn utan skólans niðurstöður nýjustu rannsókna sinna. Nýjar rannsóknir boða nýjar fréttir og þykja því spennandi um fjöllumarefni fjölmiðla. Vísindamenn skólans eru auðsúgestir fjölmiðla á þeim tímum þegar haldin eru málþing og ráðstefnur.

Til að þakka fyrir vel unnin störf og hvetja starfsmenn til dáða hóf Páll Skúlason háskólarektor árið 1999 að veita starfsmönnum Háskólans viðurkenningar fyrir lofsverðan árangur í starfi; fyrir rannsóknir, kennslu og önnur störf í þágu skólans. Árbækur, Fréttabréf og vefsíður Háskólans hafa jafnan sagt frá þessum viðurkenningum, verðlaunum og öðrum stórum styrkjum og vegtyllum sem starfsmönnum Háskólans hafa hlotnast fyrir störf sín jafnt á Íslandi sem erlendis, og er sá listi langur. Á hverju ári frá 1989, þegar fyrst var farið að veita hin íslensku bókmenntaverðlaun, meðal annars fyrir fræðirit, hafa starfsmenn Háskóla Íslands verið meðal tilnefndra og stundum hlotnast verðlaunin.⁹ Ekki síður eftirsótt bókmenntaverðlaun eru viðurkenningar Hagþenkis, félags höfundu fræðirita og kennslugagna, en þar hafa fjölmargir vísindamenn Háskóla Íslands verið tilnefndir og fengið viðurkenningar.

Hér á eftir verður sagt frá nokkrum rannsóknum sem unnið hefur verið að síðustu ár. Rúmsins vegna er aðeins unnt að nefna nokkur dæmi um rannsóknir á hverju fræðasviði. Í því felst engan veginn að höfundur telji þær rannsóknir sem hann segir frá mikilvægari eða á nokkurn hátt betri en hinar sem eru ónefndar.

2. Raunvísindi og verkfræði

Frá því að Raunvísindastofnun var sett á laggirnar árið 1966 hefur verið unnið að þúsundum rannsóknarverkefna með aðaláherslu á grunnrannsóknir.¹⁰ Meginviðfangsefni raunvísinda er þekkingarleit, án tillits til hagnýtingar eða hagnaðar. Raunvísindamenn og ekki síður verkfræðingar fá hins vegar oft hagnýt úrlausnarefni sem þeir glíma við í störfum sínum. Starfsemi Raunvísindastofnunar var skipt niður í rannsóknarstofur eftir fræðasviðum í Eðlisfræðistofu, Efnafræðistofu, Jarðfræðistofu, Jarðeðlisfræðistofu, Reiknifræðistofu og Stærðfræðistofu. Síðustu tvo áratugi hefur stofnunin eflst til muna, ekki síst með tilkomu öflugri styrkjakerfa, eins og áður hefur verið lýst. Því hefur verið unnt að ráða vísindamenn og stúdenta til starfa á hinum margvíslegu sviðum náttúruvísinda. Með reglugerðarbreytingu í maí 2004 í tilefni af yfirfærslu Norrænu eldfjallastöðvarinnar til Háskólans, var Raunvísindastofnun skipt upp í tvær faglega

⁹ Vef. Wikipedia. Íslensku bókmenntaverðlaunin.

¹⁰ Vef. Raunvísindastofnun. Rannsóknarverkefni Raunvísindastofnunar eru gefin út í skýrslum og varðveitt í Þjóðdeild Landsbókasafns. Frá 1997 eru þær einnig á vef Raunvísindastofnunar.

sjálfstæðar stofnanir; Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun Háskólans og Jarðvísindastofnun Háskólans.

Í Eðlisfræðistofnu hefur meðal annars verið unnið að fjölbreyttum rannsóknum á hálfleiðurum, en þeir eru einn af hornsteinum raf-eindatækni nútímans. Hálfleiðaraleysar hafa gert geisladiska að þægilegum og hagkvæmum geymslumiðli fyrir tölvugögn, tónlist og ljósmyndir. Eðlisfræðistofna hefur átt samstarf við margar erlendar vísindastofnanir um hálfleiðandi efni, meðal annars við japanska, bandaríska og breska háskóla.¹¹ Annað dæmi um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs er þegar Háskóli Íslands gerðist aðili að norrænu samstarfi um stjörmsjónauka á La Palma, einni af eyjum Kanaríeyja, sumarið 1997 og tók með því heljarstökk í stjarnvísindum. Með því að greiða 1% kostnaðar af sjónaukanum eignaðist Háskólinn hlut í stærsta rannsóknartæki sem hann hefur átt hlutdeild í.¹² Með aðgangi að sjónaukanum hafa íslenskir stjarnvísindamenn auk þess fengið aðgang að öllum stærstu sjónaukum heims bæði á jörðu niðri og úti í geimnum.¹³ Þannig hefur almenningi verið opnuð ný sýn á óravíddir alheimsins með frábærum ljósmyndum, og haldið er á lofti hinum áleitnu spurningum vísindanna um upphaf og endi allra hluta.

Á Efnafræðistofnu hafa á síðustu tveimur áratugum starfað milli 30 og 40 starfsmenn í tveimur deildum, Efnafræðideild og Lífefnafræðideild. Í Efnafræðideild eru stundaðar rannsóknir í eðlisefnafræði, ólífrænni efnafræði, málmolífrænni efnafræði, lífrænni efnafræði og efnagreiningartækni. Í lífefnafræði eru meðal annars stundaðar rannsóknir í líftækni, matvælaefnafræði og næringarfræði, en um þá fræðigrein hefur orðið til sérstök rannsóknarstofa með aðsetur á Landspítala. Meðal viðamikilla rannsóknarverkefna á sviði efnafræði má nefna rannsóknir á áhrifum þorskalýsis og streitu á hjarta og maga. Sigmundur Guðbjarnason, fyrrverandi háskólarektor, stjórnaði verkefninu sem sýndi að lýsi og omega-3 fitusýrur hafa góð áhrif á hjartað og auka streituþol, en streita og mikil lýsisneysla hafði að sama skapi slæm áhrif á maga. Rannsóknir Efnafræðistofnu í samstarfi við fyrirtæki í rekstri leiddu m.a. til framleiðslu nýrra omega-3 afurða, og hafa rannsóknir annarra fyrirtækja einnig eflst við það.

Með sameiningu Jarðfræðistofnu, Jarðeðlisfræðistofnu og Norrænu eldfjallastöðvarinnar í Jarðvísindastofnun og flutningi hennar í Öskju varð til öflug rannsóknarstofa á sviði jarðvísinda. Stundaðar voru rannsóknir á ýmsum sviðum jarðfræði, setlagfræði, jarðeðlisfræði, landfræði og eldfjallafræði. Vísindamenn stofnunarinnar hafa



Sumar rannsóknir krefjast vandmeðfarinna tækja sem kalla á góða tækjaverði. Hér er Axel Sölvason við starf sitt sem tækjavörður í húsi Verkfræði- og raunvísinda-deildar, VR-III.


¹¹ *Raunvísindastofnun Háskólans 30 ára*, 12–13.

¹² Sigurður Steinþórsson, „Stjörnu-Odda draumur“, 3–4.

¹³ Einar H. Guðmundsson og Örnólfur E. Rögnvaldsson, „Þyngdarlinsur, dulstirni og hulduefni“, 24–25.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF



Í Íslendingabók segir Ari fróði að Íslendingar hafi upphaflega talið í árinu réttar 52 vikur eða 364 daga. En þá hafi þeir merkt „að sólargangi að sumarið munaði aftur til vorsins“; þ.e. árið var of stutt svo að sumarkoma varð stfellt fyrr. Þá lagði Þorsteinn surtur til á Alþingi að auknið yrði einni viku við sumarið sjöunda hvert ár. Þorsteinn hefur líklega búið á Hofstöðum á Þórsnesi á norðurströnd Snæfellsness. Á myndinni er sýnt hvernig hefur mátt greina hvernig sólsetur um vorjafndægur hefur færst til frá ári til árs. Teikningin er eftir Ólaf H. Torfason en fylgir grein eftir Þorstein Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu í Raunvísindadeild, um tímatal á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

meðal annars haft eftirlit með eldfjöllum landsins, og á árunum 1973–2010 mátti merkja fyrirboða eldsumbrota í 19 tilvikum; þar af var í tólf skipti unnt að gefa út viðvörun til almennings fyrir gos. Þannig var hægt, í samvinnu við Veðurstofu Íslands og Almannavarnir, að vara við eldgosi í Heklu, sem spáð hafði verið, í beinni útsendingu Ríkisútvarpsins hinn 26. febrúar árið 2000 klukkan sex síðdegis.¹⁴ Fræðimenn frá Jarðvísindastofnun voru við flestu búnir, eftir áralanga vöktun, þegar Eyjafjallajökull gaus árið 2010, og rannsóknir þeirra birtust meðal annars á forsíðu hins þekktu vísindarits *Nature* sama ár.

Rannsóknin á Grænlandsjökli er gott dæmi um að vísindarannsóknir eru í auknum mæli stundaðar í samstarfi við erlenda sérfræðinga. Sigfús Johnsen prófessor færði sig um set frá Raunvísindastofnun til Kaupmannahafnarháskóla þar sem hann hefur verið meðal þeirra sem eru í forsvari fyrir rannsóknum á Grænlandsjökli. Með því að bora niður í gegnum jökulinn fengust upplýsingar um veðurfar á norðurhveli jarðar í um 200.000 ár aftur í tímann. Vísindamenn Raunvísindastofnunar hafa meðal annars haft það verkefni að mæla þyngd íssins, en út frá því má sjá hitastig á þeim tíma sem snjórinn féll. Jökullinn sýnir miklar sveiflur í veðurfari í aldanna rás:

Mælingar ... hafa ennfremur sýnt að hitasveiflurnar geta á stundum gerst afar hratt. Samkvæmt nýjustu niðurstöðum er t.d. talið að fyrir um 11 þúsund árum hafi meðalhitastig hækkað um 15 gráður á tæpum 50 árum og þannig hafi á mannsaldri veðurfar við norðanvert Atlantshaf breyst úr ísaldarloftslagi í mildara loftslag. Til samanburðar má benda á að vísindamenn telja að svokölluð gróðurhúsaáhrif, sem

¹⁴ *Tölvupóstur.* Páll Einarsson 23.12.2010 og Daði Sveinsson, aðstoðarfréttamaður á RÚV 29.12.2010.



menn bera nokkurn kvíðboga fyrir, valdi 2–5°C hækkun á um 100 árum. Hinar náttúrulegu sveiflur, sem við höfum mælt í jöklinum, eru þannig miklu dýpri og skjótari.¹⁵

Eitt af stórum verkefnum Raunvísindastofnunar síðastliðna áratugi hefur verið rannsókn á íslenskum jöklum með íssjá. Á vegum stofnunarinnar var á árunum 1977–79 þróuð og smíðuð íssjá sem hefur „veitt merkilegar niðurstöður um óþekkta dali, firði og eldfjöll undir Vatnajökli, Mýrdalsjökli, Hofsjökli og Langjökli“.¹⁶ Óvíst er hvort þessar rannsóknir leiða til stofnunar sprotafyrirtækja eða einkaleyfa. Þær veita hins vegar vitneskju um landið og geta orðið verulega hagnýtar við vegagerð, skipulag varna við eldgosum, landnýtingu, gróðurvernd, mannvirkjagerð margs konar, auk þess sem unnt er að afmarka hve stór hluti jöklanna veitir vatni til fallvatna landsins. Helgi Björnsson vísindamaður sagði í grein sem tileinkuð var Þorbirni Sigurgeirssyni prófessor: „Í jöklamælingum, eins og annarri jarðeðlisfræðilegri könnun, er fátt hagnýtara en fræðileg þekking.“¹⁷ Hagnýting rannsókna er stundum áratugi að koma fram, en í mörgum tilvikum þjónar þekkingin engum hagnýtum tilgangi öðrum en þeim að fræða okkur um heiminn sem við lifum í. Að loknum liðlega þriggja áratuga rannsóknum Helga Björnssonar og samstarfsmanna hans á Raunvísindastofnun kom út bókinn *Jöklar á Íslandi* sem er stórvirki á þessum sviðum.

Á Reiknifræðistofu Raunvísindastofnunar hefur verið unnið á sviði hagnýtrar stærðfræði og tölvunarfræði. Auk útreikninga fyrir sjávarútveg, svo sem á samspili fiskistofna eins og þorsks og loðnu, hafa verið útbúin straumfræðileg reiknilíkön sem lýsa straumum grunnvatns og sjávar. Líkönin hafa meðal annars nýst við útreikninga á straumum í Mývatni, Hornafjarðarósi og í Gilsfirði. Einnig hafa verið útbúin reiknilíkön fyrir snjóflóð sem taka tillit til aðstæðna á landinu, og hafa þau nýst við gerð varnargarða fyrir snjóflóð og nýrra rýmingaráætlana á hættusvæðum. Sérfræðingar Reiknifræðistofu hafa einnig lagt sitt til upplýsingaiðnaðarins á Íslandi sem lýst er hér á eftir. Árið 2009 hlaut Hannes Jónsson prófessor 25 milljóna króna öndvegisstyrk Rannsóknasjóðs fyrir verkefnið Reiknisetur fyrir hönnun efna og íhluta.

Stærðfræðistofa Raunvísindastofnunar er vettvangur grunnrannsókna í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. „Eitt verkefna á Stærðfræðistofu hefur einmitt verið að semja ensk-íslenska orða-

¹⁵ *Raunvísindastofnun Háskólans 30 ára*, 22.

¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 196.

¹⁷ Helgi Björnsson, „Könnun jökla með rafsegulbylgjum“, 292.

skrá um stærðfræðihugtök sem nú er aðgengileg á Veraldarvefnum.¹⁸ Viðfangsefni innan greina stærðfræðinnar er m.a. að setja upp svokölluð net sem samanstanda af hnútum og leggjum. Útreikningar með netum eru til margra hluta nytsamlegir og henta sérstaklega vel við athugun á hvers konar flutningskerfum eins og strætisvagnakerfum. Netafræði við Háskólann hefur meðal annars verið beitt við rannsóknir á hitaveitukerfum.

Nýsköpunarfyrirtækið Marel varð til sem afsprengi rannsóknarverkefnis innan Raunvísindastofnunar Háskólans undir stjórn Rögnvalds Ólafssonar eðlisfræðings. Rögnvaldur leiddi saman kennara í eðlisfræði og tölvutækni, auk fólks sem þekkti til í fiskvinnslu og tveggja verkfræðistúdenta. Hugmyndin sem stúdentarnir unnu að var rafeindavog sem vigtaði fisk í hentugar pakkningar. Reynsla Raunvísindastofnunar af örtölvum og forritun þeirra var undirstaða þessa verkefnis.¹⁹ Fyrirtækið Marel var stofnað utan um þessa hugmynd árið 1983. Á vegum Upplýsinga- og merkjafræðistofu Verkfræðistofnunar og af verkfræðistudentum var áfram unnið að margvíslegum hagnýtum rannsóknarverkefnum í samvinnu við Marel.²⁰ Árið 2009 var fyrirtækið starfrækt í fimm heimsálfum með 850 starfsmenn eða fleiri en allir akademískir starfsmenn Háskóla Íslands voru á sama tíma.²¹ Forráðamenn Marels hafa ríkan skilning á mikilvægi rannsókna og leggja jafnan stóran hluta af veltu sinni í rannsóknir. Rögnvaldur Ólafsson hlaut útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 2008 fyrir frumkvöðlastarf á sviði vísinda.²²

Verkfræðingar höfðu lengi sinnt rannsóknnum, og þeir byggðu upp umfangsmikla rannsóknarstarfsemi á vegum Verkfræðistofnunar Háskólans. Starfi hennar var skipt upp í stofur sem tengdust skorum Verkfræðideildar: Aflfræðistofu, Jarð- og veptæknistofu, Vatnaverkerfræðistofu, Kerfisverkfræðistofu, Ljóstæknistofu, Upplýsinga- og merkjafræðistofu og Varma- og straumfræðistofu. Starfsemin breytist nokkuð eftir áhugasviðum og verkefnum prófessora. Verkfræðingar og raunvísindamenn þurfa oft sérhæfðar rannsóknarstofur og tæki til margvíslegra rannsókna, og skýrir það stundum hærrí fjárveitingar til þeirra greina en annarra. Síðustu tvo áratugi hafa tölvur leyst sum þessara tækja af hólmi, og unnt er að framkvæma margvíslegar mælingar, prófanir og tilraunir í fullkomnum tölvum.

Á vegum Aflfræðistofu voru stundaðar margvíslegar rannsóknir í fræðilegri aflfræði og tilraunaafllfræði fastra og fljótandi efna, og voru viðfangsefnin bæði á sviði byggingarverkfræði og vélaverkfræði.


¹⁸ *Raunvísindastofnun Háskólans 30 ára*, 28.

¹⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 196.

²⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 567–68, 591–92.

²¹ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 288. – Vef. Lbs. Ávarp Sigurðar Arnar Hilmarssonar formanns stúdentaráðs Háskóla Íslands við undirritun samnings um rannsóknir og kennslu.

²² *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 30.



Mikill hluti rannsókna á öllum fræðasviðum Háskólans er unninn af nemendum, einkum doktorsnemum. Það kom vel fram í Tímariti Háskóla Íslands árið 2010 þar sem þessi mynd var birt af Birni Agnarssyni, doktorsnema í eðlisfræði, en hann vann að þróun nýrrar örflögu sem notuð yrði í smásjám til að lýsa upp sýni.

Rannsóknir voru stundaðar í hafverkfræði þar sem kannað var sjólag umhverfis Ísland, áhrif haföldu á mannvirki og hagnýting orku úthafsöldunnar. Í tengslum við hafverkfræðina voru athugaðir möguleikar á að byggja flotbrú yfir Hvalfjörð. Af því varð ekki, heldur voru boruð göng undir fjörðinn. Á sviði aflfræði hefur mikil rækt verið lögð við rannsóknir í jarðskjálftaverkfræði, á áhrifum jarðskjálfta á byggingar og mannvirki, og þróuð voru líkön til að lýsa jarðskjálftum, en þær rannsóknir hafa síðan haldið áfram á vegum Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi.

Á Kerfisverkfræðistofu hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði stjórnæðni, stýritækni, samskiptatækni, gagnasamskipta, gagnaúrvinnslu, mælitækni og leiðsögu- og staðsetningartækni. Sérstaklega hefur verið unnið að umfangsmiklum rannsóknarverkefnum á sviði staðsetningarkerfa. Má þar nefna tölvukerfi til flugumferðarstjórnar, ratsjárvinnslukerfi, sjálfvirk tilkynningakerfi fyrir skip, fjölþjóðlega athugun á flugumferð yfir Norður-Atlantshaf og GPS-staðsetningarkerfi. Þróaður var þjálfunarhermir af Nesjavallavirkjun sem líkir eftir hegðun jarðvarmaorkuvers. Má nota hann til þjálfunar starfsmanna, margvíslegra prófana og kannana á eiginleikum versins, meðal annars með tilliti til rekstraröryggis.

Á Varma- og straumfræðistofu hefur meðal annars verið unnið að margvíslegum hitaveiturannsóknum. Þróað var hermilíkan fyrir hitaveitur þar sem unnt væri að líkja eftir hegðun kerfisins ef

einhverjum þætti þess væri breytt. „Teknir eru með í reikninginn allir þeir þættir, sem hafa áhrif á hegðun þess svo sem álagsbreytingar, stækkun hitaveitunnar og endurskipulagning eldri íbúðarhverfa. Slíkt hermílikan gagnast við leit að takmörkunum hitaveitukerfa og þeim atriðum, sem bæta má, auk þess sem það getur aðstoðað við val kosta við stækkun og breytingar á kerfinu.“²³ Hönnuð voru tölfræðileg líkön af varmaorkuverum, könnuð bestun á orkugjöfum til húshitunar og rennsli á vatni í borholum með heitu vatni. Einnig upphitun á strætisvögnum með hitaveituvatni til að koma í veg fyrir mengun þegar vagnar eru í lausagangi. Á vegum Verkfræðistofnunar hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu.

Hjá Upplýsinga- og merkjafræðistofu var lögð áhersla á merkjafræði, fjarkönnun, tölvumyndvinnslu og fleira. Í fjarvinnslu var unnið að nokkrum rannsóknarverkefnum til eflingar á greiningarhæfni og þróunar á aðferðum. Með fjarkönnunarmælingum var rannsökuð gróðureyðing og uppræðsla á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, teknar hitamyndir af Surtsey, talin hreindýr á virkjunarsvæði við Kárahnjúka og mæld gróðurþekja á Eyjabökkum. Í vatnaverkfræði voru meðal annars rannsökuð áhrif loftslagsbreytinga á aurfyllingu lóna og fylling Háslóns við Kárahnjúka skoðuð sérstaklega. Næst lá beint við að rannsaka öryggi stíflu- eða vatnavirkja. Einnig var reynt að áætla hvað gerist ef stíflur bresta og flóð verða; allt miðar að því að minnka áhættu og auka öryggi. Brunaverkfræði er ein þeirra greina sem kenndar hafa verið síðustu ár, og tók Verkfræðistofnun þátt í evrópsku rannsóknarverkefni á því sviði. Þá kom sér vel að geta verið með tölvuefirlíkingar af gassprengjum í lokuðu rými í stað þess að reyna slíkt í tilraunastofu.²⁴

Á nær öllum sviðum verkfræði hefur á síðustu áratugum verið unnið að fjölda verkefna sem tengjast læknisfræði eða heilbrigðisvísindum. Þannig var á Aflfræðistofu rannsökuð aflfræði gervifótar allt frá hæl og fram í tá. Á vegum Ljóstæknistofu voru mældir útfjólubláir geislar sem geta haft áhrif á húðkrabbamein og augnsjúkdóma, og kannað samhengi ljóss og skammdegisþunglyndis. Með merkjafræði var unnið að greiningu á frumum frá leghálsi með hjálp gervitauganeta. Þau hafa einnig verið notuð til að rannsaka heilalínurit, flokka svefngögn og greina geðklofa. Hönnuð voru forrit til gagnþjöppunar á heilaritum. Rafmagnsverkfræðingar hafa rannsakað gallblöðruna og greint langtímatruflanir í hjartarafboðum. Á árunum 1992–96

²³ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 576.

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 176–77.

var í samvinnu við Landspítalann og sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hannaður hágæða filmuskanni til að koma röntgenmyndum og sneiðmyndum af pappír eða filmu yfir á þjappað form og senda í tölvutæku formi milli staða. Í samvinnu við Landspítalann var einnig unnið að greiningu á röntgenmyndum og segulómmyndum af sama sjúklingi til að meta árangur af krabbameinsmeðferð. Frá árinu 2005 hafa hjá Verkfræðistofnun verið rannsakaðir möguleikar á að græða gervifót við lærlegg og hver væri hagkvæmasta lögun á slíkum ígræðlingi. Þróuð voru líkön sem herma eftir mekanískri svörun beina. Einnig mætti nota slík líkön til að kanna styrk beina hjá fólki með beinþynningu.

Árið 2008 var svo stofnað Rannsóknasetur í kerfislíffræði þar sem má segja að hafi verið sameinaðar í eitt setur heilbrigðisgreinar, raunvísindi og verkfræði, sem er gott dæmi um samvinnu vísindagreina, en lífvísindi hafa verið vaxandi fræðasvið víða erlendis á síðustu árum.

Árið 2008 hlaut Bernhard Örn Pálsson, gestaprófessor við Háskóla Íslands og prófessor í lífverkfræði við University of California í San Diego, 2,4 milljóna evra styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu (*European Research Council*, ERC). Styrkurinn rann alfarið til Háskóla Íslands og var þá stærsti rannsóknarstyrkur sem komið hafði til skólans. Styrkurinn var nýttur til að koma á stofn Rannsóknasetri í kerfislíffræði. „Bernhard hefur verið leiðandi á sínu sviði í aldarfjórðung og marka rannsóknir hans í kerfislíffræði upphaf nýrra tíma á sviði lífvísinda.“²⁵ Hjá Rannsóknasetri í kerfislíffræði hefur verið unnið „að því að þróa aðferð til að láta svifþörungum nýta sér koldíoxíð úr jarðvarmaorkuverum ásamt ódýru rafmagni til að framleiða verðmæt efnasambönd“.²⁶ Tveimur árum síðar var Bernhard ráðinn til að veita forstöðu *The Novo Nordisk Foundation Center for Biosustainability* við Tækniháskóla Danmerkur (DTU) til að þróa sjálfbæran lífefnaiðnað, og fékk hann til þess 15 milljarða króna í tannfé.²⁷

Gott dæmi um hlut Háskóla Íslands í þróun samfélagsins er þáttur hans í þróun upplýsingaiðnaðar hér á landi. Reiknistofnun og Raunvísindastofnun Háskólans fluttu inn fyrstu stórtölvurnar til rannsókna árið 1964. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR) höfðu reyndar starfrækt tölvur frá 1951, en þær voru ekki notaðar til kennslu eða rannsókna.²⁸ Háskólinn hóf síðan kennslu í reiknifræði og tölvunarfræði og var leiðandi á því sviði um langt



Öll háskólastarfsemi, kennsla og rannsóknir, krefst fólks sem gerir hreint eftir starfsemi dagsins. Hér er Ragnheiður Birna Úlfarsdóttir að þrifa í kjallara húss Verkfræði- og raunvísindadeildar, VR-III, 3. nóvember 1992.

²⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 27.

²⁶ *Morgunblaðið* 23. jan. 2011, 34.

²⁷ *Vef. mbl.is*. Íslendingur stýrir rannsóknarmiðstöð í lífefnaiðnaði.

²⁸ Óttar Kjartansson, *Upplýsingaiðnaður í hálföld*, 30.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

árabil. Þekking á upplýsingatækni og tölvunarfræði færðist áfram út í atvinnulífið og til þjóðarinnar allrar, meðal annars fyrir atbeina Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.²⁹ Á grundvelli þessa hefur með árunum orðið til öflugur iðnaður sem byggist á tölvutækni og skapar miklar gjaldeyrstekjur, auk þess sem tölvur eru ein af undirstöðum atvinnulífsins. Tölvur og upplýsingakerfi eru í dag eins mikilvægar samfélaginu og taugakerfið mannum. Reiknistofnun Háskólans vann frumkvöðlastarf þegar komið var á nettingum og þær þróaðar til að þjóna öllu landinu, eins og rakið verður í þætti um Reiknistofnun annars staðar í þessu riti (III.6.6). Háskóli Íslands hefur augljóslega átt þátt í þessari þróun ásamt mörgum öðrum. „Hugvit á heimsvísu“ var fyrirsögn Morgunblaðsins 3. október 1997. Í fréttinni er talað um stórsókn íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja undanfarin ár á erlend mið, sem hleypt hafi nýju lífi í íslenskan tölvuheim og skapað gífurlega þenslu undanfarin tvö til þrjú ár. Frá árinu 1990 til 1997 hafði útflutningur á hugbúnaði nær hundradfaldast, en árið 1996 nam hann tæpum milljarði og allt útlit fyrir að hann ætti eftir að halda áfram að vaxa.³⁰ Það eru gjarnan þeir einstaklingar sem bera fræðin út úr skólanum, sem blómstra á vettvangi atvinnulífsins.

Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræði, var einn af frumkvöðlum upplýsingaiðnaðar á Íslandi, allt frá því er hann tók á móti fyrstu tölvu Háskólans 1964, byggði upp nám í tölvunarfræði og var óþreypandi að halda endurmenntunarnámskeið um gæðakerfi í forritun og fjölmargt fleira. Einn af mörgum uppeldissonum hans í fræðunum er Friðrik Skúlason sem brautskráðist sem tölvunarfræðingur frá Raunvísindadeild Háskóla Íslands 1989. Hann var starfsmaður Reiknistofnunar Háskólans á árunum 1983–88; sprotafyrirtæki hans í Tæknigarði 1988–93 sprengdi utan af sér húsnæðið, hann þróaði tölvuveirubannann Lykla-Pétur, villuleitarforritið Púka, ættfræðiforritið Espólín og á grunni ættfræðiforrítsins gagnasafnið Íslendingabók í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu frá 1997. Hann veitti landsmönnum endurgjaldslausan aðgang að Íslendingabók, sem margir hafa haft bæði gagn og ánægju af, en Íslendingabók mun vera eini ættfræðigrunnurinn sem nær til heillar þjóðar.³¹

Sprotafyrirtæki í upplýsingaiðnaði skipta hundruðum frá því landsmenn fóru að byggja upp þessa atvinnugrein. Fyrirtækið Hugvit, sem stofnað var 1993, hefur verið stórvirkt í útflutningi á hugbúnaði til skjalastjórnar. Tölvuleikjafyrirtækið CCP, sem stofnað

²⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 300.

³⁰ *Fréttabréf Háskóla Íslands* XIX:6, 12.

³¹ *Tæknigarður 20 ára*.



var 1997, er með fjölda viðskiptavina sem spila m.a. tölvuleikinn Eve Online. Háskóli Íslands á mikilvægan þátt í að byggja upp það upplýsingaþjóf félag sem þessi fyrirtæki spretta úr.

Fyrir í þessu riti var sagt frá því hvernig ferðamálafræði hefur byggst upp sem námsgrein við Háskóla Íslands samhliða fjölgun ferðamanna (III.3.3). Eitt þeirra verkefna sem hafa fengið styrk fjallaði um söguslóðir Spánverja á Vestfjörðum. Þannig skila sum verkefni öðrum hagnaði en þeim sem varð kveikjan að þeim, en það var verkefnisstjóri Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum sem fékk þessa viðurkenningu. Á mörgum sviðum náttúruvísinda byggja vísindamenn skólans upp ný rannsóknarsvið. Árið 2010 fengu vísindamenn við skólann báða öndvegissstyrkina sem Rannsóknasjóður Rannís úthlutar. Prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands hlaut góðan stuðning til afburðaseturs í ljósskauteindatekni, og prófessor í Líf- og umhverfiseild hlaut styrk til rannsókna á bleikju, en að baki hverju verkefni er jafnan teymi vísindamanna.³² Þannig halda rannsóknir í náttúruvísindum og verkfræði áfram að þróast.

3. Heilbrigðisvísindi

Tengsl Landspítalans og Háskóla Íslands hvíla á gömlum grunni og ná allt aftur til stofnunar spítalans. Í maí 2001 undirrituðu háskóla- rektor og forstjóri Landspítalans samstarfssamning um uppbyggingu háskólasjúkrahúss og um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Með samningnum, sem byggði á lögum frá 1. maí 1999, var fyrirhugað að efla spítalann sem háskólasjúkrahús, þannig að fræðileg og verkleg menntun heilbrigðisstétta á Íslandi yrði sambærileg því sem best gerist á hliðstæðum sjúkrahúsum erlendis. Í framhaldi fékk Landspítalinn fulltrúa á háskólafundi.³³

Fjöldi rannsóknarstofa á heilbrigðisviði hefur verið starfræktur á Landspítalanum síðustu áratugi. Þar eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir, bæði hagnýtar og þær sem varða þjónustu, sem og grunnrannsóknir á sviði sýklafræði, veirufræði, ónæmisfræði, meinafræði, krabbameinsfræða, næringarfræði og á fleiri sviðum. Í tengslum við allar námsbrautir Læknadeildar og síðar Heilbrigðisvísindasviðs hafa verið reknar rannsóknarstofur. Hin síðari ár hafa sérfræðingar á sviði heilbrigðisvísinda í auknum mæli haslað sér völl í einka- fyrirtækjum.

Árið 2005 voru í fyrsta sinn veittar akademískar nafnbætur til starfsmanna sem vinna á stofnunum í samstarfi við Háskóla Íslands.

³² Vef. HÍ. Vísindamenn við HÍ fá yfirgnæfandi meirihluta styrkja úr Rannsóknasjóði.

³³ *Árbók Háskóla Íslands* 2001, 17.

„Akademísk nafnbót er í flestum tilvikum veitt í tengslum við einhverja af heilbrigðisvísindadeildum Háskóla Íslands.“³⁴ Nafnbótin er veitt á grundvelli hæfnisdóms dómnefndar og sem viðurkenning á akademísku hæfi. Þannig hefur tugum starfsmanna á Landspítala, hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri stofnunum verið veitt slík viðurkenning, en þeir sinna oft stundakennslu við skólann.

Í Ritaskrá Háskólans er yfirlit yfir rannsóknir vísindamanna. Þar hafa lyfjafræðingar verið mikilvirkir; á sviði læknis- og hjúkrunarfræði eru rannsóknir umfangsmiklar og fræðimenn í sjúkraþjálfun og tannlækningum hafa sótt í sig veðrið síðustu áratugi.

Þótt kennarar Lyfjafræðideildar hafi verið fálíðaðir tókst þeim á síðustu áratugum að byggja upp sterkan rannsóknargrunn sem varð undirstaða að frekari uppbyggingu framhaldsnáms sem talið er standast samanburð við nám í lyfjafræði annars staðar á Norðurlöndum. Allir útskrifaðir lyfjafræðingar hafa unnið fjögurra mánaða rannsóknarverkefni sem hluta af MS-námi. Rannsóknir og kennsla í lyfjafræði við Háskóla Íslands hefur leitt til nýrra atvinnutækifæra í lyfjafræði og almennt til þekkingarsköpunar fyrir íslenskt samfélag á sviði lífvísinda. Árið 1987 útskrifuðust fyrstu lyfjafræðingarnir með kandiðatspróf í greininni að loknu fimm ára námi.³⁵ Talið er að þann mikla uppgang sem hefur verið í lyfjaframleiðslu á Íslandi síðustu ár megi tengja þeirri ákvörðun.³⁶ Brautskráðir lyfjafræðingar hafa fundið vinnu við hæfi, og fyrirtæki og stofnanir hafa notið góðs af því. Rannsóknarþjálfun á sviði lyfjafræði nýttist þó ekki einungis við hefðbundnar lyfjafræðilegar rannsóknir, heldur hafa þær einnig verið þáttur í stærri heildarmynd rannsókna þar sem einstakar greinar styðja hver aðra. Með vaxandi samstarfi og samvinnu rannsóknarhópa á mismunandi fræðasviðum, hefur verið hægt að takast á við og leysa flóknari og viðameiri verkefni en ella.

Kennarar Lyfjafræðideildarinnar eru virkir vísindamenn hver á sínu sviði og þátttaka þeirra í hinu alþjóðlega vísinda- og rannsóknarsamfélagi hefur vaxið hin síðari ár. Afköst kennara Lyfjafræðideildar í rannsóknum hafa á síðustu árum verið mikil.³⁷ Þeir hafa jafnframt verið mjög virkir í alþjóðlegu fræðistarfi, setið í ritstjórn tímarita, andmælt við doktorsvarnir og borið af lyfjafræðiskólum í Bandaríkjunum í birtingu vísindagreina.³⁸

Kennarar Lyfjafræðideildar eru í rannsóknarsamstarfi við vísindamenn í öðrum deildum Háskólans, innlendar og erlendar rann-

³⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 2009, 23.

³⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1984–85, 45.

³⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 139.

³⁷ *Vef: HÍ. Rannsóknastig Háskóla Íslands.*

³⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 146.

sóknarstofur og alþjóðleg lyfjafyrirtæki. Rannsóknirnar hafa leitt til fjölda einkaleyfa, og sprotafyrirtækin Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Lyfjapróun, Líf-Hlaup og NaturImm eru afsprengi rannsóknarvirkni kennara deildarinnar.

Í janúar 2011 samþykkti deildarfundur Lyfjafræðideildar að setja á stofn Lyfjavísindakjarna – rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum, sem væri rammi um þær rannsóknir sem stundaðar eru við Lyfjafræðideild. Við Lyfjavísindakjarnann eru þrjár rannsóknarstofur, Rannsóknastofa í lyfjaefnafræði, en þar er unnið að rannsóknum á sviði lyfjaefnafræði, lyfja- og efnafræði náttúruefna og lyfjagreiningartækni. Helstu verkefni eru smíði nýrra lífvirkra efna, leit að virkum efnunum í plöntum og sjávarlífverum og greining lyfja og umbrotsefna í lífsýnum. Í Rannsóknastofu í lyfjagerðarfræði beinast rannsóknirnar að þróun og hönnun nýrra lyfjaforma, einkum til lyfjagjafar á slímhúð, með áherslu á að auka leysni torleystra lyfja og bæta flæði um líffræðilegar himnur. Áhersla hefur verið lögð á þróun nefúðalyfja, augnlyfja og endaparmslyfja, sem og á bóluefni. Við Rannsóknastofu í lyfjafaraldsfræði og klínískri lyfjafræði hefur verið unnið á sviði lyfjafaraldsfræði, að stefnumótun og stjórnun lyfjamála, klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði.³⁹

Um aldamótin 2000 voru liðlega 20 sérfræðisvið læknisfræði við Háskóla Íslands, allt frá augnsjúkdómafræði til veirufræði. Meirihluti rannsókna í læknisfræði er birtur í fagtímaritum, kynntur á veggspjöldum eða í fyrirlesturum á ráðstefnum erlendis. Á ársfundum, þingum og í tímaritum fagstétta hér á landi er algengara að fræðistörfin séu kynnt á íslensku. Þaðan leita niðurstöður inn í fjölmiðla sem telja ferskar rannsóknarniðurstöður gott fréttaeefni, enda mikið í mun að rannsóknir á heilsufari berist til almennings. Sérfræðingar heilbrigðisstétta miðla einnig nýjum rannsóknum erlendis frá og heimfæra á Ísland. Af mörgu er að taka, en nýleg dæmi eru ábendingar um að transítusýrur í matvælum geti leitt til ótímabærs dauðdaga.

Allt frá því að Björn Sigurðsson vann sitt heimskunna brautryðjandastarf á Keldum í rannsóknum á hæggingum veirusjúkdómum hafa fjölmargir vísindamenn á Keldum haldið áfram því starfi með rannsóknum, allt frá gangi, smithegðun og meinafræði visnu og mæði yfir í sameindalíffræðilegar rannsóknir síðustu ára. Umfangsmiklar faraldsfræðirannsóknir hafa farið fram á mörgum sviðum. Júlíus Sigurjónsson gerði merkar manneldisrannsóknir

³⁹ *Tölvupóstur. Þórdís Kristmundsdóttir prófessor 24.02.2011.*



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Á Keldum, rétt fyrir vestan Vesturlandsveg á leið upp í Mosfellsbæ, er ein mikilvægasta rannsóknarstofnun Háskólans, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.



kringum 1940 sem lögðu grunn að þekkingu á mataræði Íslendinga. Á síðustu árum hafa Inga Þórsdóttir og samstarfsfólk einkum lagt stund á næringarfræði meðgöngu og vaxtarára. Viðamiklar rannsóknir í faraldsfræði gigtsjúkdóma, augnsjúkdóma, lungnasjúkdóma, ofnæmis, efnaskiptasjúkdóma og sjúkdóma í beinum hafa verið í gangi, auk þess sem Hjartavernd rekur öfluga rannsóknarstofu þar sem greindir hafa verið fjölmargir áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma og fylgst með heilsufari þúsunda manna. Með faraldsfræðilegum aðferðum hefur m.a. tekist að rekja ættgengt heilablóðfall, svonefnt mýlildi, til stökkbreytingar hjá einstaklingi sem uppi var á 17. öld í Barðastrandarsýslu. Á sviði krabbameinsrannsókna hefur orðið til umfangsmikil krabbameinsskrá, byggð á vandaðri meinafræðilegri flokkun sem felur í sér efnivið til frekari rannsókna. Í svonefndu Dungalssafni eru geymd vefjasýni úr liðlega 250.000 Íslendingum sem eru mikilsverð til samanburðarrannsókna. Jórunn Erla Eyfjörð, Helga M. Ögmundsdóttir og fleiri samstarfsmenn hafa átt þátt í að skilgreina hlutverk BRCA2-gensins í tilurð og meinþróun krabbameins í brjósti, en við fund þess leynist hugsanlega lykill að lækningu. Á ýmsum sviðum grunnrannsókna hefur verið unnið merkilegt starf; í ónæmisfræði, frumulíffræði æðapels, súr-efnisbúskap augans, stofnfrumu- og þroskunarfræði, svo að örfá dæmi séu nefnd. Eitt af einkennum rannsókna í læknisfræði er hið mikla samstarf við nálægar fræðigreinar. Þannig hefur stór hluti



þeirra sem lokið hafa doktorsprófi frá Læknadeild haft aðra grunnmenntun en læknisfræði, og eru líffræðingar fjölmennastir.

Um langt árabíl var starfandi erfðafræðinefnd við Háskóla Íslands. Síðar bættust rannsóknarprófessorinn Eiríkur Steingrímsson og Jón Jóhannes Jónsson dósent í hóp þeirra sem unnu að erfðafræði og beindu sjónum að stofnfrumurannsóknum, klónun og fleiri sviðum. Mikilvirkastur hefur þó verið Kári Stefánsson sem lauk doktorsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1988. Eftir sérfræðistörf erlendis, og mjög stuttan stans sem forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum, stofnaði hann líftæknifyrirtækið deCode árið 1996 og skömmu síðar Íslenska erfðagreiningu sem hefur aðsetur í túnfæti háskólalóðarinnar. Fyrirtækið varð ein stærsta rannsóknarstofa landsins á sviði heilbrigðisvísinda. En einn maður færir ekki fjöll. Sérfræðingar í sameindalíffræði, sem kennd hefur verið við Háskóla Íslands í ára-ráðir undir forystu Guðmundar Eggertssonar prófessors, auk fjölda annarra fræðimanna, hafa gert draum manna um leit að erfðavísnum sem valda sjúkdómum á Íslandi að veruleika, og þar hafa sérfræðingar Íslenskrar erfðagreiningar lagt þung lóð á vogarskálarnar. Hluti þeirrar þekkingar getur orðið til að lina þjáningar eða lækna sjúkdóma og þróa ný lyf. Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar hafa verið leiðandi á þessu sviði. „Engin stofnun í heiminum í dag kemst nálægt Íslenskri erfðagreiningu í árangri í rannsóknum á mannerfðafræði“, sagði Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor í brautskráningarræðu í júní 2010. Skömmu áður höfðu Íslensk erfðagreining, Landspítalinn og Háskóli Íslands sett á stofn Mannerfðafræðistofnun Íslands „í þeim tilgangi að efla rannsóknir í mannerfðafræði og veita nemendum í framhaldsnámi og ungum vísindamönnum tækifæri til þjálfunar“.⁴⁰ Agnar Sturla Helgason lauk meistaraprófi í mannfræði frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 1995, áður en hann hóf framhaldsnám við Oxfordháskóla.⁴¹ Í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu rannsakaði hann erfðir Íslendinga, varpaði ljósi á uppruna þeirra og skyldleika við Norðmenn og fólk á Bretlandseyjum og staðfesti þannig ákveðna sýn á landnám Íslands. Eða eins og Kári Stefánsson, rannsóknarprófessor Háskólans, orðar það: „Þetta lítur þannig út að Ísland hafi verið numið af norskum strákum, sem stoppuðu á Bretlandseyjum, pikkuðu upp konur, fluttust til Íslands og settust þar að.“⁴² Agnar Sturla hefur síðar verið stundakennari í mannfræði við Háskóla Íslands, en auk þess á mikill fjöldi sérfræðinga á ýmsum rannsóknarstofum Háskólans samstarf við Íslenska erfðagreiningu.

⁴⁰ Vef. HÍ. Kristín Ingólfssdóttir, Brautskráningarræða 12. júní 2010.

⁴¹ Agnar Helgason, „Uppruni Íslendinga: vitnisburður erfðafræðinnar“.

⁴² *Morgunblaðið* 16. jan. 2011, 18.

Rannsóknir við Tannlæknadeild hófust með könnunum á tann- og munnheilsu Íslendinga, og nokkrar vísindagreinar birtust á árunum eftir 1972, þegar deildin var orðin sjálfstæð. Síðan þá hefur umfang og viðfangsefni rannsókna aukist ár frá ári. Upplýsingar úr fyrstu rannsóknum hafa reynst dýrmætar og hafa nýst til framhaldsrannsókna, einkum gagnasafn Þórðar Eydal Magnússonar, prófessors emeritus, sem hefur orðið grundvöllur langtímarannsókna, vísindagreina og doktorsverkefna í tannréttingum.

Tannskemmdir hafa verið mikið vandamál á Íslandi, og kennarar Tannlæknadeildar hafa því unnið við víðtækar rannsóknir á tíðni tannskemmda og á leiðum til að auka skilvirka tannvernd. Rannsóknir á tannfyllingum og endurgerð þeirra hafa verið unnar um árabíl við deildina. Einnig hafa verið rannsakaðar greiningaraðferðir og orsakir tannskemmda, svo sem bakteríuflóra, munnvatn og mataræði. Fjöldi greina hefur birst á undanförunum árum í vísindaritum um íslenskar rannsóknir á þessu sviði, og þær hafa einnig leitt til nokkurra doktors- og meistaraþrófa við Háskóla Íslands og við erlenda háskóla. Annar skyldur sjúkdómur, glerungseyðing tanna, hefur vakið athygli hérlendis, og er deildin í öflugu samstarfi við erlenda aðila um rannsóknir á útbreiðslu og orsökum glerungseyðingar og á leiðum til að koma í veg fyrir hana. Rannsóknir hafa verið gerðar á tannheilsu Íslendinga til forna, og í réttartannlæknisfræði er unnið að skráningu tannþroska til aldursgreiningar. Tannholdsbólga hefur verið rannsökuð vegna sérstakrar bakteríuflóru og afleiðinga sjúkdómsins fyrir almennt heilsufar. Á síðustu árum hafa yfir 20 greinar verið birtar í erlendum tímaritum um íslenskar rannsóknir á tannholdsbólgu.⁴³

Peter Holbrook hefur unnið með Lyfjafræðideild að þróun lyfja til notkunar gegn munnholssjúkdómum, og fengu þær rannsóknir viðurkenninguna *Innovation in Oral Care Award* 2005. Nokkur meistara- og doktorsverkefni hafa tengst þessu verkefni, og sprotafyrirtækið Líf-Hlaup var stofnað 1998 í sambandi við það. Í samstarfi við Læknadeild, Landspítalann og Krabbameinsfélag Íslands hefur verið unnið að rannsóknum á sjúkdómum í munnslímhúð, sérstaklega flatskæningi (*lichen planus*) og tengslum hans við munnkrabbamein. Á síðari árum hefur orðið bylting í notkun svonefndra tannplanta við enduruppbyggingu tyggingarfæra, og hefur Tannlæknadeild tekið virkan þátt í rannsóknum á því sviði. Í samvinnu við erlenda háskóla hefur Tannlæknadeild birt fjölda rannsókna sem

⁴³ *Tölvupóstur*. Teitur Jónsson dósent 1.02. 2011.



Deigi vísindanna, 25. september, var fagnað um alla Evrópu árið 2009. Á Íslandi hélt Rannís vísindavöku þar sem margs konar vísindi voru kynnt. Hér eru kynntar niðurstöður rannsókna á vannýtingu lyfja á Íslandi.

tengjast notkun tannplanta í tannlækningum og uppbyggingu í munnholli.

Rannsóknarsvið Hjúkrunarfræðideildar er fjölbreytt og hefur mótast af sérhæfingu kennara. Í rannsóknum sínum hafa þeir lagt ríka áherslu á samvinnu við hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar, sérstaklega yfirstjórn hjúkrunar á Landspítala sem hefur meðal annars tekið þátt í rekstri Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, en hún var stofnuð árið 2001. Af rannsóknarsviðum má nefna rannsóknir á óværd ungbarna og þjónustu við foreldra þeirra. Mörg verkefni tengjast sjúklingum með erfiðleika í lungum og þróun hjúkrunarþjónustu fyrir þá og fjölskyldur þeirra. Unnið var að innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Landspítala sem hefur, auk þess að efla skilning á stöðu aðstandenda, leitt til ýmissa rannsóknarverkefna og fjölgunar framhaldsnema á því sviði. Rannsóknir á verkjum og verkjameðferð eru fyrirferðarmikið rannsóknarsvið hjá deildinni, og rík áhersla er á að þróa starfsaðferðir á þessu sviði í samvinnu við hjúkrunarfræðinga á Landspítala.

Mörg rannsóknarverkefni kennara og framhaldsnema hafa tengst samfélagslegum aðstæðum fólks og viðfangsefnum á ólíkum tímarskeiðum ævinnar eins og meðgöngu og fæðingu, líðan skólabarna, heilbrigði kvenna og breytingum á heilsufari samfara hækkandi aldri. Mörg þeirra hafa verið unnin í samstarfi við heilsugæsluna. Má þar nefna verkefni sem tengjast líðan aldraðra sem búa heima



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

eða dveljast á stofnunum sem og líðan aðstandenda þeirra. Sömu leiðis hafa ofbeldi í nánnum samböndum, notkun ávanabindandi efna og kynhegðun ungmenna verið rannsökuð. Loks hafa margir kennarar fjallað með einum eða öðrum hætti um stefnumörkun stjórnvalda, skipulag heilbrigðisþjónustunnar, öryggi á vinnustöðum, vinnuvernd starfsmanna og fleira.⁴⁴

Eftir að Rannsóknastofa í hreyfivísindum var stofnuð árið 2003 tóku rannsóknir í sjúkráþjálfun að eflast til muna. Stundaðar hafa verið rannsóknir á ýmsum sviðum hreyfivísinda og sjúkráþjálfunar, svo sem á hreyfingu og þreki barna og fullorðinna, hreyfiþroska barna, meiðslum í íþróttum og forvörnum gegn þeim, styrk grindarbotnsvöðva eftir barnsburð, gönguþjálfun hjá fólki með parkinsonveiki, hreyfistjórn eftir hálsáverka, stjórn jafnvægis hjá öldruðum, þjálfun sjúklinga eftir heilablóðfall, þjálfun eftir hjartaaðgerðir og áhrifum jafnvægisþjálfunar á hreyfihömluð börn, svo aðeins séu nefnd fáein dæmi. Árið 2009 fékk Rannsóknastofa í hreyfivísindum fullkominn tækjabúnað til rannsókna á hreyfingum í þrívídd sem bætir til muna aðstöðu til rannsókna.

Tvær öflugar rannsóknareiningar fluttust yfir á heilbrigðisvísindasvið þegar sviðið varð til á miðju ári 2008, næringarfræði frá Raunvísindadeild og sálfræði frá Félagsvísindadeild, og vísar það á nálgun greinanna við heilbrigðisfræði. Í næringarfræði hefur heilbrigði mjólkur verið rannsökuð og þannig tengist hún lýðheilsuvísindum sem er vaxandi vísindagrein á sviðinu. Klínískt nám í sálfræði hefur fært greinina inn á svið heilbrigðisvísinda, og hafa sálfræðingar meðal annars rannsakað gaumstol, spilafíkn, dulræna reynslu, átröskun, höfuðáverka, málstol, sálfræði ritmáls og talmáls, svo aðeins séu nefnd fáein dæmi.

Jón Bragi Bjarnason prófessor í efnifræði stundaði um árabíl rannsóknir á þorskensímum úr fiskslógi. Í framhaldi af því stofnaði hann fyrirtækið Ensímtækni sem seldi snyrtivörur og síðar lyf eftir klínískar prófanir erlendis.⁴⁵

Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor var einn af stofnendum sprotafyrirtækisins SagaMedica árið 2000, en það selur náttúruvörur eða fæðubótarefni í formi jurtaveiga og taflna úr ætíhvönn og fleiri íslenskum jurtum. Rannsóknir Sigmundar og samstarfsmanna hans á íslenskum lækningajurtum, sem hófust 1992, sýndu að efni í þeim hafa hamlandi áhrif á ýmsa kvilla, en ekki síst á krabbameinsfrumur og myndun krabbameinsæxla.⁴⁶ Um aldir hefur verið þekkt að fjöl-

⁴⁴ *Tölvupóstur*. Kristín Björnsdóttir prófessor 31.01.2011.

⁴⁵ Sigmundur Guðbjarnason, „Jón Bragi Bjarnason. Minning.“

⁴⁶ HÍ. Sigmundur Guðbjarnason rektor Háskóla Íslands 1985–1991, kvikmyndaviðtal. – *Vef*: SagaMedica.





*Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra heimsótti Lífvísindasetur í Lækna-
garði 19. október 2010. Þar
eru stundaðar rannsóknir í
erfða-, frumu- og sameinda-
líffræði. Magnús Karl
Magnússon prófessor kynnti
ráðherra starfsemi setursins.*

margar jurtir hafa lækningamátt, og var ætíhvönn m.a. af þeim sökum talin meðal sérstakra hlunninda á bújörðum landsmanna. Með rannsóknum er unnt að finna út hvaða efni eru virk gegn sjúkdómum. Klínískar rannsóknir á virkni þessara efna hófust árið 2010, en áður en niðurstöður þeirra liggja fyrir vilja vísindamenn almennt ekki skrifa upp á virkni þeirra. Reynir Tómas Geirsson, forseti Lækna-
deildar, varaði við því að lyfjafyrirtæki auglýstu efnablöndur sem allra meina bót nema fram hafi farið klínískar prófanir á lyfjunum, en á það virtist stundum skorta, jafnvel hjá fræðingum sem ættu að vita betur.⁴⁷ Lyfjafyrirtæki um allan heim keppast við að finna jurtir og aðrar lífverur sem unnt væri að vinna hin náttúrulegu lyfjaefni úr og fá svo einkaleyfi á öllu saman, en um það hefur Valdimar T. Hafstein, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, skrifað lærðar greinar.⁴⁸ Flestar jurtir eru þekktar en aðeins um tíundi hluti þeirra er hagnýttur. Vísindamenn beina einnig sjónum að lífverum sem menn hafa ekki áður uppgötvað, meðal annars þeim sem koma upp úr hafdjúpunum í rannsóknarverkefni Líffræðistofnunar og samstarfsaðila á botndýralífi við Íslandsstrendur. Verkefnið, sem er undir stjórn Jörundar Svavarssonar prófessors og samstarfsmanna hjá Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur aðsetur í Sandgerði. Alls 37 áður óþekktar lífverur hafa verið uppgötvaðar á grundvelli þessa verkefnis og um 1.000 nýjar tegundir greindar, sem ekki voru áður þekktar á Íslandsmiðum.⁴⁹

⁴⁷ Reynir Tómas Geirsson, „Villandi auglýsingar um óþarfa“, 37.

⁴⁸ Valdimar Tryggvi Hafstein, „The Politics of Origins“, 300–15.

⁴⁹ *Tölvupóstur*. Jörundur Svavarsson prófessor 10.01.2011.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Hópur fyrirtækja sem tengjast Háskólanum og Tæknigarði sterkum böndum eru lyfjafyrirtæki, til dæmis Omega Pharma og Lyfjaþróun. Síðarnefnda fyrirtækið var stofnað árið 1991. Þar voru fjórir starfsmenn þegar það var starfrækt í Tæknigarði árið 1998, en þeim fjölgaði ört og voru orðnir 32 árið 2004. Lyfjaþróun vann með nýjum aðferðum við lyfja- og bóluefnagjafir í samvinnu við Háskóla Íslands og erlend fyrirtæki og stofnanir.⁵⁰ Fyrirtækið hlaut nýsköpunarverðlaun Rannís og sameinaðist árið 2007 Actavis-samstæðunni, eins og fleiri sprotafyrirtæki í lyfjaiðnaði höfðu gert.

Árið 2008 var sprotafyrirtækið BP lífefni ehf. stofnað. Það byggir á rannsóknum sameindalíffræðinga við Háskóla Íslands og vísindamanna við Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Fyrirtækið vann að þróun lyfja sem vinna á bakteríum með því að örva framleiðslu bakteríudrepani efna í líkamanum.⁵¹ Lyfin verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og gætu reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir algengum sýklalyfjum.⁵²

Frumkvöðlar sem standa að þessum nýsköpunarfyrirtækjum og rannsóknarstofum í Háskóla Íslands hafa aflað fjár til rannsókna úr innlendum og erlendum sjóðum. Háskólinn hefur einnig lagt fyrirtækjunum til rannsóknaraðstöðu, og nemendur í meistara- og doktorsnámi hafa átt þess kost að koma að verki og þjálfast í fræðistörfum. Þegar kemur í ljós að rannsóknarniðurstöður geta orðið hagnýtar hafa Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar lagt málefnið lið. Loks hefur verið unnt að veita aðstoð við umsóknir um einkaleyfi.⁵³

Árið 1985 fékk Háskólinn heimild til að „eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu“.⁵⁴ Þar með opnaðist möguleiki fyrir skólann til að hagnýta rannsóknir sem gerðar eru á hans vegum. Háskólinn hefur hingað til þó aðeins í litlum mæli átt hlut að slíkum fyrirtækjum. Í árslok 2010 átti hann hlut í um tíu fyrirtækjum, og voru Tæknigarður og Tækniþróun þar á meðal.⁵⁵ Í Bandaríkjunum fá háskólar umtalsverðar tekjur af einkaleyfum. Minna hefur verið um það hér, en árið 2005 tóku gildi ný lög um uppfinningar starfsmanna, og styrkja þau réttarstöðu Háskólans og starfsmanna hans sem vilja sækja um einkaleyfi á tilteknum rannsóknarniðurstöðum.⁵⁶ Með löggjöfinni öðlaðist Háskólinn tilkall til hagnýtingarréttar á uppfinningum starfsmanna sinna. Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskóla-

⁵⁰ *Tæknigarður 20 ára*, 20, 28.

⁵¹ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 290.

⁵² Vef. Wikipedia, Aktheia.

⁵³ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 290.

⁵⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1984–85, 189.

⁵⁵ *Tölvupóstur*. Sigurður J. Hafsteinsson fjármálastjóri 6.12.2010.

⁵⁶ Vef. Alþingi. Lög nr. 72/2004. Lög um uppfinningar starfsmanna.

sjúkrahúss vann fyrstu einkaleyfisumsókn þar sem Háskóli Íslands er meðeigandi. Árið 2007 gerðu Sveinbjörn Gizurarson prófessor og Háskóli Íslands fyrsta samning sinnar tegundar sem Háskólinn átti aðild að við bandaríska fyrirtækið Internasal Therapeutics. Fram að því höfðu einstakir starfsmenn skólans og sprotafyrirtæki sem vaxið hafa upp í skjóli Háskólans eingöngu gert slíka samninga. Starfsfólk Háskóla Íslands hefur til ársloka 2009 fengið skráð tæplega 90 einkaleyfi fyrir uppfinningar sínar og hugverk.⁵⁷

4. Hugvísindi

Rannsóknir fræðimanna á sviði hugvísinda hafa lengstum verið einrykjastarf. Vísindamaðurinn hefur einn og óstuddur krufið mál til mergjar og glímt við úrlausnarefni sín. Á síðustu tveimur áratugum hefur samstarfsverkefnum á sviði hugvísinda farið fjölgandi. Hugvísindamenn vinna rannsóknir sínar þó jafnan í nafni þeirra rannsóknarstofa sem þeir tengjast. Í Guðfræðideild var ein rannsóknarstofa, Guðfræðistofnun, og í Heimspékideild, síðar Hugvísindadeild, var í flestum tilfellum ein rannsóknarstofa fyrir hverja fræðigrein sem sameinuðust síðan undir Hugvísindastofnun þegar henni var komið á fót í maí 1998. Eftir því sem námsgreinum hefur fjölgað síðustu tvo áratugi hefur rannsóknarstofum einnig farið fjölgandi.

Stofnun Árna Magnússonar hefur verið flaggskip í rannsóknum í íslenskum fræðum og hefur frá stofnun unnið að varðveislu, útgáfu og fræðilegri umfjöllun um bókmenntaarf þjóðarinnar. Árið 1992 hlutu Vésteinn Ólason, Sverrir Tómasson og Guðrún Nordal íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita fyrir bókina *Íslensk bókmenntasaga I* sem kom út sama ár. Á árinu 2009 náði Árnastofnun þeim merka áfanga að handritasafn stofnunarinnar í Reykjavík og Kaupmannahöfn var sett á sérstaka varðveisluskrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Minni heimsins (*Memory of the World*). Auk fræðilegrar útgáfu hefur hin síðustu misseri verið unnið að því að gera handritin aðgengileg á vef stofnunarinnar þar sem vísindamenn um allan heim geta unnið með afrit af frumheimildum.

Árnastofnun er sem eikartré í garði íslenskra fræða, en við hlið hennar blómstra fleiri fræðasvið hugvísinda sem borið hafa ríkulegan ávöxt síðustu misseri. Til viðbótar hinum eldri rannsóknarstofum í hugvísindum hafa fleiri verið settar á stofn á síðustu árum sem efla rannsóknir á því sviði. Árið 2000 var sett á laggirnar innan Hug-

⁵⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 27, 146; 2009, 18.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

vísindastofnunar Þýðingasetur Háskólans. Góðar þýðingar á íslensku eru lykill að menningu annarra þjóða. Þýðingasetur stendur fyrir rannsóknum og hagnýtum verkefnum í þýðingum, enda fátt mikilvægara fámennri þjóð sem varðveitir tungumál sitt en að eiga góðar þýðingar. Þýðingasetrið styður jafnframt við meistaranám í þýðingarfræðum sem stofnað var til árið 2002.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum varð til í október 2001 í tengslum við 90 ára afmæli Háskóla Íslands og Evrópska tungumálaárið. Þannig sameinuðust málvísindi og tungumál undir einum hatti en höfðu áður verið undir Stofnun í erlendum tungumálum. Fjöldi bóka um tungumálakennslu, tileinkun erlendra tungmála, fjöltyngi og erlendar bókmenntir hefur komið út á vegum stofnunarinnar. Ötull talsmaður hennar er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Á árunum 2007–08 hófst samstarf Háskóla Íslands og vísindastofnana í Asíu. Formlegir samstarfssamningar voru undirritaðir við nokkra helstu skóla í Kína á árinu 2008. Asíusetur Íslands var sett á laggirnar árið 2008, og er það samstarfsstofnun Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Asíusetrinu er ætlað að efla rannsóknir og fræðistörf á Íslandi sem lúta að Asíu og Asíufræðum.⁵⁸ Fyrir milligöngu kínverska menntamálaráðuneytisins fékk Háskóli Íslands sendikennara í kínversku á árunum 2007–09. Í maí árið 2008 var síðan sett á laggirnar Konfúsíusarstofnunin Norðurljós. Stofnunin styrkir á margan hátt vísinda- og menntasamstarf Háskóla Íslands og Kína.

Í hugvísindum er því ekki að heilsa að starfsmenn sem auðga menningu þjóðarinnar og skapa henni grundvöll með rannsóknum á tungumáli, bókmenntum og sögu landsins fái einkaleyfi eftir ævistarfið. Rannsóknum í hugvísindum er einfaldlega skilað til þjóðarinnar sem borgaði brúsann.

Íslenskar bókmenntir, íslenskt mál og sagnfræði Íslands hafa verið eitt af aðalsmerkjum íslenskrar menningar. Þannig hafa komið út orðabækur sem starfsmenn Orðabókar Háskólans hafa tekið saman. Má þar nefna ritið *Íslenska orðsifjabók* eftir Ásgeir Blöndal Magnússon orðabókarritstjóra sem var gefin út árið 1989. Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor gaf einnig út orðabækur um íslenska málnotkun og hugtök nokkrum árum síðar. *Íslensk samheitaorðabók* kom út árið 1985, í ritstjórn Svavars Sigmundssonar dósents, og var kostuð af

⁵⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 25, 124.





Vefnámskeiðið *Icelandic Online* gerir nettengdu fólki kleift að stunda nám í íslensku máli hvar sem er í heiminum.

Styrktarsjóði Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Þótt Þórbergi væri meinað að taka próf í íslenskum fræðum frá Háskólanum árið 1919, eins og greint er frá framar í þessu riti, var hann ekkert að erfa það og gaf eigur sínar til stofnunar þessa sjóðs við Háskóla Íslands til að styrkja útgáfu samheitaorðabókar, rímorðabókar og stílfræði. Eiríkur Rögnvaldsson, kennari í íslenskrri málfræði, setti saman *Íslenska rímorðabók* sem kom út 1989 og hefur verið eftirsótt meðal hagyrðinga og rappara. Útgáfa á íslenskum orðtökum og málsháttum hefur lengi verið á verkefnaskrá íslenskufræðinga skólans, og kom Jón G. Friðjónsson prófessor með framlag til íslenskra orðatiltækja þegar hann gaf út ritin *Mergur málsins* árið 1993, sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin það ár í flokki fræðibóka, og *Rætur málsins*, árið 1997 um föst orðasambönd, orðatiltæki og málshætti í íslensku biblíumáli. Þá hafa fjölmargir hugvísindamenn og tungumálakennarar Háskólans komið að gerð orðabóka annarra tungumála eins og dönsku, ensku, spænsku, rússnesku, þýsku, auk orðabókar um íslenskt slangur. Einnig hafa þeir tekið þátt í gerð netorðabóka og kennsluvefjarins *Icelandic Online*. Guðfræðingar, málvísindamenn og íslenskufræðingar unnu í áraradír að nýrri þýðingu á Biblíunni sem kom út árið 2007 í tilefni þess að þúsund ár voru frá kristnitöku á Íslandi árið 2000. Af sömu ástæðu kom út *Kristni á Íslandi*, kristnisaga í fjórum bindum sem Hjalti Hugason prófessor í guðfræði ritstýrði. Í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldis á Íslandi ákvað Alþingi hinn 17. júní 1994 að veita

rausnarlega upphæð til eflingar íslenskri tungu. Árið 2005 kom síðan út þriggja binda verkið *Íslensk tunga* þar sem málfraeðingarnir Guðrún Kvaran, Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason miðla af áratuga rannsóknum á íslensku máli í nútíð og fortíð. Árið 2009 hlaut prófessor í íslenskri málfraeði öndvegisstyrk fyrir verkefnið Hagkvæm máltækni utan ensku – íslenska tilraunin.⁵⁹ Markmið þess er að „þróa vísindalegar máltækniaðferðir sem henta auðlindalitlem tungumálum, einkum beygingamálum.“⁶⁰ Máltækni er þverfagleg vísindagrein sem miðar að því að hanna tækni sem getur unnið með og skilið náttúruleg tungumál og stuðlar að notkun þeirra í samskiptum manns og tölvu.⁶¹

Rannsóknir sagnfraeðinga við Háskóla Íslands síðastliðin 20 ár hafa spannað alla sögu Íslands byggðar, og kallast þeir oft á við fjölda fraeðimanna og áhugafólks um sagnfraeði í rannsóknum sínum, eins og reyndar flestir hug- og félagsvísindamenn skólans. Sumir þeirra hafa litið vítt yfir sviðið og skrifað kennslubækur fyrir öll skólastig um sögu landsins frá landnámi til nútíma. Þór Whitehead prófessor hefur litið sér nær og kannað millistríðsárin og styrjaldarárin í þaula í ritróðinni *Ísland í síðari heimsstyrjöld*. Hafa bækur hans um styrjöldina notið hylli lesenda, og hlaut hann árið 1995 íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fraeðirita fyrir bókina *Milli vonar og ótta*. Aðrir hafa lagt stund á rannsóknir á lífi í bröggum að lokinni styrjöldinni, á Landnámabók, á þekktum einstaklingum eins og Jörundi hundadagakonungi og Árna Magnússyni, uppruna og endimörkum íslenska þjóðríkisins, upplýsingunni á Íslandi, vaðmáli og verðlagi, einokunarverslun, efnahagsþróun og velferðarmálum, og samskiptum Íslendinga við umheiminn – svo að aðeins séu nefnd fáein dæmi um rannsóknir kennara í sagnfraeði.

Sagnfraeðingar áttu í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn þátt í að koma á stofn Miðstöð munnlegrar sögu árið 2007. Hlutverk hennar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær til frambúðar og gera aðgengilegar almenningi, en stofnunin hefur aðsetur í Þjóðarbókhöðu. Í efnahagserfiðleikum Íslendinga 2008 hóf stofnunin söfnun á heimildum frá fólki sem hafði upplifað sérstakar aðstæður.

Eins og sagnfraeðingar hafa komið að útgáfu eldri ritheimilda um sögu Íslands, svo sem á lögbókinni Grágás, Íslendingasögum, heimildaflokknum Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar og fleiru, þá hafa bókmenntafræðingar ritstýrt útgáfum á fjölmörgum bókmenntaverkum Íslendinga og gefa út sérstakar sýrpur með slíkum

⁵⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 2009, 22–23.

⁶⁰ *Vef*. HÍ. The Icelandic Language Technology Research Group.

⁶¹ *Vef*. HÍ. Máltækni.



Rannsóknarverkefnið Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900–1970 er samvinnuverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og Institut for nordiske studier og sprogvidenskab við Kaupmannahafnarháskóla.

ritum á vegum Bókmenntafræðistofnunar. Árið 1997 kom til dæmis út bókinn *Stúlka* með ljóðum eftir íslenskar konur, búin til prentunar af Helgu Kress prófessor, með nöfnum allra skáldkvenna sem gefið hafa út ljóðabók hérlendis ásamt lista yfir titla bóka þeirra. Auk þess að rýna í bókmenntaverk skálda og rithöfundna hafa háskóla-kennarar í bókmenntum getið sér gott orð sem höfundar fagurbókmennta jafnt sem fræðibóka og þýðendur bókmenntaverka. Fræðistörf bókmenntamanna spanna vítt svið skáldskapar, allt frá kvikmyndum, myndlist og fornbókmenntum til nútímabókmennta.

Heimspekingar hafa á síðustu tveimur áratugum lagt grunn að námi og rannsóknum í siðfræði, femínískri heimspeki, umhverfismálum, frumspeki, þekkingarfræði, rökfræði og fleiri sviðum heimspeki. Þannig fjallaði Vilhjálmur Árnason prófessor um erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu í riti sínu *Siðfræði lífs og dauða* sem kom út árið 1993. Þremur árum síðar hlaut Þorsteinn Gylfason prófessor íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita fyrir bókina *Að hugsa á íslensku*. Þorsteinn hafði einnig getið sér gott orð fyrir ljóðabýðingar og vildi með málrækt bæta mannlífið og efla

skilning fólks á sálarlífi manna, því að „mál og sál eru systkini“, sagði Þorsteinn.⁶² Sérfræðingar á Siðfræðistofnun tóku virkan þátt í umræðu um gagnagrunn á heilbrigðissviði þegar hann kom til tals, og í framhaldi af því tóku siðfræðingar þátt í alþjóðlegu verkefni á sviði erfðafraeði og siðfræði sem birtist í bókinni *The Ethics and Governance of Human Genetic Databases. European Perspectives*, árið 2007. Heimspekingar ritstýrðu einu af átta bindum um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis. Auk þess að taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðu hér á landi hafa kennarar í heimspeki miðlað áfram erlendum straumum og stefnum í fræðunum.

Stór hópur stúdenta af ýmsum sviðum vísinda haslar sér völl á sviði skapandi greina, eins og list- og menningargreinar hafa verið kallaðar. Í skýrslu sem kom út árið 2010 um hagræn áhrif skapandi greina segir að þær séu á við stóra málmbræðslu í sköpun verðmæta fyrir þjóðarþúið. Stúdentar brautskráðir af Hugvísindasviði leggja gjörva hönd á margar skapandi greinar, og nægir að nefna fjölda rithöfunda sem menntaðir eru við Háskóla Íslands. Að loknu prófi í sagnfræði árið 1996 vann Arnaldur Indriðason rithöfundur um tíma sem blaðamaður áður en hann lagði fyrir sig að skrifa glæpasögur. Bækur hans seljast í stórum upplögum jafnt á Íslandi sem erlendis. (Vilborg) Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur frá Háskólanum 1989, fylgir fast á eftir Arnaldi á metsölulistum. Saman skapa þau, ásamt fjölda annarra rithöfunda, vinnu fyrir stóran hóp fólks um leið og þau efla menningu landsmanna.

Árið 2009 var sett á laggirnar Edda – öndvegissetur. Setrið átti „að vera leiðandi í þverfaglegum og gagnrýnum samtímarannsóknum á sviðum jafnréttis, fjölbreytileika, samfélags, stjórnmála, menningar, öryggismála og þverþjóðlegra tengsla“.⁶³ Edda sameinar fjölda greina á sviði félags- og hugvísinda. Í tengslum við setrið hefur verið rekinn alþjóðlegur jafnréttisskóli, sem fékk öndvegisstyrk frá Vísinda- og tækniráði Rannís, og hefur fjöldi erlendra stúdenta komið hingað til náms á hans vegum.

5. Félagsvísindi

Á sviði félagsvísinda, lögfræði og viðskipta- og hagfræði var lengi vel starfandi að jafnaði ein rannsóknarstofa á hverju fræðasviði, en á árinu 2009 voru starfræktar sjö rannsóknarstofur á þessum sviðum, og líklega má telja Félagsvísindastofnun, Hagfræðistofnun og

⁶² Vef. Róbert H. Haraldsson, Um systkinin mál og sál.

⁶³ Vef. HÍ. Edda – öndvegissetur.

Lagastofnun þeirra kunnastar. Rannsóknarstofnanir eru samstarfs-
vettvangur fastráðinna og lausráðinna vísindamanna skólans sem
skapa tengsl út í samfélagið og við hinn alþjóðlega fræðaheim. Efl-
ing kennslu og rannsókna hefur haldist í hendur í félagsvísindum
frá upphafi náms í þessum greinum. Mikil fjölgun nemenda, sérstak-
lega meistara- og doktorsnema, sem þegar hefur verið sagt frá, og
uppbygging framhaldsnáms í þessum greinum hefur haft mjög hvetj-
andi áhrif á rannsóknir á fræðasviðinu og í raun gjörbreytt rannsókn-
arumhverfi sviðsins. Í félagsvísindum eru greinar sem áður voru
kenndar í Félagsvísindadeild, Lagadeild og Viðskipta- og hagfræði-
deild og mynda breiðan hóp fræðigreina.

Félagsvísindastofnun var sett á stofn árið 1986 til að „annast
hagnýtar og fræðilegar rannsóknir og kynna almenningi nytsemi félags-
vísindalegra rannsókna“.⁶⁴ Með starfi hennar var verið að bregðast við
mikilli eftirspurn í samfélaginu þar sem kallað var eftir því að marg-
vísleg þjóðfélagsmál væru rannsökuð með aðferðum félagsvísinda. Þar
gat stofnunin sér m.a. gott orð fyrir skoðanakannanir. Með þeim fór
hún oft nærri úrslitum kosninga, og var jafnan til hennar leitað til að
spá um niðurstöður þeirra. Þar hefur orðið til mikið safn upplýsinga
um kosningar, kosningahegðun, stuðning við framboð og kosningaspár
undir stjórn kennara á þessu fræðasviði. Prófessorar í stjórnmálafræði
gefa oft umsagnir um stjórnmál líðandi stundar og skýra niðurstöður
kosninga í öllum fjölmiðlum, enda jafnan mikið til þeirra leitað.
Kosningahegðun hér á landi hefur einnig verið borin saman við
kosningar víða erlendis. Í skýrslum Félagsvísindastofnunar segir að
hún hafi þá „sérstöðu meðal rannsóknastofnana HÍ að fá enga fjárveit-
ingu frá hinu opinbera, hvorki til rannsóknarstarfa né fyrir stöðu-
heimildir starfsmanna“.⁶⁵ Stofnunin byggði starf sitt mikið á hagnýtum
þjónusturannsóknum fyrir aðila innan og utan Háskólans, auk þess
sem hún sótti styrki úr ýmsum áttum til fræðilegra rannsókna. Unnið
hefur verið að rannsóknum fyrir Stjórnarráðið, opinberar stofnanir,
hagsmunasamtök, félagasamtök, fjölmiðla, fjölda fyrirtækja og ein-
staka fræðimenn. Einn af kostunum sem verkkaupar sjá við að leita til
Háskólans er að þeir þurfa ekki að leggja eigin starfskrafta í tímafrek
og vandasöm verk og fá auk þess aðila sem þekktur er fyrir hlutleysi
og almenningur treystir.

Við Félagsvísindastofnun hefur verið byggt upp gagnasafn í tengsl-
um við rannsóknir á hennar vegum. Gagnasafnið er á sviði velferðar-
mála, menntamála, kjaramála, húsnæðismála, atvinnumála, byggðar-

⁶⁴ *Árbók Háskóla Íslands*
2002, 60.

⁶⁵ *Árbók Háskóla Íslands*
2002, 60.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

mála, neysluháttá, fjölskyldumála, menningar og á sviði almennra þjóðmála. Heimildasafnið gefur stofnuninni möguleika á að bera saman upplýsingar frá fleiri tímaskeiðum og sjá þannig meðal annars hvernig hugmyndir og skynjun fólks á veruleika sínum breytist í tímans rás. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru árið 2009 starfræktar 14 rannsóknarstofur eða -setur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa, og hefur rekstur hvernar þeirra orðið mjög umfangsmikill.⁶⁶ Rannsóknarsetrin hafa sinnt lífsháttum barna og unglinga, barna- og fjölskylduvernd, þjóðmálum, fótunarfræðum, mannfræði, vinnuvernd, menntakerfum, menntamálum, fólksflutningum og fjölmenningu, afbrotufræði, skatta- og velferðarmálum, fjölmiðlun og boðskiptum, kennarastarfi og skólaþróun og ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Félagsvísindamenn hafa meðal annars tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknum á sviði lífshjúkara, velferðar, lífsskoðana og viðhorfa. Þannig hafa þeir reglulega getað borið viðhorf Íslendinga til margvíslegra málaflokka saman við viðhorf 40 annarra þjóða sem hafa verið til samanburðar. Af þessum könnunum hefur þjóðin reglulega verið upplýst um hversu hamingjusöm hún sé í samanburði við ýmsar erlendar nágrannaþjóðir, og er það ekki ónýtt þegar misvel árar í þjóðarþúskapnum. Á árunum 1995–97 komu þannig út nokkrar erlendar fræðibækur á sviði fjölþjóðlegra lífsskoðanarannsókna, þar sem íslenskir félagsvísindamenn gátu lagt til efni frá Íslandi til samanburðar.⁶⁷

Velferðarþjóðfélagið hefur verið að byggjast upp á síðustu áratugum, og hafa félagsvísindamenn gjörla fylgst með þeirri þróun og borið saman við nágrannalöndin.⁶⁸ Rannsakaðar hafa verið orsakir búferlaflutninga, staða öryrkja og fatlaðra könnuð, bornar hafa verið saman almannatryggingar á Íslandi og í nálægum löndum, vinnumarkaðurinn hefur verið greindur, stéttaátök gaumgæfð, borin hefur verið saman skattbyrði á Íslandi og meðal OECD-ríkja, og skýrð hafa verið margvísleg áhrif hnattvæðingar og staða þekkingarþúskapar í samanburði við erlend ríki. Glæpir og refsingar eru ennþá hluti af nútímasamfélagi og eru bófar hundeltir af afbrotufræðingum og lögfræðingum sem greina refilestígu þeirra og refsingar dómstóla og setja í alþjóðlegt samhengi almenningi til upplýsingar og fræðimönnum til skilnings. Í alþjóðlegu samstarfi hefur verið lögð rækt við rannsóknir á kvennahreyfingum, en þær vinna jafnan að jafnrétti í samfélaginu. Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri og félagsvísindamaður, fjármagnaði rannsóknir á

⁶⁶ Vef. HÍ. Félagsvísindastofnun.

⁶⁷ Inglehart, *Modernization and Postmodernization*.

⁶⁸ Stefán Ólafsson, *Lífshjúkara og lífshættir á Norðurlöndum*.





Þjóðarspejill X, tíunda félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, var haldin 30. október 2009. Þar voru fluttir um 170 fyrirlestrar í 48 málstofum.

vegum Vísindasjóðs í gegnum Seðlabanka Íslands eins og áður er nefnt. Hann fylgdist í áraraðir með fræðasamfélaginu og rannsóknum vísindamanna og hafði þetta að segja árið 2004 um þróun fræðanna og félagsfræði sérstaklega: „Þegar til þess er litið að aðeins þrír áratugir eru liðnir síðan kennsla í félagsfræði hófst við Háskóla Íslands [1970], fyrst í smáum stíl og af litlum efnum, er undravert hverjum þroska fræðigreinin hefur tekið hér á landi og hve fjölbreytt viðfangsefni hennar eru orðin. Er þetta reyndar eitt af mörgum dæmum um hinar stórfelldu breytingar sem orðið hafa á fræðasamfélaginu hér á landi á síðustu árum og lýsir sér bæði í stóruknum fjölda vel menntaðra fræðimanna og aukinni fjölbreytni viðfangsefna.“⁶⁹

Félagsvísindamenn hafa einnig sinnt ævisagnarannsóknum og skrifað ævisögur. Brjóstmynd af Björgu C. Þorláksson, fyrstu íslensku konunni sem lauk doktorsprófi, var sett upp utan við Odda um svipað leyti og ævisaga hennar, sem hlaut hin íslensku bókmenntaverðlaun, var skrifuð þar í húsinu. Brjóstmyndin var afhjúpuð hinn 17. júní 2001 í tilefni þess að 75 ár voru frá doktorsvörn Bjargar, og mun hún vera fyrsta stytta sem sett var upp af nafngreindri konu í Reykjavík.

Dæmi um ný rannsóknarsvið sem tengjast breytingum á íslensku samfélagi eru nýbúarannsóknir, fjölmennning, hnattvæðing og vinnutengdir fólksflutningar. Útlendingar hafa á síðustu áratugum flutt í auknum mæli til landsins. Þátttaka þeirra í atvinnulífi víða í sjávar-

⁶⁹ Jóhannes Nordal, „Horft um öxl“, 9.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

byggðum skiptir sköpum fyrir rekstur samfélaganna, og hefur aðlögun þeirra að þjóðfélaginu verið könnuð. Með nýjum stórframkvæmdum kom í vaxandi mæli erlent vinnuafli, og áhrif þess á vinnumarkaðinn voru rannsökuð. Í samstarfi íslenskra og erlendra vísindamanna hefur aðlögun innflytjenda að samfélaginu verið rannsökuð. Eigindlegum rannsóknaraðferðum hefur í vaxandi mæli verið beitt í félagsvísindum þar sem tekin eru viðtöl, stundaðar vettvangsrannsóknir og ritaðar heimildir greindar, eins og gert hefur verið í mannfræði. Rannsóknir á þessu sviði sýna að sumir hópar útlendinga koma til að skapa sér og fjölskyldum sínum erlendis bættu „lífsafkomu og senda því peninga til foreldra, systkina, barna eða annarra ættingja“.⁷⁰

Annað svið rannsókna sem fengið hefur verðuga athygli á umliðnum árum er stúdía á stöðu fatlaðra og fötlun, sem helst í hendur við kennslu í fræðunum.⁷¹ Fræðigreinin vísar á bug einhliða læknisfræðilegum skilgreiningum á fötlun og vill þess í stað leggja áherslu á þátt umhverfis og menningar.⁷² Öryrkjabandalag Íslands hefur stutt Háskóla Íslands til að efla rannsóknir á mannréttindum og félagslegum og efnahagslegum aðstæðum fatlaðs fólks á Íslandi.

Hagfræðistofnun, ein af stærri stofnunum á sviði félagsvísinda, hefur í árunna rás unnið að umfangsmiklum þjónusturannsóknum og leyst margvísleg verkefni fyrir atvinnulífið, ekki ósvipað því sem Félagsvísindastofnun og aðrar stofnanir Háskólans gera reglulega. Um langt árabil var útgáfu Hagfræðistofnunar skipt í þrjá staði; í þjónustuskýrslur þar sem til dæmis var áætlaður kostnaður vegna slysa á börnum á Íslandi árið 1999, í rannsóknarskýrslur, þar sem til dæmis var fjallað um þéttbýlismyndun á Íslandi árið 2002, og í ritröð sem nefndist *Working Papers* og dreift var til um 170 háskóla um allan heim. Ritröðin inniheldur ritrýndar greinar starfsmanna Háskólans í erlendum tímaritum. Þegar utanaðkomandi aðilar óska eftir úttekt eða rannsóknum koma stundum fastir kennarar að því verki eða fólk er ráðið tímabundið til verka. Eins og hjá mörgum öðrum stofnunum Háskólans eru reglulega haldnar málstofur hjá Hagfræðistofnun þar sem akademískir starfsmenn og samstarfsaðilar utan skólans halda erindi og kynna nýjar rannsóknir. Auk þess hafa starfsmenn stofnunarinnar, eins og aðrir akademískir starfsmenn, haldið fjölmörg erindi utan skólans og skrifað greinar í blöð og tímarit, jafnt á Íslandi sem erlendis. Við Hagfræðistofnun hafa sl. tvo áratugi unnið um 5–15 starfsmenn sem byggja starf sitt í miklum mæli á styrkjum sem sóttir eru til einstakra verkefna. Þrá-

⁷⁰ Vef: Unnur Dís Skaptadóttir og Requierme, Filippseyingar á Íslandi, 1.

⁷¹ *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir.*

⁷² Vef: HÍ. Fötlunarfræði.

inn Eggertsson, prófessor í hagfræði, skrifaði bókina *Economic Behavior and Institutions* sem þýdd hefur verið á nokkur tungmál. Hann var um árabíl kallaður til kennslu og rannsókna erlendis, en fjöldi kennara skólans hefur dvalið um lengri eða skemmri tíma við störf við erlenda háskóla, og njóta stúdentar þess þegar þeir koma aftur til kennslu hér heima. Viðskiptafræðistofnun hefur starfað á svipuðum grunni, þó smærri í sniðum.

Hagfræðingar og viðskiptafræðingar Háskólans hafa tekið til rannsókna öll hin hefðbundnu svið efnahagslífs og viðskipta, auk þess sem þeir kryfja til mergjar ný viðfangsefni eftir því sem samfélagið vex. Stjórnun og menning eru meðal þeirra sviða sem hafa í vaxandi mæli verið tekin til rannsókna. Eftir því sem mannauðsstjórnun nýtur meiri hylli í námi viðskiptafræðinga hefur rannsóknunum vaxið fiskur um hrygg á þessu sviði. Með alþjóðavæðingu íþrótta og aukinni þátttöku fólks í æ fleiri íþróttagreinum hafa þær fengið aukið efnahagslegt vægi, og hafa kennarar deildarinnar rýnt í bókhalð íþrótta og margvísleg efnahagsleg áhrif þeirra. Hagfræðikennarar rýndu í Kyoto-samninginn, áhrif virkjunar við Kárahnjúka voru könnuð, hagfræði fötlunar og lífskjör fatlaðra voru greind, og fjölmargt var ritað um fjármál og bankastarfsemi þótt ekki tækist að sjá fyrir hrun á fjármáلامarkaði. Með margvíslegum tölfræðirannsóknum, eins og kennarar deildarinnar hafa staðið að með fleiri vísindamönnum, hafa þeir til dæmis reiknað út að inflúensa móður á öðrum þriðjungi meðgöngu eykur líkur á að barnið greinist með geðklofa síðar á lífsleiðinni.

Sjávarútvegur hefur mikla þýðingu fyrir efnahag landsins og því eðlilegt að umfangsmiklar rannsóknir hafi farið fram á því sviði. Hagfræðingar eru eðlilega meðal þeirra sem helgað hafa sig rannsóknum á fiskihagfræði, varpað ljósi á kvótakerfið, fiskvinnslu og útgerð og farið víða um lönd til að miðla niðurstöðum sínum. Vísindamenn af sviðum eins og mannfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, lögfræði, verkfræði og læknisfræði fjalla um sjávarútveg, sjómenn og fiskvinnslu í sínum rannsóknum, auk þess sem málvísindamenn hafa tekið saman myndhverf hugtök úr sjómennsku og safnað slanguryrðum sjómanna og sett í orðabækur, sér til töffs og almenningi til fróðleiks og þroska.

Við Lagastofnun hafa starfað fastir kennarar Lagadeildar, og voru aðrir starfsmenn ráðnir til einstakra verkefna. Lagastofnun var árið 2003 skipt í fleiri rannsóknarstofur sem fengu styrki til ýmissa

verkefna með fjölda ungra kennara. Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á auðlindarétt, umhverfisrétt, Evrópurétt, stjórnslurétt, rétt gegn kynbundnu ofbeldi og mansali, persónuvernd, réttarstöðu fatlaðra, hæfisreglur stjórnslulaga, réttarsögu, fiskveiðiréttindi, upplýsingarétt, íslensk lög um ráðherraábyrgð, hryðjuverk og íslenskar réttarreglur, lögskýringarfræði, réttarheimildir sem grundvöll laga og fleiri svið lögfræðinnar. Rannsóknir á sviði stjórnsluréttar og mannréttinda hafa aukist umtalsvert, og frá 1994 hefur verið starfrækt Mannréttindastofnun í samvinnu við Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands.

Árið 2005 hóf stofnunin útgáfu á *Ritröð Lagastofnunar* sem var hugsuð til „að koma á framfæri efni, sem hefur fræðilegt og hagnýtt gildi fyrir lögfræðinga og aðra“.⁷³ Í tilefni þess að 100 ár voru frá því að kennsla í lögfræði hófst á Íslandi var árið 2008 gefin út lögfræðiorðabók. Fjölmíðlafólk leitar mikið til stjórnsmálafræðinga til að spá í pólitík líðandi stundar. Á sama hátt eru hagfræðingar og lögfræðingar Háskólans oft kallaðir til að greina efnahagsmál og túlka lög.

Auk Þjóðarspegils, sem sagt hefur verið frá hér að framan, er umfangsmikil önnur fræðiritaútgáfa á vegum stofnana í félagsvísindum, og hefur tímaritum fjölgað hin síðustu misseri. Gefnar eru út skýrslur þar sem teknar eru saman niðurstöður á þjónusturannsóknnum og bækur þar sem kynntar eru niðurstöður rannsókna. Greinar eru birtar í innlendum og erlendum vísindaritum. Loks eru gefin út tímarit, eins og til dæmis *Tímarit lögfræðinga*, en þar er jafnan birt yfirlit yfir rannsóknir og ritstörf kennara í lögfræði, og *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*. Hin síðari ár hefur Stofnun stjórnslufræða og stjórnsmála gefið út vef tímaritið *Stjórnsmál og stjórnslu*, og fjölmargt fleira er gefið út.⁷⁴ Útgáfa tímarita er stundum í samstarfi við aðra aðila sem sinna sambærilegum málefnum, og tímarit eru í vaxandi mæli gefin út á vef. Íslenskir félagsvísindamenn birta rannsóknarniðurstöður sínar æ meira á erlendum vettvangi og taka þar með þátt í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi eins og tölur um birtingar í ISI-tímaritum vitna um.

6. Þjónusta við rannsóknir og kennslu

Nokkrar stofnanir Háskólans teljast þjónustustofnanir sem veita háskólasamfélaginu sérhæfða þjónustu af margvíslegu tagi. Auk Endurmenntunar, Happraættis Háskóla Íslands, Listasafns Háskóla

⁷³ *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 136.

⁷⁴ *Vef. Stjórnsmál og stjórnslu*.

Íslands og Kennslumiðstöðvar, sem hafa verið nefndar til sögunnar, skipta Rannsóknþjónusta Háskólans, Tæknigarður, Háskóla-útgáfan, Reiknistofnun og Háskólabókasafn verulegu máli í háskóla-samfélaginu og hjálpa til við uppbyggingu rannsóknarháskólans.

Rannsóknþjónusta Háskólans hóf starfsemi um áramótin 1985–86, eftir að Háskólinn hafði fengið heimild í lögum til að stofna þróunarmiðstöð. Markmið hennar var að þjóna starfsmönnum skólans á ýmsum sviðum er lúta að rannsóknum, meðal annars við gerð umsókna um styrki úr erlendum samkeppnissjóðum.⁷⁵ Skrifstofan hafði umsjón með samstarfsnefnd skóla og atvinnulífs frá 1990 auk fleiri verkefna sem þegar hafa verið nefnd. Á vegum Rannsóknþjónustunnar komu út á árunum í kringum 1990 fjögur þykk bindi sem nefndust *Rannsóknir við Háskóla Íslands*. Þar var lýst um 1.000 rannsóknarverkefnum sem unnið var að á vegum háskólamanna. Sum verkefni voru leyst á nokkrum mánuðum, en ár og jafnvel áratugi tók að ljúka öðrum, jafnan þó í áföngum. Til að hvetja menn áfram við rannsóknir hefur frá árinu 1998 verið staðið fyrir hugmyndasamkeppni sem nefnist *Upp úr skúffunum*, í samvinnu við ýmsa aðila sem styðja verkefnið fjárhagslega. Tugir rannsóknarverkefna sem unnt er að hagnýta eru árlega dregnir út úr tölvum vísindamanna og stúdenta skólans, og þremur aðilum eru veitt rífleg verðlaun.⁷⁶ Mörg rannsóknarverkefni Háskólans hafa fengið viðurkenningu, og Rannsóknþjónustan hefur aðstoðað við stofnun sprotafyrirtækja sem komið hafa vörum sínum og hugmyndum áfram á markað. Meðal þeirra fyrirtækja sem fengið hafa einkaleyfi á uppfinningum sínum og Háskóli Íslands á aðild að er Lyfjapróun sem Sveinbjörn Gizurarson, prófessor í lyfjafræði, stofnaði.

Tæknigarður var reistur árið 1988 og átti að hýsa nokkrar stofnanir Háskólans (Reiknistofnun, Endurmenntunarstofnun, kennara í tölvunarfræði og sérfræðinga í jarðeðlisfræði, Rannsóknþjónustu Háskólans, Sjávarútvegsstofnun) og sprotafyrirtæki sem gætu haft hag af því að vera í tengslum við stofnanir skólans. Eftir 20 ára starf höfðu 78 sprotafyrirtæki átt lengri eða skemmri vist í Tæknigarði. Um 40% þeirra hafa hætt rekstri, önnur 40% blómstruðu og sprengdu brátt utan af sér húsnæðið. Þau fluttu út í bæ þar sem þau hafa starfað í áraraðir, og um 20% þeirra runnu saman við önnur fyrirtæki. Eitt þessara fyrirtækja hefur sérstöðu því það er á vegum námsmanna, stofnað í janúar 2007 og nefnist Innovit.⁷⁷ Meginmarkmið Innovit er að auka þátt háskólamenntaðra einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og stuðla að fjölgun sprotafyrirtækja í



Meðal rannsókna doktorsnema sem voru kynntar í *Tímariti Háskóla Íslands* árið 2010 var þjóðfræðirannsókn Ingunnar Asdísardóttur á jötnum í norrænni goðafræði.

⁷⁵ Háskóli Íslands. *Framvinda og framfarir*, 89.

⁷⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1999, 145.

⁷⁷ *Innovit*. *Frumkvæði, hugvit, þekking*, 51.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

þekkingariðnaði. Fyrirtækið Eff2 technologies vann fyrstu frumkvöðlakeppni Innovit fyrir nemendur við íslenska háskóla vorið 2008. Við það tækifæri sagði Friðrik Heiðar Ásmundsson, einn af stofnendum fyrirtækisins, að „[p]ersónuleg og fagleg ráðgjöf Innovit við gerð viðskiptaáætlunar og markaðsrannsókna hefur hjálpað okkur mikið og þeirra stuðningur í gegnum vaxtaskeið fyrirtækisins hefur verið ómetanlegur“.⁷⁸ Í ársbyrjun 2011 varð Eff2 technologies í þriðja sæti í frumkvöðlakeppni í Austurríki með „tæknilausn sem gerir lögreglumönnum kleift að bera kennsl á ólögleg myndbönd með sjálfvirkum hætti“.⁷⁹

Eitt fyrirtæki sem lengi hafði höfuðstöðvar sínar í Tæknigarði er netfyrirtækið og hljómsveitin Baggalútur, upphaflega sett á stofn árið 2001. Liðsmenn Baggalúts gerðu garðinn frægan með spaugi og glensi á vefnum og síðar einnig með tónlist. Áður ráku þeir fyrirtæki með því hefðbundna nafni Íslenska verkfræðistofan, og höfðu frumkvöðlar þess starfað hjá Árnastofnun við uppsetningu á handritasafni stofnunarinnar á vefnum. Smám saman minnkuðu umsvif Íslensku verkfræðistofunnar, en verkefni Baggalúts uxu að sama skapi.⁸⁰

Í árslok 1994 hóf fyrirtækið Miðheimar, sem staðsett var í Tæknigarði, fyrst fyrirtækja að bjóða almenningi upp á aðgang að Internetinu, en fram að því hafði aðeins verið unnt að tengjast vefnum í gegnum Háskóla Íslands eða Hafrannsóknastofnun. Landsmenn tóku þessari þjónustu einstaklega vel, og eftir hálf tveggja ár hafði fyrirtækið sprengt utan af sér húsakynninn í Tæknigarði. Fyrirtækið varð eftir ýmsar breytingar hluti Sífmans sem er stærsta internetþjónusta landsins með um 100.000 viðskiptavini og meira en 100 starfsmenn í netdeild.⁸¹

Háskólaútgáfan var sett á stofn af háskólaráði í apríl 1988. Fyrstu níu árin voru gefin út um 120 rit á vegum hennar og hin síðari ár hafa að jafnaði verið gefin út um 60 rit árlega. Auk þess að hafa umsjón með ýmsum útgáfuverkum Háskólans sjálfs hefur Háskólaútgáfan gefið út margvísleg fræðirit eftir kennara skólans og stofnanir hans. Talið var hagræði að því að hafa útgáfustarfsemi skólans á einni hendi, og ekki er minni hagur að því að ná niður útgáfukostnaði með sameiginlegri útgáfu. Síðustu ár hefur útgáfan tekið upp ritstýringu og ritrýningu bóka sinna. Háskólaútgáfan var önnur stærsta bókaútgáfa landsins, í titlum talið, þegar nálgadist aldarafmæli skólans.⁸² Útgáfan hefur styrkt stöðu skólans sem rannsóknarháskóla og auðveldað útgáfu margs konar fræðirita.

Reiknistofnun Háskólans er ekki síður mikilvæg háskólasam-

⁷⁸ *Innovit. Frumkvæði, hugvit, þekking. – Viðskiptablaðið* 7. maí 2008, 26–27.

⁷⁹ *Vef. Viðskiptablaðið* feb. 2009.

⁸⁰ *Tæknigarður 20 ára*, 15.

⁸¹ *Tæknigarður 20 ára*, 23.

⁸² *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 380–82.



félaginu en blóðrásin mannslíkamanum. Um 1990 starfaði þar á annan tug starfsmanna, en eftir sameiningu við Kennaraháskólann hinn 1. júlí 2008 unnu þar um 30 manns. „Megin hlutverk stofnunarinnar er að skipuleggja og reka Háskólanetið, þar á meðal tölvusamskipti út fyrir Háskólann, skipuleggja og reka almenn opin tölvuver og fjölnotendatölvur, sem veita margvíslega þjónustu svo sem tölvupóst, ... upplýsingaveitur, sinna ráðgjöf og kerfisgerð og sjá um uppsetningu og viðhald hugbúnaðarsafna.“⁸³

Árið 2001 vann Verk- og kerfisfræðistofan hf. (VKS) þarfagreiningu fyrir nemendakerfi Háskólans. Kannaðir voru kostir þess að kaupa nemendakerfi erlendis frá eða smíða nýtt. Niðurstaðan varð sú að endursmíða þágildandi nemendakerfi skólans sem gekk undir heitinu Keilir. Endursmíðin fékk heitið Ugly og hófst sem sérstakt átaksverkefni Kennsluviðs og Reiknistofnunar sumarið 2002, og var aðgangur opnaður þá um haustið. Eitt af markmiðum verksins var að gera Ugly að samskiptamiðstöð kennara og nemenda. Hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar bar hita og þunga af verkinu og hafði sér til ráðgjafar verkefnisstjórn. Eftir skipulagsbreytingu skólans 1. júlí 2008 á hvert fræðasvið fulltrúa í verkefnisstjórn Ugly, auk stjórnýslu. Þegar stúdentar skrá sig inn á Ugly koma í ljós allar helstu upplýsingar sem þeir þurfa á að halda vegna námsins. Í Ugly geta háskólakennarar m.a. sett ýmiss konar námsefni og gögn inn á kennsluvefi námskeiða, sent nemendum tilkynningar og skráð hjá þeim einkunnir við lok námskeiðs. Nemendur finna þar stunda-skrár sínar, próftöflur, námsferil, námskeið og gömul próf og geta jafnvel séð hvað er í matinn hjá Hámu á Háskólatorgi. Frá því Ugly fór fyrst af stað hefur hún vaxið og dafnað sem samskiptavettvangur stúdenta og kennara. Kerfið var tekið í notkun hjá Kennaraháskóla Íslands áður en hann sameinaðist Háskólanum og Endurmenntun tók einnig að nota kerfið. Ugly gegnir félagslegu hlutverki sem innri vefur Háskólans en einnig lykilhlutverki sem safn upplýsingakerfa um allt sem lýtur að umsóknum, námi, kennslu, námsmati og skráningu stúdenta.⁸⁴

Háskóli Íslands hefur verið frumkvöðull í notkun upplýsingatækni og innleiðingu tölvu- og nettækni á Íslandi. Við Háskólann er rekið stærsta og öflugasta staðarnet landsins, byggt á ljósleiðurum. Skólinn tengdist fyrst umheiminum með upphringibúnaði árið 1986, og opnaði það fyrir notkun alþjóðlegs tölvupósts. Frá árinu 1987 var internetsamband Íslands rekið af Reiknistofnun Háskólans í

⁸³ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 516.

⁸⁴ *Viðtal*. Hreinn Pálsson prófstjóri og Ragnar Stefán Ragnarsson deildarstjóri RHÍ 29.11.2010.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Háskólaútgáfan varð til 1988 án þess að hafa nokkurn starfsmann í fullu starfi. Síðan hefur hún vaxið upp í að verða ein mikilvægasta þjónustustofnun Háskólans og gefa út um 60 bækur árlega.

NÝJAR BÆKUR FRÁ HÁSKÓLAÚTGÁFUNNI



**Í LEIT AÐ
KONUNGI**
ÁRMANN JAKOBSSON



**BLÓT Í
NORRÆNUM
SÍÐ**
JÓN HNEFILL
AÐALSTEINSSON



**UM HAF
INNAN**
HELGI GUÐMUNDSSON



**KELTAR Á
ÍSLANDI**
HERMANN PÁLSSON



**FJÖLMÍÐLA-
RÉTTUR**
PÁLL SIGURÐSSON



**MENNTUN,
ÁST & SORG**
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

samstarfi við Hafrannsóknastofnun Íslands og fleiri stofnanir í óformlegu félagi sem kallaðist Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi (SURÍS). Raunverulegt internetsamband varð að veruleika hinn 21. júlí 1989, en þann dag var tekið upp fyrsta beina IP-sambandið (*Internet Protocol*) sem jók til mikilla muna möguleika á beinum tengingum til útlanda. Með þessu komst Háskóli Íslands og þar með Ísland í fyrsta skipti í eiginlegt internetsamband. Árið 1995 stofnaði Háskólinn í samstarfi við aðra félagið Internet á Íslandi hf. (Intís), og sá það um netsamband og úthlutaði lénum. Háskóli Íslands átti loks frumkvæði að stofnun félagsins Rannsókn- og háskólanet Íslands hf. (RHnet) í janúar 2001. Reiknistofnun Háskólans hýsir tengipunkt internetsambands háskóla og rannsóknarstofnana við umheiminn samkvæmt samkomulagi við RHnet. Auk sambands við útlönd tengir RHnet háskóla landsins og nokkrar



af rannsóknarstofnunum þess saman á háhraðaneti. Samband við umheiminn er með tengingu við NORDUnet, samtök norrænu rannsóknar- og menntanetanna, sem Háskóli Íslands er aðili að, en RH-net rekur þá tengingu fyrir hönd Háskólans. Hraði og flutningsgeta netsins hefur aukist stjarnfræðilega á tímabilinu 1986–2010 eða úr 300 bitum í 20 milljarða bita á sekúndu.⁸⁵

Hin aukna flutningsgeta og nettenging Stúdentagarðanna leiddi meðal annars til þess að einn nemandi skólans vildi sýna frumkvöðlatakta eins og Reiknistofnun og hóf að reka tölvuþjónustu úr íbúðarherbergi sínu á Gamla garði. Hann hlóð niður miklu magni kvikmynda sem hann fann á netinu og seldi síðan áfram með góðum hagnaði. Að lokum var umferð inn á hans tölvu orðin meiri en allra annarra stúdenta samanlagt, og þá var honum settur stóllinn fyrir dyrnar. Stúdentinn varð fyrst reiður, en svo leiður þegar lokað var fyrir netsamband hans og honum bent á að óheimilt væri að reka fyrirtæki á neti Háskólans.

Magnús Gíslason, kerfisstjóri Reiknistofnunar, bjó í nóvember árið 1992 til fyrstu heimasíðuna eða vefinn sem unnt var að skoða á netinu, og hefur það verið talin fyrsta heimasíða sem stofnuð var á Íslandi.⁸⁶ Hún var afar einföld og lenti smám saman í glatkistunni. Netsamband við útlönd hefur gjörbreytt öllu sambandi háskólamanna við starfsfélaga erlendis, og alþjóðleg samvinna hefur stóru-aukist á öllum sviðum vísinda og fræða í kjölfar þess.

Skjalasafn Háskóla Íslands, sem stofnað var árið 1987, er eins og minni Háskólans. Þar safnast saman hinn skráði vitnisburður um starfsemi háskólasamfélagsins sem varðveittur mun um aldur og ævi.⁸⁷ Skjalasafnið tryggir jafnframt mikilvæg lýðréttindi með því að varðveita vitnisburð stúdenta um námsárangur þeirra.

Stærsta og ein mikilvægasta stofnun sem tengist Háskólanum er *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*. Hið nýja safn varð til þegar Landsbókasafn og Háskólabókasafn voru sameinuð í Þjóðar-bókhöfðu hinn 1. desember 1994. Frá þeim tíma hefur safnið eflst og fest sig í sessi, en þó virðist sem sambandið við Háskóla Íslands hafi ekki aukist.⁸⁸ Umhverfið sem safnið starfar í hefur breyst verulega á þessum tíma og tæknibreytingar hafa verið gífurlegar. Í takt við þetta hefur rafræn þjónusta og stafræn miðlun orðið sífellt umfangsmeiri í starfsemi safnsins, og segja má að annað þjóðbókasafn sé að verða til í netheiminum. Starfsmenn skólans og stúdentar geta í auknum mæli nýtt sér safnkostinn og þjónustu safnsins hvort

⁸⁵ *Tölvupóstur*. Maríus Ólafsson, netstjóri RHÍ 16.11.2010.

⁸⁶ *Víðtal*. Maríus Ólafsson, netstjóri RHÍ 16.11.2010.

⁸⁷ Magnús Guðmundsson, „Skjalasafn Háskóla Íslands“. – *Vef*: Skjalasafn Háskóla Íslands.

⁸⁸ Áslaug Agnarsdóttir, „Tvíhöfða risi“, 27–38.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF



*Fyrsti forstöðumaður
Skjalasafns Háskóla Íslands,
Magnús Guðmundsson, að
störfum.*

heldur þeir eru staddir á háskólasvæðinu, úti á landi eða erlendis. Safnið tekur virkan þátt í þróun bókasafnskerfisins Gagnis og leitar-síðunnar Gagnir.is. Gagnir er samstarfsverkefni íslenskra bókasafna og er rekinn af Landskerfi bókasafna hf., en nær 300 bókasöfn á landinu nota kerfið, og er það einstakt að heilt þjóðríki sameinist um slíkt kerfi.

Frá því að bókasöfnin voru sameinuð hefur orðið gjörbreyting á „vinnubrögðum flestra háskólanema, kennara og fræðimanna hvað varðar upplýsingaleit og öflun heimilda“.⁸⁹ Safngestir nota í vaxandi mæli netheima og hið rafræna bókasafn, og því hefur verið keyptur aðgangur að rafrænum gagnasöfnum sem geyma tímarit og aðrar heimildir og veita vísindamönnum Háskólans, sem og öðrum fræðimönnum á Íslandi, aðgang að nýjustu rannsóknum um allan heim á hinum margvíslegu sviðum vísinda og fræða. Ef til vill er þetta einn liður í þróun í átt til netháskóla sem eru að verða til sums staðar erlendis.⁹⁰ Safnið rekur samstarfsverkefnið Landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og leitar síðuna Hvar.is. Þar er aðgangur að þúsundum erlendra tímarita, auk 12 gagnasafna, og safnið heldur jafnframt utan um séráskriftir rafrænna tímarita og gagnasafna fyrir Háskóla Íslands. Þá rekur safnið Skemmuna sem er samstarfsverkefni íslenskra háskóla og varðveitir námsritgerðir nemenda, bæði rafrænt og prentað eintak, og rannsóknarit kennara háskólanna.⁹¹ Þannig hefur safnið verið mikilvægur liður í að varðveita ritstörf háskólamanna á einum stað til frambúðar. Akademískir starfsmenn skila inn til Vinnumatssjóðs afritum af ritverkum sem prentuð eru erlendis, og eru þau áframsend til Háskólabókasafns til varðveislu.

Stafræn endurgerð íslensks safnefnis og miðlun þess á vef bókasafnsins hófst fljótlega eftir sameiningu safnanna. Fyrsta verkefnið var kortavefurinn sem var opnaður 1997, og má þar skoða Íslands-kort frá ýmsum tímum. Síðar hafa verið opnaðir vefir fyrir tímarit, handrit og bækur. Flest þessi verkefni hafa verið unnin sem samstarfsverkefni, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Mikið hagræði er fyrir stúdenta, vísindamenn og almenning að fá þetta efni aðgengilegt á vefnum. Á sama tíma varðveitist viðkvæmt safnefni betur. Söfnun og varðveisla stafræns efnis er í verkahring safnsins, og fyrsta stóra verkefnið á því sviði var söfnun íslenskra vefsíðna. Íslenska vefnum, þ.e. þjóðarléninu .is, og erlendum síðum sem fjalla um Ísland og íslensk málefni hefur verið safnað síðan 2004.⁹² Síðustu

⁸⁹ Áslaug Agnarsdóttir, „Tvíhöfða risi“, 27.

⁹⁰ Guðrún Þórsteinsdóttir, „Aðgengi fjarnema að upplýsingum og áhrif búsetu á upplýsingaleitarhegðun þeirra“, 50.

⁹¹ *Tölvupóstur*. Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður 20.12.2010.

⁹² *Véf*. Lbs. – Háskólabókasafn. Vefheimildir.



Baggalútur hét upphaflega Íslenska verkfræðistofan og óx upp sem sprötafyrirtæki í Tæknigarði. Hér hefur hann farið langan veg og skemmtir gestum með frumflutningi á eigin lagi í átt-ræðisafmæli Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl 2010.

misseri hafa verið stigin fyrstu skref við móttöku og söfnun á öðru efni sem verður til stafrænt, svo sem bókum, tímaritum, tónlist o.fl.

Þjónusta við nemendur og kennara Háskóla Íslands er stór þáttur í starfseminni. Safnið sér um ritakaup fyrir Háskólann. Boðið er upp á upplýsingaþjónustu, almennar heimildaleitir og leitir í gagnagrunnum, safnkynningar og kennslu á gagnasöfn, auk aðstöðu til náms og rannsókna. Námsbókasafn er starfrækt í safninu, og það efni sem ekki er til má panta í millisafnaláni frá öðrum innlendum og erlendum söfnum.

7. Ábyrgð háskólamanna

Í kjölfar bankakreppunnar árið 2008 hófust umræður um ábyrgð hinna ýmsu aðila á orsökum hennar. Háskóli Íslands var ekki undanskilinn. Traust landsmanna til Háskólans, sem verið hafði frá upphafi mælinga hið mesta sem um gat og fór í 90% í febrúar 2008, féll niður í 76% í febrúar 2010 og var þar enn í febrúar 2011.⁹³ Reyndar féll traust á fleiri stofnunum á þessum tíma en aðrar héldu tiltrú sinni, eins og lögreglan og heilbrigðiskerfið. Eftir að skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um hrun bankanna birtist var bent á þátt fræðasamfélagsins. Þingmaður og doktor frá Háskólanum sagði: „Í stað þess að vera drifkraftur frumlegrar hugsunar hafa íslenskar rannsóknir og fræðastarf í vaxandi mæli orðið þjónar fjármagnsins þar sem vísindastarf hefur orðið æ háðara viðskiptalífínu.“⁹⁴


Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, taldi að Háskóli Íslands

⁹³ Vef: Þjóðarpúlsinn.

⁹⁴ Ólína Þorvarðardóttir, „Afhjúpun aldarinnar“, 30.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Hvað sem liður stöðu Háskóla Íslands meðal háskóla heimsins hefur hann venjulega notið meira trausts meðal almennings en nokkur önnur stofnun samfélagsins þegar spurt hefur verið, þótt nokkuð hafi dregið úr því síðustu árin. Hér er mynd úr Fréttabréfi Háskóla Íslands sem sýnir traust fólks á skólanum 1993–98. Þá sögðust 75–85% fólks bera mjög mikið traust til hans.



bæri nokkra ábyrgð á hruninu sem varð haustið 2008. „En ábyrgð þeirra og þar með Háskólans sjálfs er óneitanlega mikil. Ekki fyrst og fremst á hruni bankanna heldur á þeim stofnunum og fyrirtækjum sem hefðu átt að fyrirbyggja að svona lagað gæti gerst.“⁹⁵ Nokkrir háskólakennarar mærdi gagnrýnislaust útrásarvíkinga sem söfnuðu fjallháum skuldum með kaupum á fyrirtækjum um allan heim, en þeir voru færri sem vörðu við hættunni af slíku.⁹⁶ Vísinda- og fræðimenn háskólasamfélagsins hafa fengið verðugt rannsóknarverkefni. Nokkrum þeirra stendur nærri að gera grein fyrir sínum þætti.

Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur, spyr í Morgunblaðinu 5. janúar 2010 hver sé ábyrgð fræðimanna. „Á t.a.m. að veita öllum þeim háskólakennurum áminningu sem aðhylltust stefnuna sem leiddi til hrunsins? ... Ef það eru ekki fræðimennirnir/kennararnir sem bera ábyrgð, er það þá námið, náms-efnið? Er eitthvað sem nemendum var ekki kennt? Ef svo er, liggur þá ekki beinast við að innkalla þær gráður og hvetja fólk til að setjast á skólabekk á ný og bæta við sig því sem upp á vantar? ... Að mínu mati hefur í raun háskólasamfélagið sloppið ótrúlega vel í allri þeirri umræðu sem sprottið hefur upp í kjölfar hrunsins og þáttur háskóla hefur að mjög takmörkuðu leyti verið skoðaður.“⁹⁷ Í kjölfar bankareppunnar voru haldnir margir fyrirlestrar í Háskólanum þar sem reynt var að útskýra tildrög efnahagsvandráðanna.

Í sumum tilvikum virtist unnt að kaupa gæðastimpla frá háskólakennurum og nota þá í áróðursstríði atvinnulífsins. Til dæmis verður ekki betur séð en að það hafi gerst í aðdraganda bankahrunsins. Þegar bankarnir höfðu fengið á sig harða gagnrýni frá greiningardeildum Fitch í febrúar 2006 og Den Danske Bank í mars fékk

⁹⁵ Páll Skúlason, „Allir þurfa að læra siðfræði!“, 31.

⁹⁶ Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 86–87.

⁹⁷ Pétur Berg Matthíasson, „Háskólamenntun í kjölfar hrunsins“, 17.

Viðskiptaráð Íslands þá Frederic Mishkin, prófessor við Columbia-háskóla, og Tryggva Þór Herbertsson, prófessor og þáverandi forstöðumann Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, til að skrifa fyrir sig skýrslu um fjárhagslegan stöðugleika á Íslandi sem birtist í maí 2006. „Höfundarnir ... segja að vegna þess að íslenskar ríkisstofnanir séu í háum gæðaflokki sé afar ólíklegt að alvarleg vandamál muni steðja að íslenska bankakerfinu.“ Það að háskólakennarar lögðu nafn sitt við skýrsluna og fylgdu henni eftir með fundum gaf henni mikið vægi, og bankarnir gátu haldið áfram að safna skuldum. Þrátt fyrir rausnarlegar greiðslur fyrir viðvikið skjátláðist prófessorunum stórlega.⁹⁸

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið eru vissulega einnig nokkur dæmi um háskólakennara sem voruðu við útpenslu bankanna, en á varnaðarorð þeirra var ekki hlustað.⁹⁹ Dæmi eru um að bankarnir hafi hótad að hætta stuðningi við Háskóla Íslands ef kennarar skólans hættu ekki að gagnrýna þá.¹⁰⁰ Á árunum fyrir hrun þáði Háskóli Íslands 121 milljón króna í stuðning frá bönkum og fjármálastofnunum.¹⁰¹ „Áhrif kostunar verða fremur óbein en bein og draga leynt og ljóst úr hvatanum til að gagnrýna þá aðila sem fjármagna starfsemina og þar með að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni.“¹⁰² Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var talið brýnt að setja almennar reglur um tilhögun kostunar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Háskóli Íslands setti í árslok 2008 reglur um störf starfsmanna skólans utan hans. Þar segir meðal annars: „Starfsmaður skal gæta þess að störf hans utan Háskóla Íslands, hvort sem þau eru launuð eða ekki, samræmist faglegum skyldum hans í Háskólanum, þannig að ekki verði véfengt að ákvarðanir hans og athafnir í starfi samræmist reglum Háskólans og séu í þágu skólans.“¹⁰³

8. Meðal hundrað bestu

Í kjölfar nýrra laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands tóku yfirvöld skólans að undirbúa stefnumótun í málefnum hans. Það var hlutverk háskólafundar hinn 6. apríl 2001 að samþykkja sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskólans.¹⁰⁴ Eftir það unnu allar deildir og helstu stofnanir ítarlegar þróunaráætlanir sem kynntar voru síðar sama ár. Loks var árið 2002 hnykk á þessari stefnumótunarvinnu og samþykkt greinargerðin „Uppbygging Háskóla Íslands – Markmið og aðgerðir 2002–2005“. Með þessu var ákveðið að gera Háskóla Íslands að enn

⁹⁸ Bandaríski prófessorinn Frederic Mishkin fékk 135.000 dali fyrir sinn snúð sem jafngildir árs-launum tveggja prófessora, og Tryggvi Þór fékk 3 milljónir króna, sem voru nærri hálf árslaun, og af því fékk Hagfræðistofnun „eithvað“ fyrir þessa 66 blaðsíðna skýrslu. – Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 214. – Vef. Viðskiptaráð. Financial Stability in Iceland, 9. – Sigurjón Þórðarson, „Háskólinn og hrunið“, 28.

⁹⁹ Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 161, 23.

¹⁰⁰ Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 221–22.

¹⁰¹ Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 212.

¹⁰² Vef. Alþingi. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 223.

¹⁰³ Vef. HÍ. Reglur um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands, nr. 1096/2008.

¹⁰⁴ Vef. HÍ. Háskóli Íslands. Vísinda- og menntastefna Háskóla Íslands 2001.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Spámannlega mælt? Upphaf viðtals við Armann Snævarr háskólarektor sumarið 1969.



öflugri rannsóknarháskóla, auka fjölbreytni námsins, efla alþjóðleg samskipti, og bæta ýmis starfsskilyrði í háskólasamfélaginu. Í framhaldi af því voru tilgreindar margvíslegar aðgerðir til að ná þessum markmiðum. Talið var að þetta væri í „fyrsta sinn sem Háskóli Íslands setur fram slíka stefnumiðaða framtíðaráætlun með skýrum mælanlegum markmiðum og tímasetningum“.¹⁰⁵

Skömmu eftir að Kristín Ingólfssdóttir var kosin í embætti háskólarektors árið 2005 setti hún á fót umfangsmikla vinnu við stefnumörkun fyrir Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2006–11 sem samþykkt var á háskólafundi 5. maí 2006 og staðfest af háskólaráði 16. maí. Sambærilegar stefnufirlýsingar hafa notið vaxandi vinsælda við háskóla erlendis, og var tekið mið af þeim.¹⁰⁶ Kristín sagði í ávarpi stefnufirlýsingarinnar að hlutverk skólans væri að „þjóna íslensku samfélagi á hverjum tíma og stuðla að framförum og hagsæld. Um fátt ríkir meiri sátt en að velsæld þjóða á 21. öld byggist á því hve hratt og örugglega þær örva þekkingarsköpun, bæta menntun og nýta sér hana. Þess vegna þarf háskólanám og vísindastarfsemi hérlandis að vera á heimsmælikvarða. Við viljum því gera sáttmála við þjóðina um að sækja hærra og lengra.“¹⁰⁷ Í þessari stefnumörkun kemur fram að stórefla skuli alþjóðlegt doktorsnám, fjölga brautskráðum doktorum, efla vísindarannsóknir í samvinnu við alþjóðlega skóla í fremstu röð, sækja á alþjóðlega markaði eftir kennurum og nemendum, bæta starfsaðstöðu þeirra og skerpa á kröfum um námsframvindu. Stefn

¹⁰⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 2002, 8.

¹⁰⁶ Ómar H. Kristinsson, „Um stefnufirlýsingar háskóla“, 705–15.

¹⁰⁷ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011*, 1.



skuli að því að færa rekstrarlega ábyrgð út til deilda og bæta þjónustu. Til að ná þessum markmiðum þurftu heildartekjur Háskólans að aukast verulega á tímabilinu 2007–11, og með stefnuna að vopni var áfram unnið að því. Kristín sagði á fundi við undirritun samnings um kennslu og rannsóknir 11. janúar 2007:

Fyrir réttu ári átti ég tal við menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi og um stefnumótun Háskólans og mikilvægi þess að setja skólanum skýr og afdráttarlaus markmið. Ef til vill hefur keppnisskap handboltakonunnar birst þegar hún varpaði fram þeirri spurningu hvað þyrfti til að Háskóli Íslands kæmist í lið 100 bestu háskóla.¹⁰⁸

Það sem vakti hvað mesta athygli úti í samfélaginu, og mörgum fannst eftirtektarverðast, var að til að „þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtíamarkmið að vera meðal 100 bestu háskóla í heimi“.¹⁰⁹ Þessu markmiði var víða vel tekið, og þjóðarstoltið svall í brjóstum Íslendinga. Aðrir bentu á hversu margt vantaði hjá Háskóla Íslands til að þessu markmiði yrði náð og hann stæði langt að baki þeim skólum sem væru meðal 100 bestu. Til að ná afburðaárangri stefndi Háskóli Íslands að því að bera sig saman við nokkra öfluga háskóla í nágrannalöndunum sem voru sambærilegir að rekstrarformi, en það voru háskólarnir í Kaupmannahöfn, Helsinkí, Lundi, Uppsölum, Tromsø, Björgvin, Aberdeen og Boston sem allir eru meðal háskóla í fremstu röð. Til að komast á þann lista „eru mikilvægustu mælikvarðarnir birtingar á rannsóknarniðurstöðum í viðurkenndum alþjóðlegum ISI-tímaritum, fjöldi greina í tímaritunum Nature og Science, vísindaverðlaun til kennara og nemenda, áhrif af rannsóknarniðurstöðum vísindamanna, fjöldi erlendra nemenda, fjöldi erlendra kennara og mat virtra fræðimanna á háskólunum. Ennfremur er tekið mið af þáttum á borð við fjölda nemenda á hvern kennara og árangri nemenda eftir brautskráningu.“¹¹⁰ Frá því að Háskóli Íslands setti sér þessi markmið hefur mikill árangur náðst á sumum sviðum, svo sem fjölgun brautskráðra doktora, fjölgun tilvitnana í birtingar vísindamanna Háskólans og aukning styrkja úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Á öðrum sviðum hefur ekki gengið eins vel að ná markmiðunum, einkum í efnahagskreppunni, þannig er fjöldi nemenda á hvern kennara svipaður og verið hefur.

¹⁰⁸ Vef. Lbs. Ávarp Kristínar Ingólfsdóttur rektors við undirritun samnings um rannsóknir og kennslu.

¹⁰⁹ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011.*

¹¹⁰ *Stefna Háskóla Íslands 2006–2011.*

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

Hinn 11. janúar 2007 var undirritaður samningur milli Háskóla Íslands og menntamálaráðherra um auknar fjárveitingar til skólans. Þetta var atburður sem háskólasamfélagið hafði beðið eftir í tæpa tvo áratugi. Loksins, loksins höfðu ráðamenn séð eftir margar úttektir óháðra aðila að Háskóli Íslands var vel rekin og ódýr gæðastofnun, og nú átti að hefja uppbyggingarstarf með auknum fjárveitingum sem miðuðust við að Háskólinn stæði jafnfætis alþjóðlegum rannsóknarháskólum í fremstu röð.¹¹¹ Kannski höfðu ráðamenn séð ljósið og áttað sig á því að sprotafyrirtæki og nýsköpun tengist í vaxandi mæli rannsóknum háskóla og fólki sem hefur menntað sig og vill nota þekkingu sína til að búa til ný tækifæri. Ekki hefur spillt fyrir að ríkissjóður stóð vel, m.a. vegna sölu á ríkisfyrirtækjum, niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs og ríflegra skatttekna. Boðað var til fundar í hátíðarsal Háskólans þar sem menntamálaráðherra, háskólarektor og formaður Stúdentaráðs héldu ræður, og iðnaðar- og viðskiptaráðherra og formaður annars stjórnarflokksins sat á palli og skrifaði undir sem vitundarvottur. Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs, sagði að það hefði mátt sjá tár á vanga við þessa tilfinningaþrungnu athöfn. Menntamálaráðherra sagði við þetta tækifæri: „Þessi samningur markar tímamót og á sér langan aðdraganda. Hann leggur grunn að alveg nýjum kafla í sögu Háskólans og um leið þróun menntakerfisins á Íslandi.“¹¹² Samkvæmt samningnum átti Háskólinn að fá 300 milljóna króna aukafjárveitingu árið 2007 og síðan 640 milljóna króna viðbótarframlag árlega á árunum 2008–11, samtals tæplega 2,9 milljarða króna. Fjárveitingin var háð árlegu samþykki Alþingis og því að Háskólinn uppfyllti margvísleg skilyrði um aukin afköst og árangur í starfi. Með þessum árangurstengda samningi voru skapaðar raunhæfar forsendur fyrir því að Háskóli Íslands öðlaðist viðurkenningu í framtíðinni sem háskóli í fremstu röð í heiminum.

„Tímamót í íslenski skólasögu“, sagði á forsíðu Fréttablaðsins, og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri þess og fyrrverandi forsætisráðherra, sagði í leiðara blaðsins að samkomulagið „markar nýtt upphaf í þróun vísindarannsókna og háskólakennslu. Í því felst einnig veigamesta pólitíska ákvörðun kjörtímabilsins.“¹¹³ Njörður P. Njarðvík, prófessor emeritus, taldi hins vegar að tilraun til að komast í hóp bestu háskóla í heimi hefði verið óraunsæ. „Rektor Háskóla Íslands, minnar gömlu stofnunar sem ég starfaði við í 33 ár, lýsti því yfir, að skólinn skyldi verða einn af hundrað bestu háskólum í heimi. Til

¹¹¹ HÍ. Málsnúmer: HI05110025. An Evaluation of Scholarly Work at the University of Iceland. Málsnúmer: HI03050029. Institutional Evaluation Programme – ytri úttekt EUA á HÍ 2005.

Málsnúmer: HI05110024. Skýrsla starfshöps rektors um viðbrögð við niðurstöðum ytri úttekta á Háskóla Íslands 2004 og 2005.

¹¹² Vef. Lbs. Ávarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við undirritun samnings um rannsóknir og kennslu.

¹¹³ Fréttablaðið 12. jan. 2007, 1, 26. – *Árbók Háskóla Íslands* 2007, 256.

hvers er svona yfirlýsing? Er ekki lengur hægt að stefna einfaldlega að því að vanda sig, gera sitt allra besta, bæta skólann hægt og bítandi.“¹¹⁴ Þráinn Eggertsson, sem einnig hafði starfað sem kennari við Háskóla Íslands í liðlega þrjá áratugi, svaraði árið 2011 spurningu um hvort Háskóli Íslands kæmist á topp hundrad-listann á næstu 20 til 30 árum:

Ég held að það sé nær óhugsandi. Við erum of fámenn til þess – og íslenskir háskólar minna oft fremur á leiktjöld en alvöruháskóla. Við getum hugsanlega náð langt – og höfum náð langt – á örfáum sviðum. Með sérhæfingu. En við stefnum alls ekki í þá átt – við reynum að sinna öllum sérgreinum sem sögur fara af og spreða háskólum út um allar þorpa-grundir. ... Ég hef ekki orðið var við raunverulegan metnað í háskólamálum hjá leiðtogum þjóðarinnar eða jafnvel hjá þjóðinni.¹¹⁵

Viðbótarfjárveiting kom árin 2007 og 2008, en síðan hrundu hinir nýlega einkavæddu bankar eins og spilaborg yfir þjóðina. Frekari greiðslum til Háskóla Íslands á grundvelli samningsins var frestað frá og með 2009.¹¹⁶ Gjaldþrot bankanna í október 2008 var verulegt áfall fyrir skólann eins og fyrir alla þjóðina. Draumurinn um að komast í hóp 100 bestu fjarlægðist, um sinn að minnsta kosti. Háskólanum var gert að spara á sama tíma og fjöldi atvinnulausra streymdi í skólann. Árið 2009 var talið að sparnaður hjá Háskólanum jafngilti rekstri Kennaraháskólans, en þar var 2.300 nemenda skóli að sameinast Háskóla Íslands um mitt ár 2008. „Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, segir að frestun samningsins sé áfall ekki síst þar sem skólinn hefur staðið við öll áfangamarkmið sem í samningnum eru. ... Hættan er sú að okkur fatist flugið í rannsóknum og af því hef ég verulegar áhyggjur.“¹¹⁷

Afmælisárið 2011 skar Alþingi fjárveitingar til Háskólans niður þriðja árið í röð, þá um 475 milljónir króna, og var áætlað að um 900 stúdentar væru við nám í skólanum án þess að þeim fylgdi fjárveiting. Til að bregðast við samdrættinum vildi háskólaráð treysta gæði og kjarnastarfsemi skólans, kennslu og rannsóknir. Á fundi sínum hinn 17. desember 2010 ákvað háskólaráð að undirbúa hugsanlegar aðgangstakmarkanir og benti jafnframt á að lengi hefði verið óskað eftir því að fá að hækka skrásetningargjald en stjórnvöld



Á Háskóladegi 20. febrúar 2010 kynnti Félagsvísindasvið starfsemi sína. Þar bókðu nemendur 5.580 vöflur handa gestum, örugglega meðal hinna bestu í heimi.

¹¹⁴ Njörður P. Njarðvík, *Spegill þjóðar*, 116–17.

¹¹⁵ *Friðs verslun* LXXII:2, 33.

¹¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 89. – *Tölvubréf*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 25.09.2009.

¹¹⁷ *Fréttablaðið* 26. nóv. 2009, 1.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.6 RANNSÓKNARSTARF

hafi neitað skólanum um lagabreytingu sem er skilyrði fyrir hækkun.¹¹⁸ Á hundrað ára afmælisári Háskólans var Þjóðskólinn tilbúinn að velja úr Þjóð sinni inn í skólann.

Stefnumörkun Háskólans fyrir 2006–10 þótti hafa tekist vel og mörg markmið sem skólinn setti sér náðu fram að ganga. Árið 2010 var því hafinn undirbúningur að nýrri stefnumörkun Háskólans fyrir árin 2011–16. Hin nýja fimm ára áætlun var samþykkt á háskólaþingi hinn 7. desember og staðfest í háskólaráði 17. desember 2010. Í Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 var sem fyrr megináherslan á að efla skólann sem alþjóðlegan rannsóknarháskóla í fremstu röð með framúrskarandi kennslu. Auk þess var lögð áhersla á mannauð skólans og talið brýnt „að vísindamenn skólans ástundi uppbyggilega gagnrýni á þeim vettvangi sem hver og einn þekkir best og að þeir taki virkan þátt í opinberri umræðu á vandaðan hátt“.¹¹⁹

Á árinu 2011 var aldarafmæli Háskóla Íslands fagnað undir yfirskriftinni *Fjár sjóður til framtíðar*. Vísað var til þeirrar menningar og þeirrar auðlegðar sem býr í stúdentum sem munu erfa landið og byggjast á rannsóknum háskóla og nýsköpun í samvinnu við atvinnulíf landsmanna. Þjóð sem varð vitni að því að fjármunum var glatað í bankahruni, fjármunum sem voru meiri en sem hefði numið rekstri Háskóla Íslands í 500 ár, veit að fjárfesting í menntun verður ekki tekin frá henni eins og fjárfesting í hlutabréfum skýjaglópa.¹²⁰ Fjárfesting í menntun og rannsóknum er fjársjóður til framtíðar, og Háskóli Íslands vildi leggja sitt af mörkum til að gera þann visku-brunn sem drýgstan.

Háskólinn er ekki hættur þátttöku í alþjóðlegri samkeppni. Fáum dögum áður en haldið var upp á aldarafmæli hans, 8. október 2011, barst sú frétt að Háskóli Íslands hefði komist í hóp 300 bestu háskóla í heimi, að mati breska blaðsins *Times Higher Educational Supplement*. Þar eru um 17.000 háskólar metnir þannig að þeir 300 bestu eru innan við 2% hópsins. Reikna má út frá stigamati sem blaðið birtir að skólinn er í 276. sæti. Blaðið metur fimm þætti háskólastarfs: kennslu (30%), rannsóknir (30%), áhrif rannsókna (30%), alþjóðavídd (7,5%) og tekjur sem aflað er frá fyrirtækjum (2,5). Háskóli Íslands aflar flestra stiga í áhrifum rannsókna, sem eru mæld í fjölda tilvísana í ISI-tímaritum í greinar eftir starfsmenn skólans.¹²¹

¹¹⁸ HÍ. Fundargerð háskólaráðs 17. des. 2010.

¹¹⁹ *Stefna Háskóla Íslands 2011–2016*, 21.

¹²⁰ Gylfi Zoëga, „Hver borgar brúsann?“, 1.

¹²¹ Vef. HÍ. Hugskot. Eiríkur Smári Sigurðarson, „Háskólaálfur Tímans um Háskóla Íslands.“



7. Stúdentaráð

1. Stúdentaráð

Stúdentaráð er skipað 30 fulltrúum stúdenta sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Til að halda til haga reynslu og þekkingu er helmingur þeirra kosinn inn árlega. Stúdentaráð kýs sér sjö manna stjórn sem fer með málefni ráðsins á milli funda. Stúdentaráði er ætlað að „standa vörð um menningarlega og félagslega hagsmuni stúdenta og vera æðsti fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan“.¹ Með lögum frá 1957 fengu stúdentar einn mann í háskólaráð og í kjölfar stúdentabaráttunnar á áttunda áratugnum fjölgaði þeim í fjóra árið 1978 á mótum háskólarektor, deildarforsetum og tveimur fulltrúum Félags háskólakennara.² Með lögum um Háskóla Íslands frá 1999 fækkaði fulltrúum í ráðinu og stúdentar fengu tvo, sem þeir kjósa beint. Undir Stúdentaráði starfar fjöldi fastra nefnda, svo sem hagsmunanefnd, lánasjóðsnefnd, menntamálanefnd, funda- og menningarmálanefnd, jafnréttisnefnd og utanríkisnefnd eða alþjóðanefnd. Stúdentaráð skipar fulltrúa í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Æskulýðssambands Íslands, auk fjölda annarra ráða og nefnda sem varða hagsmuni stúdenta, meðal annars allar fastanefndir háskólaráðs. Aðspurðir telja almennir stúdentar sig þó hafa takmarkaða möguleika á að hafa áhrif á stefnu Háskólans.³ Stúdentaráð hefur í áratugi gefið út Stúdentablaðið sem kemur út reglulega yfir vetrarmánuðina og hefur stundum verið dreift með dagblöðum til allra landsmanna. Hin síðari ár hefur fréttamiðlun á vef Stúdentaráðs stóraukist, og þar hefur meðal annars mátt hlusta á fróðlega umræðuþætti, sem teknir eru upp í hljóðveri í kjallara Odda, þar sem stúdentar taka dægurmál og baráttumál sín til umfjöllunar.

Auk Stúdentaráðs voru árið 2010 starfrækt 60 nemendafélög á vegum nær allra námsgreina í Háskólanum, og tengjast skemmtileg nöfn þeirra jafnan námsgreinum. Þannig er Yggdrasill félag nemenda í umhverfisfræði, Soffía félag heimspekinema, Spútnik félag rússneskunema, Hnallþóra félag matvælafræðinema, Kuml félag fornleifafræðinema, svo að eitthvað sé nefnt. Mörg nemendafélög gangast fyrir náms- og skemmtiferðum, gefa út fréttabréf og tímarit, bjóða upp á fyrirlestra, skiptibókamarkaði, halda úti spjall-

¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01*, 30. – Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 329.

² *Stúdentablaðið 1993* 1. tbl., 12. – *Árbók Háskóla Íslands 1976–79*, 7.

³ Friðrik H. Jónsson, Einar Mar Þórðarson og Pétur Maaack Þorsteins-son, *Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands*, 31.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

Árið 2002 tók Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, völdin í Stúdentaráði eftir áratugarlangt veldi vinstri armsins í stúdentapólitík-inni.



rásam og tölvupóstlistum og margt fleira. Nemendur í virku félagsstarfi innan Háskóla Íslands skipta því þúsundum árlega.

Stúdentaráð er hópur námsmanna með það sameiginlega áhugamál að vinna að heill og velferð stúdenta. Skiptar skoðanir eru um leiðir til að hámarka þessa velferð. Tvær nokkuð jafnstórar fylkingar hafa lengi stjórnað Stúdentaráði frá því að það var sett á laggirnar árið 1920. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, var stofnuð 1935, og Röskva, samtök félagshyggjufólks, var stofnuð árið 1988.⁴ Vaka vann stærsta sigur sinn í áratugi árið 1990, en strax árið eftir snerist dæmið við og Röskva komst til valda. Á tífunda áratugnum og fram á nýja öld var Röskva með meirihluta í ellefu ár í röð. L-listi óháðra náði inn manni veturinn 1994–95. Fyrsta áratug 21. aldar hafa fylkingarnar skipst á að vera í meirihluta, Vaka þó heldur oftar. Árið 2005–06 komst Háskólistinn í lykilstöðu, en hann hafði fyrst boðið fram árið 2003. Hann hafði einstaklingskosningar og afnám fylkingapólitíkur sem höfuðmarkmið sitt og neitaði að mynda meirihluta með annarri hvorri stóru fylkingunni. Niðurstaðan var samvinna þar sem Röskva var með þrjá fulltrúa, Vaka þrjá fulltrúa og formaður ráðsins kom frá Háskólistanum þar sem hvorug stóra fylkingin gat unnt hinni að fá formannssætið. Elías Jón Guðjónsson stjórn málafræðinemi var kjörinn formaður með tveimur atkvæðum Háskólistans og 18 sátu hjá við formannskjörið.⁵ Árið eftir kom aftur upp oddastaða Háskólistans, en þá sameinuðust

⁴ *Stúdent* 1993 vor, 3. – *Morgunblaðið* 5. feb. 2011, 22.

⁵ *Fréttablaðið* 20. mars 2005, 38.

Röskva og Vaka um að útiloka Háskólistann frá samstarfinu sem fólki Háskólistans fannst einhver merkilegasta niðurstaða kosninganna.⁶ Í kosningum 2009 var Öskra, hreyfing byltingarsinnaðra stúdenta, mjög áberandi, en fylgismenn hennar aðhylltust hugmyndir anarkisma. Þeir hvöttu stúdenta til að kjósa ekki og voru mjög gagnrýnir á starf Stúdentaráðs og gömlu fylkinganna. Í kosningunum 2009 vann Vaka meirihluta á sama tíma og mikil sveifla var í samfélaginu til vinstri, og mynduð var fyrsta vinstristjórnin á Alþingi. Skrökva, félag flokksbundinna framapotara við Háskóla Íslands, náði inn manni í kosningum vorið 2010. Stefnumál Skrökvu var að breyta fyrirkomulagi Stúdentaráðs og leggja niður fylkingapólitíkina eins og Háskólistinn hafði talað fyrir. Þá gerðist aftur sá sögulegi atburður að mynduð var samvinnustjórn allra fylkinga í ráðinu. Í ársbyrjun 2011 náði Vaka aftur meirihluta með fimm fulltrúum, en þá voru í framboði, auk Röskvu sem fékk þrjá menn, Skrökva, sem náði einum manni, og Stúdentafélag hægrimanna sem bauð fram í fyrsta sinn og náði ekki inn manni.⁷ Röskva og Vaka hafa lengst af verið með jafnmarga fulltrúa í háskólaráði.

Þótt stúdentar skiptist í fylkingar og takist á um stefnur og strauma er samstarfið að jafnaði gott og samstaða um hin stóru hagsmunamál stúdenta. Starfi hagsmunanefndar veturinn 1996–97 var lýst þannig: „Starf nefndarinnar var með miklum ágætum og góð samvinna milli nefndarmanna.“⁸ Árið 2001 var tekið í sama streng: „Samstarf fylkinganna í Stúdentaráði við reglugerðarvinnuna gekk almennt mjög vel, fyrir utan tímabundnar deilur um réttmæti skólagjalda í MBA-námi, og stúdentar sýndu mikla samstöðu á háskóla-fundi þann 19. maí þegar reglugerðin var tekin til umfjöllunar.“⁹

Innan við helmingur stúdenta tekur að jafnaði þátt í kosningu til Stúdentaráðs sem er stundum tekið sem dæmi um áhugaleysi stúdenta um eigin málefni. Síðustu ár hefur verið kosið rafrænt, og var vonast til að það mundi glæða kjörsókn. Hún virðist lítið hafa batnað því að árið 2011 kusu aðeins 27% stúdenta, og gæti það verið mælikvarði á að hreyfingarnar væru að færast nær hver annari.¹⁰ Ekki eru allir námsmenn spenntir fyrir stúdentapólitík eins og lesa má í dagbók háskólastúdents frá árinu 2001: „Stúdentapólitíkin, með fullri virðingu fyrir þeim sem að henni standa, finnst mér ekki gáfuleg. Tvær mjög þreyttar og gamlar hreyfingar keppast um að eigna sér heiðurinn af öllu sem gerist jákvætt í skólanum. Vaka kennir Röskvu um allt sem fer miður (eins og t.d. að Röskva

⁶ *Tölvupóstur*. Óli Gneisti Sóleyjarsón 10.02.2011.

⁷ *Morgunblaðið* 5. feb. 2011, 22.

⁸ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1996–97, 43.

⁹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 109.

¹⁰ *Morgunblaðið* 5. feb. 2011, 22.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

hafi gleymt að fordæma heimsókn Li Pengs til landsins) og nefnir Röskvu mjög oft á nafn. Þeir hafa verið í minnihluta svo lengi sem elstu menn muna og þar sem Röskva er búin að eyðileggja áhuga stúdenta á stúdentapólitík nennir enginn að fylgjast með hvað er að gerast.¹¹

Aðeins hefur borið á því að stöku stúdent telji sér ekki skylt að greiða gjald til Stúdentaráðs.¹² Þannig neituðu þrír stúdentar árið 1992 að greiða allt innritunargjaldið vegna þess að þeir vildu ekki eiga aðild að Stúdentaráði.¹³ Skylduaðild hefur verið réttlætt með því að Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta taka að sér margvíslega þjónustu fyrir Háskóla Íslands og fá hluta af skráningargjaldi skólans í sinn hlut.¹⁴ Að ætla að greiða aðeins hluta skrásetningargjaldsins og standa ekki skil á þeim hluta þess sem rennur til Stúdentaráðs er svipað því að einstaklingur neiti að greiða allt útsvarið til sveitarfélagsins vegna þess að hann fari aldrei í sund, noti ekki strætó og tali aldrei við sveitarstjórnina.

Stúdentar sem kosnir eru til ábyrgðar í Stúdentaráði verða oft áberandi í stjórn málum og efnahagslífi landsmanna þegar fram líða stundir. Því má segja að störf fyrir stúdenta sé eftirsóknarverður félagsmálaskóli og stökkpallur til frekari frama í samfélaginu. Frá tíunda áratug 20. aldar má meðal annars sjá meðal félagsmanna Vöku nöfn Jónasar Fr. Jónssonar sem varð forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Sigurjóns P. Árnasonar, bankastjóra Landsbanka Íslands, og Illuga Gunnarssonar alþingismanns. Frá Röskvu má sjá nöfn Dags B. Eggertssonar borgarstjóra, Guðmundar Steingrímssonar alþingismanns og Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, svo aðeins nokkur nöfn séu nefnd.

Frá því fyrst voru sett lög um Háskólann skiptist kennsluárið í tvö misseri. Um árabíl var haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí.¹⁵ Með þessu skipulagi voru próf haustmisseris í janúar, og kennsla vormisseris hófst strax að þeim loknum. Stúdentar höfðu í áraraðir barist fyrir því að próf haustmisseris yrðu færð frá janúar yfir í desember. Breyting á próftíma og kennslumisserum hafði verið til umfjöllunar í háskólaráði námsárið 1987–88 en var hafnað.¹⁶ Árið 1989 komst hreyfing á málið þegar könnun meðal stúdenta leiddi í ljós að 77% þeirra vildu færa miðsvetrarpróf fram fyrir jól. Eftir nefndarstörf og umfjöllun háskólaráðs 31. maí 1990 var kennslumisserum breytt frá næstkomandi hausti. Haustmisserið hófst þá hinn 5. september og

¹¹ *Dagbækur háskólastúdenta*, 17.

¹² Glúmur Jón Björnsson, „Bosnískar konur“, 10.

¹³ Hörður Helgason, „Skylduaðild byggir á rangri lagatúlkun“, 5–7.

¹⁴ Sveinbjörn Björnsson, „Ekki skylduaðildargjald“, 12.

¹⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 47; 1935–36, 75.

¹⁶ *HÍ*. Fundargerðir háskólaráðs 12. nóv. 1987 og 28. apríl 1988. – Sveinbjörn Björnsson, „Jólapróf, misseraskil og námseiningar“, 22–23. – Þóroddur Kristinsson, „Breytt skipting kennslumissera“, 3–7.



Frá sameiginlegum fundi Stúdentaráðs, Sambands íslenskra námsmanna erlendis og Bandalags íslenskra sérskólanema á Lækjartorgi í Reykjavík árið 1991 þar sem mótmælt var skerðingu námslána.

Því lauk 21. desember, og vormisseri stóð frá 7. janúar til 26. maí. Með reglum frá 2009 breyttust kennslumisserin aftur þannig að nám hefst fyrir á haustin og lýkur fyrir á vorin.¹⁷ Próftímabilið stendur í tvær vikur fyrir lok hvors misseris. Stúdentar fengu þannig kærkomið jólaleyfi frá 22. desember fram yfir áramót, sem hafði svo sem alla tíð verið skráð í reglugerðir sem jólaleyfi, en kennarar fengu aftur á móti það hlutskipti að yfirfara próf um jólin og höfðu að jafnaði þrjár vikur til að skila einkunnum til Nemendaskrár.

Stúdentaráð hefur barist fyrir því að kennarar skili einkunnum að loknum prófum á tilsettum tíma, en nokkur misbrestur hefur verið á því. Þetta er talsvert hagsmunamál fyrir stúdenta því að þeir fá ekki afgreidd námslán fyrir en vitnisburður úr prófum liggur fyrir. Stúdentar rituðu greinar um málið í dagblöð, og spannst af því fjölmiðlaumfjöllun sem varð „einkunnaslugsurum“ víti til varnaðar, auk þess sem haldið hefur verið úti heimasíðu um einkunnaskil í samvinnu við Nemendaskrá Háskólans.¹⁸ Í fjölmönnum námskeiðum eiga kennarar fullt í fangi með að skila af sér innan hins tiltekna tíma.¹⁹ Helga M. Ögmundsdóttir prófessor hefur bent á að kennurum sé stundum vandi á höndum:

Í byrjun júní fékk ég í hendur stóran stafla af ágætum ritgerðum sem læknanemar á 4. námsári hafa skrifað um 10 vikna rannsóknarverkefni sín. En staflinn var reyndar ekki

¹⁷ Vef. HÍ. Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, gr. 52.

¹⁸ Ársskýrsla Stúdentaráðs 1989–90, 16; 2000–01, 19. – *Stúdentablaðið* 1993 10. tbl., 4.

¹⁹ Ársskýrsla Stúdentaráðs 1989–90, 16.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF



Stúdent glímir við fjárhags- málin. Teikning úr Stúdentablaðinu árið 1993.

alveg nógu stór því á föstudegi þeirrar viku sem skiladagur var á mánudegi áttu 8 af 36 nemendum enn eftir að skila ritgerðum sínum. Fyrir þessu geta legið ýmsar góðar og gildar afsakanir og ástæður, en mér er spurn: Hvenær byrjar klukkan að tifa hjá kennaranum? Daginn sem nemendur áttu að skila eða daginn sem hver og einn skilaði í raun?²⁰

Félag háskólakennara og Félag prófessora voru ósátt við eftirlitsvefinn, en eftir vorpróf árið 2000 kom í ljós að í 32% tilvika bárust einkunnir of seint, og virtust skilin þó hafa batnað talsvert frá fyrri árum.²¹ Eftirlitinu var haldið áfram og skil hafa smám saman batnað.

Stúdentar hafa jafnan stutt kjara- og hagsmunabaráttu háskólakennara, og gott samstarf hefur verið við Félag háskólakennara. Árum saman hafa þessir hópar haldið sameiginlegt jólaball fyrir börn kennara og stúdenta; síðustu árin í hátíðarsal Háskólans.²²

Sumarnám hefur helst verið í boði í tengslum við erfitt efnahagsástand. Sumarnám við Háskóla Íslands kom fyrst til umfjöllunar á Alþingi árið 1931 í tengslum við efnahagsferfiðleika sem þjóðin átti þá við að stríða. Ekkert varð úr framkvæmdum.²³ Frá árinu 1959 höfðu tíðkast sumarnámskeið í íslensku fyrir norræna stúdenta. Árið 1993 samþykkti háskólaráð tillögu Guðmundar Birgissonar,

²⁰ Helga M. Ögmundsdóttir, „Einkunnaskil – hvað um kennarann?“, 25.

²¹ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01, 51.

²² Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97, 61.

²³ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 43–44.

fulltrúa stúdenta, um sumarönn fyrir þá stúdenta sem ekki ættu kost á atvinnu. Ári síðar var enn samþykkt tillaga formanns Stúdentaráðs um að boðið yrði upp á námskeið sumarið 1994.²⁴ Þótt ekki hafi verið tekin upp skipuleg sumarönn í öllum námsgreinum var nokkuð um námskeið á sumrin, ekki síst fyrir erlenda stúdenta. Eftir að atvinnuleysi brast á eftir bankakreppuna haustið 2008 var boðið upp á fjölda sumarnámskeiða á öllum fræðasviðum sumarið 2009, og einnig voru nokkur úrræði í boði sumarið 2010 þótt ekki væru þau eins almenn og sumarið áður.²⁵ Ekki þótti taka því að bjóða upp á sumarnámskeið árið 2011 vegna áhugaleysis árið áður.

Nýsköpunarsjóður námsmanna, sem stofnaður var 1992, er án efa ein ánægjulegasta og hagnýtasta hugmynd sem samþykkt hefur verið í Stúdentaráði síðastliðna tvo áratugi, eins og þegar hefur verið greint frá.²⁶ Margar stærri og smærri hugmyndir fæðast á fundum stúdenta. Tillögur fulltrúa stúdenta í háskólaráði eru oftast hvetjandi og falla í góðan jarðveg. Eftir að ný lög um Háskólann gengu í gildi árið 1999 var farið að vinna að reglugerð. Stúdentar komu að sjálfsögðu að henni, og í ársskýrslu þeirra segir: „tekið var tillit til mikils hluta af athugasemdum stúdenta.“²⁷ Með reglugerð Háskólans 2001 (14. júní) var að tillögu stúdenta komið á prófnúmerakerfi þar sem próftaki fær númer og kennari gefur einkunnir án þess að vita nafn nemanda. Margir kennarar voru ósáttir við kerfið, og að lokum var samþykkt á háskóla-fundi að háskóladeildir gætu ráðið því hvort þær notuðu slíkt kerfi.²⁸

Stúdentar beindu þeim tilmælum til yfirstjórnar Háskólans og skrifstofustjóra deilda að afgreiðslutími á skrifstofum Háskólans yrði lagaður að þörfum þeirra. Svo var gert, og er opið á flestum skrifstofum í hádeginu og fram eftir degi þegar stúdentar leita þjónustu.²⁹ Í ársbyrjun 1993 fannst stúdentum svo mikið skvaldur og ónæði af ráðstefnuhaldi í húsakynnum skólans, sérstaklega í Odda, að þeim tilmælum var komið til forráðamanna Háskólans að vera ekki með háreysti í skólanum á próftímum svo að námsmenn hefðu vinnufrið.³⁰ Þannig veita námsmenn stjórnýslu skólans aðhald á ýmsum sviðum, og var því meðal annars mótmælt þegar nokkurra vikna tafir urðu á birtingu á próftöflum haustið 1996.³¹ Í apríl 1996 beindu þeir tilmælum til kennara um að halda sérstakar prófasýningar og auglýsa þær.³² Á nýrri öld hefur verið lögð aukin áhersla á að miðla fróðleik til stúdenta í gegnum vef Háskólans og tölvukerfið Uglu.

Ef stúdentar telja á sér brotið geta þeir leitað til Réttindaskrifstofu stúdenta um leiðréttingu sinna mála. Skrifstofan er rekin á

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 191.

²⁵ Gísli Freyr Valdórsson, „Ég er sannfærð um að við verðum að stefna hátt“. Viðtal við Kristínu Ingólfssdóttur“, 25. – *Vef. HÍ. Námsúrræði* sumarið 2010.

²⁶ *Vef. Rannís. Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands.*

²⁷ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 109.

²⁸ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 111–13.

²⁹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1996–97, 17.

³⁰ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1992–93, 13.

³¹ *HÍ. Fundargerð háskólaráðs* 24. okt. 1996.

³² *HÍ. Fundargerð háskólaráðs* 24. apríl 1996.

vegum Stúdentaráðs, og leitar fjöldi nemenda þangað árlega með einfaldar fyrirspurnir og stundum mál sem snerta heila árganga í tilteknum deildum.³³ Í mörgum málum hafa námsmenn fengið leiðréttingu eftir að Réttindaskrifstofan tók þau til meðferðar. Árið 1997 átti skrifstofan þátt í að leysa deilur sem komu upp í Læknadeild og Tannlæknadeild. „Nú læknanemar til viðbótar þeim þrjátíu sem venjulega komast áfram eftir úrtökupróf á 1. ári fengu að halda áfram námi vegna mistaka við prófvörslu og samþykkt var að halda endurtekningspróf í tannlæknisfræði þar sem ekki tókst að fylla venjubundna kvóta.“³⁴

Algengast hefur verið að nemendur væru ósáttir við einkunnir, og er þeim hjálpað að kæra og fylgja málum sínum eftir innan stjórnkerfisins.³⁵ Einnig hefur umboðsmaður Alþingis tekið undir kröfur Réttindaskrifstofunnar um leiðréttingu á framfærslugrunni námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.³⁶ Ef málsvörn Réttindaskrifstofunnar dugar ekki til geta stúdentar leitað til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema sem komið var á fót með lögum um háskóla árið 1997. Hún sker endanlega úr ágreiningi. Árið 2000 óskuðu stúdentar eftir því við háskólaráð að fleiri nemendur í hjúkrunarfræði kæmust áfram á annað misseri því að „prófum var breytt eftir að þau voru lögð fyrir“.³⁷ Því synjaði háskólaráð og taldi prófaframkvæmd eðlilega. Réttindaskrifstofa stúdenta vísaði málinu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema sem féllst á málflutning stúdenta og ógilti úrskurð háskólaráðs.³⁸ Þar með bættust sex nemendur í hóp þeirra sem komust upp á annað misseri.

Stúdentaráð hefur oft látið sig varða málefni Háskólabókasafns. Árið 1994 blés það til þjóðarátaks fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn þar sem safnað var fé til ritakaupa handa safninu, sem var opnað fullveldisdaginn 1. desember sama ár. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, var verndari átaksins sem gaf af sér 22,5 milljónir króna.³⁹

Stúdentaráð hefur talið það hlutverk sitt að standa vörð um hag og réttindi erlendra námsmanna sem sækja skólann og baráttu stúdenta í öðrum löndum, enda alþjóðanefnd til langs tíma ein af fastanefndum ráðsins. Stúdentaráð tók árið 1992 undir kröfur erlendra stúdenta sem fóru fram á að greinin íslenska fyrir erlenda stúdenta, sem gaf titilinn B.Ph.Isl. (*baccalaureus philologiae Islandicae*), væri kennd til BA-prófs, enda þriggja ára nám og samþætting við byrjunarnám í erlendum tungumálum, svo sem rúss-

³³ Vef. Stúdentaráð. Réttindaskrifstofa stúdenta.

³⁴ Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97, 32.

³⁵ Ársskýrsla Stúdentaráðs 1991–92, 22.

³⁶ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01, 77.

³⁷ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01, 112.

³⁸ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01, 112.

³⁹ Stúdentablaðið 1994 8. tbl., 18. – Árbók Háskóla Íslands 1991–94, 184.



nesku og finnsku.⁴⁰ Árið 2004 var heiti námsins loks breytt í BA-nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta, en árið 2010 var heiti greinarnnar aftur breytt og kallað BA-nám í íslensku sem annað tungumál. Stúdentaráðsliðar líta einnig til félaga sinna erlendis. Þegar fóru að berast fréttir af stríðshrjádum námsmönnum í Bosnía á meðan stríðið stóð á Balkanskaga hóf Stúdentaráð í október 1996 að safna kennslugögnum og tækjum fyrir bosníska stúdenta. Söfnuðust liðlega sjö tonn af varningi, og þurfti 40 feta gám til að flytja meðal annars 2.500 fræðibækur, 90 tölvur, 50 prentara og fimm ljósritunarvélur til Sarajevo í desember sama ár. Fylgdust starfsmenn ríkissjónvarpsins og fulltrúi Stúdentaráðs með dreifingu á gjöfunum til þurfandi stúdenta.⁴¹

Í febrúar 1993 voru til umræðu í háskólaráði tillögur Háskólans um þrengingu á inntökuskilyrðum þar sem háskólaráði væri heimilt að fenginni rökstuddri tillögu deildar að takmarka fjölda þeirra nema sem teknir væru til náms á fyrsta námsári og í framhaldsnám, vegna skorts á aðstöðu til kennslu. Ástæðan var vaxandi fjöldi stúdenta sem sóttu í skólann á meðan fjárveitingar stóðu í stað eða lækkuðu. Stúdentaráð taldi að breytingarnar opnuðu fyrir margvíslegar takmarkanir á rétti landsmanna til háskólanáms og var þeim algjörlega andvíg.⁴² Háskólaráð og menntamálaráðherra vildu bregðast þannig við fjárhagsvanda skólans að hann fengi einfaldlega heimild til að velja inn nemendur og takmarka aðgang eins og

Stúdentaráð Háskóla Íslands á afmælisárinu 2011. Formaður ráðsins, Lilja Dögg Jónsdóttir, er í fremri röð, þriðja frá vinstri.

⁴⁰ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 1992–93*, 8.

⁴¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97*, 25–26.

⁴² *Árbók Háskóla Íslands 1991–94*, 216–17.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

ýmsir aðrir skólar á háskólastigi gerðu. Þrátt fyrir andóf Stúdentaráðs voru tillögurnar samþykktar í háskólaráði, en þingmenn Alþýðuflokks tóku undir áhyggjur stúdenta og studdu ekki frumvarp um breytingu á lögum um inntökuskilyrði í Háskólann. Eftir að háskólum fjölgaði á Íslandi hefur það sjónarmið komið fram að ekki hvíli sama skylda á þjóðskólanum að taka alla námsmenn inn því að nú hafi stúdentar í fleiri hús að venda.⁴³

Þegar þrengdi að landsmönnum eftir bankahrunið 2008 stóðu allar dyr Háskólans opnar, og fjöldi stúdenta streymdi að til náms. Almenn inntökuskilyrði í Háskóla Íslands er stúdentspróf, og frekari skilyrði um undirbúning eru sett í einstökum deildum. Í nokkrum greinum er aðgangur takmarkaður vegna sérstakra aðstæðna. Auk þess er Háskólanum heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi ef þeir hafa öðlast reynslu eða ráða yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám í Háskólanum.⁴⁴ Á árunum 1974–2000 bárust liðlega 1.200 umsóknir um skólavist frá nemendum sem ekki höfðu stúdentspróf. Tæplega 60% þeirra fengu skólavist, um 35% var hafnað, en aðrir drógu umsóknir sínar til baka eða þær voru óafgreiddar þar sem fylgigögn vantaði.⁴⁵ Umsóknum þeirra sem ekki hafa stúdentspróf hefur fjölgað mikið frá aldamótum, og gilda skýrar reglur um afgreiðslu þeirra eftir deildum.

Stúdentaráð er oft drifandi aðili í ýmsum framfaramálum Háskólans, auk þess sem það útvegar stúdentum afslátt af vörum og þjónustu víða um borgina. Stúdentar hafa í mörg ár gert samkomulag við Strætisvagna Reykjavíkur um lækkun á fargjöldum og hvatt til þess að almenningssamgöngur séu bættar, enda ferðast margir þeirra með strætó.⁴⁶ Árið 2008 náðu þeir svo langt að fá ókeypis í strætisvagna gegn framvísun stúdentaskírteinis. Nokkrir stúdentar sem héldu dagbók hinn 24. janúar 2001 drógu upp svipmyndir í strætó: „tók sexuna með tveimur rónum og unglingum, sem var ekkert óvenjulegt.“⁴⁷

Stúdentar beittu sér fyrir því sumarið 2000 að sett yrði upp þráðlaust tölvunet í byggingum Háskólans.⁴⁸ Reiknistofnun hafði þá þegar unnið að málinu í nokkurn tíma, háskólayfirvöld brugðust strax vel við, og innan árs var þráðlaust tölvusamband komið í flestar byggingar skólans. Nokkru síðar voru borð á opnum svæðum útbúin rafmagnstenglum svo að tölvur gætu verið í sambandi. Þar með gátu stúdentar notað eyður milli kennslustunda til samskipta á

⁴³ Þorvaldur Gylfason, „Reiknilfkaníð og framtíð Háskólans“, 26.

⁴⁴ Vef. Alþingi. Lög nr. 85/2008, gr. 18.

⁴⁵ HÍ. Skjalasafn Nemendaskrár. Afbrigðilegar umsóknir 1974–2000.

⁴⁶ Vef. Stúdentaráð. Hvað er Stúdentaráð að gera? – Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97, 37.

⁴⁷ *Dagbækur háskólastúdenta*, 30.

⁴⁸ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01, 61.

vefnum með fartölvur sínar og netkort, sem var staðalbúnaður háskólastúdenta síðastliðinn áratug eins og skólatöskur áður fyrir. Auk þess er mikið um að stúdentar vinni saman að margvíslegum verkefnum í húsum skólans, og þá verður netsamband stöðugt mikilvægara. Guðjón Rúnar Emilsson, nemi í viðskiptafræði, virtist ánægður í janúar 2001: „Ég fer oft á síðu Háskóla Íslands á netinu til að athuga ýmis mál, alveg nauðsynlegt að hafa svona vef. Tveir þumlar upp fyrir eina háskólann sem rokkar!“⁴⁹ Guðjón Rúnar var ekki einn um þessa skoðun því samkvæmt könnun meðal stúdenta sem brautskráðust árið 1993 annars vegar og árið 2001 hins vegar jókst ánægja stúdenta til muna með aðstöðu og búnað í skólanum á þessu árabili.⁵⁰ Vefinn hafa nemendur notað á margan hátt, meðal annars til að auka beint lýðræði. Í drögum að nýjum reglum Háskólans stóð til að halda endurtektar- og sjúkrapróf í júní í stað ágúst. Stúdentaráð kannaði hug nemenda á heimasíðu sinni. Í ljós kom að meirihluti stúdenta vildi ekki færa prófin, og því lagði ráðið til að þau yrðu áfram í ágúst, og varð sú raunin. Sumarið 2010 tóku gildi nýjar reglur um upptöku- og sjúkrapróf við Háskóla Íslands. Þau voru aðskilin og upptökupróf afnumin sem meginregla en leyfð í undantekningartilvikum. Stúdentaráð lagði til í byrjun árs 2011 að fallið yrði frá þessu nýsamþykka skipulagi upptökuprófa og þau verði aftur haldin eftir próftímabil beggja missera.⁵¹

Prentuð útgáfa kennsluskrár Háskólans kom síðast út árið 2006 og var þá í tveimur bindum upp á um 700 blaðsíður samtals. Kennsluskráin er nú eingöngu rafræn og er aðgengileg á vef Háskólans en vistuð í Uglu. Eins og aðrir hlutar Uglu er hún í stöðugri þróun til að auðvelda notendum leit að upplýsingum um nám og kennslu. Í kennsluskrá eru ítarlegar upplýsingar um námsleiðir og námskeið, auk annars fróðleiks um skipulag skólahalds og námsins.

Auk þess að berjast fyrir margs konar sérhagsmunum og afsláttarkjörum stúdenta er Stúdentaráð öflugur stuðningsaðili fyrir Háskólann í heild, enda fara hagsmunir þeirra jafnan saman. Þegar stjórnvöld halda að sér höndum í stuðningi við Háskóla Íslands hefur Stúdentaráð ítrekað haldið baráttumálum skólans á lofti og mótmælt „harðlega niðurskurði á fjárveitingum til yfirstjórnar Háskóla Íslands sem neyðir skólann til innheimtu rekstrargjalda“.⁵² Stúdentar hafa verið óþreypandi að fara á fund ráðamanna, beita sér fyrir samskotum, skipuleggja ráðstefnur og efna til mótmælafunda, jafnt í húsakynnum Háskólans, Stjórnarráðsins sem á Austurvelli

⁴⁹ *Dagbækur háskólastudenta*, 46.

⁵⁰ Friðrik H. Jónsson, Einar Mar Þórðarson og Pétur Maaack Þorsteinson, *Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands*, 30.

⁵¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 72. – *Morgunblaðið* 25. jan. 2011, 6.

⁵² *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1991–92, 13; 1992–93, 11; 2000–01, 73.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

og víðar. Á sama tíma og fjárveitingar frá Alþingi hafa aukist lítillega hefur Stúdentaráð í auknum mæli fengið lagafrumvörp Alþingis til umsagnar, jafnvel um mál sem ekki varða stúdenta eða Háskólann beint.⁵³

2. Félagsmál stúdenta

Stúdentar hafa jafnan látið sig húsnæðismál miklu varða enda ekki allir svo heppnir að búa í foreldrahúsum í næsta nágrenni við skólann. Bygging stúdentagarða og leiga á þeim hefur verið eitt mikilvægasta verkefni Félagsstofnunar stúdenta. Háskólaráð og Reykjavíkurborg hafa úthlutað Félagsstofnun lóðum undir stúdentagarða og leikskóla á háskólalóðinni, og hefur Reykjavíkurborg einnig úthlutað stofnuninni byggingarlóðum víðar í borginni.⁵⁴

Á árunum 1988–89 var Vetrargarður við Eggertsgötu austan við Hjónagarða og suður af háskólalóðinni tilbúinn, en þar eru 90 fjölskylduíbúðir. Austan við Vetrargarð risu á árunum 1993–2003 358 leigueiningar í Ásgarðshverfi. Opnuð var hverfisverslun þegar hverfið var fullbyggt. Á árunum 1998–99 voru 77 íbúðir teknar í notkun í Skerjagarði, sem er stúdentagarður við Suðurgötu, sunnan við Hjónagarða. Þegar lóð Félagsstofnunar sunnan háskólalóðar var fullbyggð árið 2005 var hafist handa við byggingu stúdentagarða við Lindargötu í Reykjavík. Fengu þeir nafnið Skuggagarðar og voru teknir í notkun ári síðar, en þar eru 102 leigueiningar. Árið 2009 hófst bygging stúdentagarða með 80 íbúðum við Skógarveg í Fossvogi, skammt frá Borgarspítala. Árið 1995 hóf Félagsstofnun rekstur leikskólans Sólgarðs á Eggertsgötu 8. Ári síðar opnaði Mánagarður á Eggertsgötu 34, og árið 2006 flutti leikskólinn Efrí-Hlíð í húsnæði Leikgarðs að Eggertsgötu 14, en Félagsstofnun tók við rekstri skólans nokkrum árum áður. Árið 2010 rak stofnunin þrjá leikskóla í stúdentagarðahverfinu við Eggertsgötu með rými fyrir 165 börn, en á biðlista voru 200–300 börn.

Af frásögnum stúdenta af háskólalífínu má oft ráða hve vel það kemur sér að stúdentagarðarnir séu á háskólalóðinni. Það getur gefið kærkominn morgunblund, og síðan er unnt að skjótast heim í hádeginu, jafnvel þótt tíminn sé naumur. Fljótlegt er líka að sækja börn á leikskóla sem er á svæðinu.⁵⁵ Oft er snerpa stúdenta í morgunsárið mikil eins og lesa mátti í frásögn Kolbrúnar Hjálmtýsdóttur árið 2001, en hún kom þó lengra að: „Ég vaknaði ekki fyrr en klukkan tíu mínútur í tíu og átti að vera mætt hjá Sigurlínu [Davíðs-

⁵³ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97*, 44.

⁵⁴ *HÍ. Fundargerð háskólaráðs* 7. sept. 1989, gr. 20.

⁵⁵ *Dagbækur háskólastúdenta*, 49.

dóttur] í „Þroski barna og unglunga“ korter yfir tíu. Ég hentist á fætur og flýtti mér út með hundinn, raðaði saman útlitinu og keyrði á mettíma niður í Háskóla. Ég kom bara nokkrum mínútum of seint.“⁵⁶

Árið 2010 voru á vegum Félagsstofnunar stúdenta leigð út um 800 leigurými; einstaklingsherbergi, tvíbýli og fjölskylduíbúðir af ýmsum stærðum. Á sama tíma voru um 14.639 nemendur skráðir við skólann, og því mætti ætla að um 6% nemenda hafi fengið inni í leiguhúsnæði á vegum stúdenta. Íbúar á gördum eru þó fleiri því að mörgum leigjendanna fylgja börn og makar; árið 2010 var talið að um 1.400 manns byggju á gördum. Sérstakt leiguhúsnæði fyrir stúdenta er þó hlutfallslega minna í dag en það var fyrst eftir að Gamli og Nýi garður voru reistir, en talið er að Félagsstofnun þurfi að geta boðið um 15% stúdenta húsnæði til að fullnægja eftirspurn.⁵⁷ Áfram skal byggt. Sumarið 2011 ákvað ríkisstjórnin að veita Íbúðalánasjóði heimild til að lána fyrir 280 nýjum stúdentaíbúðum í Vatnsmýrinni.

Árið 1996 hóf Félagsstofnun í samvinnu við fyrirtækið Hagvang að aðstoða stúdenta við að útvega sér störf. Árið 1998 hóf hún svo rekstur Atvinnumiðstöðvar stúdenta, en Atvinnumiðlun stúdenta hafði áður verið rekin um áratuga skeið (sbr. II.10.2).

Félagsstofnun stúdenta hætti rekstri Ferðaskrifstofu stúdenta árið 1999, en hún hafði verið starfrækt í áratugi. Árið 2005 sameinuðust Atvinnumiðstöð stúdenta og Húsnæðis-, kennslu- og barnagæslumiðlun Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Stúdentamiðlun sem Félagsstofnun stúdenta rekur. Áður hafði Stúdentaráð rekið þessa þjónustu á grundvelli þjónustusamnings við Háskóla Íslands.⁵⁸ Stúdentar sækja milliðalaust upplýsingar á vef, og fyrirtæki og einstaklingar geta einnig leitað upplýsinga um námsmenn sem leita vinnu. Félagsstofnun hefur séð um veitingarekstur fyrir stúdenta í öllum helstu byggingum skólans þar sem vandamál heimsins eru brotin til mergjar milli fyrirlestra og dæmatíma. Stundum fá stúdentar ekki minna út úr kaffitímunum en fyrirlestrum kennara. Einn laganemi sagði í dagbók sinni: „Það sem er þó hvað skemmtilegast eru frímínúturnar. Þar hittast nemendur og skeggraða þjóðmálin, heimsmálin, kennara, aðra nemendur o.s.frv. og skapast þar oft heitar umræður. Þennan morguninn [24. janúar 2001] var heitasta deilumálið bréfaskriftir forseta Hæstaréttar og forseta Alþingis í tengslum við öryrkjamálið svokallaða en frumvarp um viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafði verið samþykkt kvöldið áður og höfðu forsetarnir staðið í bréfaskriftum um túlkun dómsins.“⁵⁹



Gógó, Ragnheiður Línal Hinriksdóttir, starfaði í 23 ár hjá Félagsstofnun stúdenta, síðast í kaffistofunni í Árnagarði. Þar var hún svo vinsæl að Félag sagnfræðinema kaus hana heiðursfélag nr. 1.

⁵⁶ *Dagbækur háskólastúdenta*, 79.

⁵⁷ *Víðtal*. Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingastjóri Félagsstofnunar stúdenta 7.01.2011.

⁵⁸ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 2000–01, 78.

⁵⁹ *Dagbækur háskólastúdenta*, 20.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

Frá árinu 1991 hefur Félagsstofnun stúdenta veitt einum til sex stúdentum styrki árlega fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Úthlutun verkefnastyrkja Félagsstofnunar var breytt árið 2010, og veitir hún nú tíu stúdentum við Háskóla Íslands styrk árlega til að vinna að lokaverkefnum. Fimm styrkir eru veittir stúdentum í grunnnámi, einum á hverju fræðasviði, og fimm styrkir stúdentum í meistara-námi óháð fræðasviði.

Í árslok 2007 flutti Félagsstofnun stúdenta skrifstofur sínar og Bóksölu stúdenta á Háskólatorg eftir að hafa verið í Stúdentahéimilinu við Hringbraut frá árinu 1971. Stúdentaráð, sem hafði jafnframt verið í Stúdentahéimilinu, flutti einnig á torgið. Starfsemi Félagsstofnunar hefur vaxið umtalsvert á síðustu tveimur áratugum. Árið 1991 störfuðu þar um 40 starfsmenn, en um 120 árið 2010. Bóksalan gegnir veigamiklu hlutverki við að útvega stúdentum nýjar námsbækur um leið og boðið er upp á almennt menningarlegt lesefni. Á Háskólatorgi opnaði Félagsstofnun veitingasöluna Hámu þar sem nemendur og starfsmenn geta valið úr fjölbreyttum veitingum á hóflegu verði. Torgið fyrir framan Bóksöluna og Hámu er deigla háskólasamfélagsins þar sem kennarar og stúdentar hittast í matar- og kaffitímum. Á Háskólatorgi sinna þeir einnig erindum í þjónustueiningum Háskólans sem þar eru til húsa; Alþjóðaskrifstofu, Matsskrifstofu, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborði. Á Háskólatorgi fer jafnframt fram margvísleg menningarstarfsemi á vegum háskólasamfélagsins.

Auk hagsmunabaráttu hafa stúdentar beitt sér fyrir margvíslegum menningarverkefnum. Á haustmánuðum 1990 ákvað stjórn Stúdentaráðs að efna til ljóðsamkeppni meðal stúdenta. Á þriðja hundrað ljóð bárust, og var úrval þeirra gefið út á bók. Meðal höfunda voru nokkrir sem síðar áttu eftir að hasla sér völl sem skáld og rithöfundar, svo sem Gerður Kristný, Vilborg Davíðsdóttir og Jón Kalman Stefánsson. Tveimur árum síðar spreyttu stúdentar sig í smásagnakeppni, og var úrvalið gefið út á prenti.⁶⁰ Veturinn 1996–97 stóðu Torfhildur, félag bókmenntafræðinema, og Stúdentaráð fyrir smásagnakeppni, og veitt voru verðlaun fyrir þrjár bestu sögurnar.⁶¹ Námsárið 1991–92 var efnt til svonefnds menningarátaks í skólanum til að efla menningarlíf hans. Stofnaður var sérstakur tónlistarklúbbur og samstarfi var komið á við Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Íslensku óperuna og Sinfóníuhljómsveit Íslands.⁶² Árið 1992 var kvikmyndaklúbburinn Hreyfimyndafélagið stofnaður

⁶⁰ *Þessi ást þessi ást. – Innkaupaferð, úlfur og vindlakassi; smásögur stúdenta.*

⁶¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97*, 37.

⁶² *Ársskýrsla Stúdentaráðs 1991–92*, 23.



Starfsfólk Bóksefu stúdentana árið 1991. Frá vinstri: Sigurður Haraldsson, Sigurður Pálsson, Kristín S. Valgeirsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Hulda M. Waddel, Kristín Gísladóttir, Kristín Rut Jónsdóttir, Eysteinn Björnsson, Þórný Perrot og Þorgrímur Pétursson.

í samvinnu við Háskólabíó, og sama ár var haldið ljósmyndamaraþon.⁶³ Þannig hafa stúdentar ár og síð staðið fyrir stórum og smáum menningarviðburðum sem efla starfsemi þeirra og þroska þá í starfi og leik.

Heilbrigð sál í hraustum líkama hefur verið aðalsmerki þeirra sem leggja stund á heilsurækt með námi. Margir stúdentar leggja stund á íþróttir, ýmist með sínum félagsliðum eða Íþróttafélagi stúdentana. Stúdentar og starfsmenn hafa nýtt vel Íþróttahús skólans og þreksalinn á efri hæð þess. Í apríl 2011 var fimmtánda árið í röð þreytt svonefnt háskólahlaup, og voru um 400 starfsmenn og stúdentar skráðir til leiks, en það er jafnan lokaviðburður á mánuði til heilsueflingar í Háskólanum.⁶⁴ Karla- og kvennalið Íþróttafélags stúdentana í blaki hafa verið í fararbroddi síðustu tvo áratugi, og körfuboltalið félagsins hefur einnig náð góðum árangri. Samtals hafa þessi lið hlotið 54 Íslands- og bikarmeistararitla á umliðnum áratugum, auk annarra viðurkenninga. Karlalið félagsins í körfubolta hefur fimm sinnum orðið Íslandsmeistari og einu sinni bikarmeistari frá upphafi. Körfuboltalið kvenna hefur einu sinni orðið Íslandsmeistari og sjö sinnum unnið bikarmeistararitla.⁶⁵ Kvennalið Íþróttafélags stúdentana í blaki hefur átta sinnum orðið Íslandsmeistari og ellefu sinnum bikarmeistari frá árinu 1975. Á árunum 1992 til 1999 varð kvennaliðið sex sinnum bikarmeistari og fjórum sinnum Íslandsmeistari. Karlalið í blaki hefur tíu sinnum orðið Íslands-

⁶³ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1992–93, 22, 37.

⁶⁴ *Morgunblaðið* 15. apríl 2011, 1.

⁶⁵ *Vef. Körfuknattleiksamband Íslands.*

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

meistari og tíu sinnum bikarmeistari frá árinu 1972. Á árunum 1999–2002 var karlaliðið í blaki sérlega sigursælt og vann alla titla.⁶⁶ Oft hefur verið ályktað um mikilvægi þess að byggja nýtt íþróttahús fyrir Háskólann, en yfirvöld skólans hafa ekki séð sér það fært meðan mörg önnur húsnæðismál bíða úrlausnar.

Ein farsælasta menningarstofnunin á vegum stúdenta er Háskólakórinn. Árið 1992 hélt hann upp á 20 ára afmæli sitt með frumflutningi á verki eftir Hjálmar H. Ragnarsson, *Skarphéðinn í brenn- unni*. Á 25 ára afmælinu árið 1997 voru gefnir út tveir hljómdiskar.⁶⁷ Kórinn fær styrki frá Háskólanum, og söngfólk hans æfir oft í húsa- kynnum skólans, hátíðarsal, kapellu og víðar. Háskólakórinn syngur ævinlega við brautskráningar skólans, sem fram fóru þrisvar á ári til ársins 2008; í febrúar, júní og október, en eftir það aðeins í febrúar og júní. Auk þess kemur Háskólakórinn fram við ýmis önnur hátíðleg tækifæri á vegum skólans og stúdenta eða þegar tilefni er til. Háskólakórinn hefur farið í fjölda söngferðalaga til útlanda. Haustið 2005 var stofnaður Kvinnakór Háskóla Íslands sem heldur tónleika og efnir til samsöngs. Stúdentaleikhúsið var endurreist og stóð fyrir blómlegri starfsemi veturinn 1991–92, og hefur síðan verið með leiksýningar að hausti og vori. Stúdentar telja að sárlega vanti aðstöðu fyrir kór og leikhús og það standi starfseminni fyrir þrifum.⁶⁸ Stúdentar hafa hin síðari ár starfrækt Stúdentadansflokkinn sem stendur fyrir danssýningum og námskeiðum í húsakynnum skólans.

Við marga háskóla erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum, er rík hefð fyrir því að brautskráðir stúdentar styrki sína gömlu skóla og stofni um þá stuðningsfélög. Árið 1972 munu 15 ára læknastúdentar hafa borið fram hugmynd um að koma á fót hollvinasamtökum við Háskóla Íslands. Árið 1993 skipaði háskólaráð nefnd til að leita leiða í fjáröflun fyrir skólann þar sem hugmynd um hollvinasamtök var skoðuð ítarlega. „Stúdentaráð ákvað að setja það á oddinn haustið 1995. Átak þeirra réði úrslitum, og eru Hollvinasamtök orðin virkur stuðningsaðili Háskólans, og hollvinafélög starfa með flestum háskóladeildum.“⁶⁹ Hollvinafélög hafa síðan víða verið starfandi í deildum skólans en minni kraftur hefur verið í samtökunum en menn vonuðust til í fyrstu.

Stúdentar við Háskóla Íslands halda árlega upp á fullveldis- daginn hinn 1. desember til að minna á frelsisbaráttu þjóðarinnar.⁷⁰ Eftir að hafa lagt blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallar- kirkjugarði, hlustað á útvarpsmessu frá háskólakapellunni og hlýtt

⁶⁶ *Tölvupóstur*. Sævar Már Guðmundsson, Blak- sambandi Íslands 23.04.2010.


⁶⁷ *Fréttabréf Háskóla Ís- lands* XIX:10, 21.

⁶⁸ *Ársskýrsla Stúdentaráðs* 1991–92, 21.

⁶⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 70, 275–76.

⁷⁰ Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 90–101.

Byggingar Félagsstofnunar stúdenta á háskólalóðinni árið 1994.



á hátíðarræðu í tilefni dagsins, halda flestir stúdentar sér til hlés á fullveldisdaginn. Stúdentaráð beitti sér fyrir því að koma á fjölmennum stúdentadegi, og varð 15. september árið 2000 fyrst fyrir valinu. Samráð var haft við yfirvöld Háskólans sem gáfu frí frá miðjum degi, og þá tók við fjölbreytt dagskrá.⁷¹ Stúdentadagurinn að hausti hefur síðan verið fastur liður á dagskrá svokallaðrar nýnema-viku, þar sem fjölbreyttar hliðar stúdentálífsins eru kynntar fyrir nýstúdentum, meðal annars með fótoltakeppni í Skeifunni og margháttaðri dagskrá í fjölmörgum húsum skólans. Frá árinu 2004 hefur reglulega verið haldin skemmtunin Októberfest á háskólalóðinni þar sem stígninn er dans og kneypað öl. Fyrst var samkoman á vegum þýskunema, en þegar fyrirtækið stækkaði tók Stúdentaráð við því, og var samkoman hýst í stóru samkvæmistjaldi. Munaði minnstu að tjaldið fyi út í hafsauga árið 2009 því veður geta orðið válynd á háskólalóð í október.⁷²

3. Háskólalíf frá sjónarhóli stúdenta

Það er mikil tilhlökkun þegar nýstúdentar hefja nám við Háskóla Íslands. Þótt þeir hafi margra ára reynslu af skólum er að hefjast nýr kafli í lífi þeirra. Þeir hafa sagt skilið við sinn gamla framhaldsskóla, vinnufélaga sína og jafnvel aðra háskóla. Þegar háskóla- rektor ávarpaði nýstúdentana á háskólahátíð laust eftir miðja 20. öld gerði hann ekki lítið úr þessum atburði. „Þér hafið síðustu vikurnar

⁷¹ *Ársskýrsla Stúdentaráðs 2000–01*, 57–58.

⁷² *Fréttablaðið*. Aukablað 22. sept. 2010.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

staðið andspænis einum mesta vanda lífs yðar og örlagaríkustu ákvörðun – þeirri að velja yður háskólagrein.⁷³ Með árunum hefur dramatík í kringum námsval líklega minnkað, enda auðveldara að velja nýja námsgrein ef stúdentum mislíkar fyrsta val. Um þriðjungur stúdenta kemur beint úr framhaldsskóla og liðlega tveir þriðju af vinnumarkaði. Þeir gefa sér æ lengri tíma til að ákveða hvaða nám þeir vilja leggja stund á, og jafnvel líða áratugir þar til þeir skrá sig til náms í Háskólanum.⁷⁴ Stúdentar hitta hóp af nýjum skólafélögum og nýja kennara í nýju umhverfi í skóla með akademískt frelsi. Oft halda nemendur framhaldsskóla hópinn í Háskóla Íslands, jafnvel þvert á deildir og námsgreinar. Í hádeginu hittast þeir og slá á léttu strengi: „Ég og Raggi ... vinur minn ákváðum að fara upp á Þjóðarbókhöð og „dobbla“ krakkana í mat. ... Við fórum á rauðu súkunni hans Ragga niður í bæ og skelltum okkur á hádegisverðarhlaðborðið á Pizza 67. ... og það var mikið fíflast og hlegið enda er þetta einstaklega samstilltur og góður vinahópur. Mínar bestu stundir eru án efa með þeim.“⁷⁵ Þótt margir eigi góðar stundir í Háskólanum hefur vaxandi hópur ekki fundið sig þar á fyrsta misseri og hætt námi. Um 47% stúdenta sem skráðu sig til náms haustið 1982 höfðu hætt námi þegar kom fram á sumarið 1988, 36% höfðu lokið námi og 17% voru enn við nám.⁷⁶ Árið 2006–07 var fyrsta árs brottfall 38%.⁷⁷

Virgni nemenda á árunum 2003–08 var á bilinu 64–67%.⁷⁸ Það var áhyggjuefni yfirvalda skólans að þriðjungur nemenda greiddi aðeins innritunargjald, en ekki komu fyrir þá greiðslur á fjárlögum þótt augljóslega hafi verið við þá margvíslegur kostnaður. Í skólum á háskólastigi þar sem samkeppni er um að fá skólavist er virkni stúdenta að jafnaði talsvert hærri og brottfall lægra.⁷⁹ Til sam-
burðar má benda á að Hagstofa Íslands skoðaði brottfall nemenda af háskólastigi í heild námsárið 2002–03 og fann að það var að jafnaði 15%.⁸⁰ Brottfall var í þessu tilviki miðað við þá sem ekki luku námi og ekki skiluðu sér áfram í nám við skólann á næsta ári. Brottfall stúdenta í Háskóla Íslands var á þessum tíma talsvert herra en í öðrum skólum á háskólastigi. Ríkisendurskoðun athugaði meðal annars brottfall nemenda í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði frá skólum á Íslandi árið 2007. Það var mest við Háskóla Íslands og taldist mikið í alþjóðlegum samanburði.⁸¹ Um aldamótin 2000 var fyrsta árs brottfall hjá fjórum stærstu háskólunum í Noregi um 21%. Á árunum 2003–06 var sambærileg tala fyrir Háskóla Íslands

⁷³ *Árbók Háskóla Íslands* 1962–63, 24.

⁷⁴ Friðrik H. Jónsson, Einar Mar Þórðarson og Pétur Maack Þorsteins-son, *Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands*, 18.

⁷⁵ *Dagbækur háskólastú-
denta*, 48–49.

⁷⁶ *HÍ. Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*, 23.

⁷⁷ *HÍ. Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*, 17–18.

⁷⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 2000–08, kaflar um fjármál. Árleg virkni 64% (2003), 65% (2004), 67% (2005), 66% (2006), og 64% (2008).

⁷⁹ *Vef. Listaháskóli Ís-
lands. Ársfundur Lista-
háskóla Íslands* 29. nóv.
2004.

⁸⁰ *Vef. Hagstofa Íslands. Brottfall nemenda af háskólastigi 2002–2003*.

⁸¹ *HÍ. Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*, 3.



Úr vinsælli kaffistofu á neðstu hæð Árnagarðs árið 1990.

38% að jafnaði, eða 11–55% eftir deildum, hæst var brottfallið í hug- og félagsvísindum. Liðlega helmingur þeirra sem hættu sótti aldrei neina fyrirlestra.⁸² Dæmigerði brottfallsneminn tók ekki námslán, hafði verið í hlutastarfi samhliða námi, og þegar könnun á högum hans fór fram var hann kominn í fullt starf. Hann hafði hins vegar í huga að taka upp þráðinn aftur síðar og stefna á nám í öðrum skóla.

Helsta ástæða þess að hinn dæmigerði brottfallsnemi hætti eða tók hlé frá námi var ekki vegna þess að skólinn stóðst ekki væntingar heldur komu aðrar ástæður þar til, s.s. fjárhagsaðstæður eða aðrar persónulegar ástæður. Hann taldi námið ekki höfða til sín, það voru litlir möguleikar til samskipta við kennara utan kennslustunda, námskeið voru of fjölmenn og námið samræmdest illa barnauppeldi og fjölskyldulífi auk þess sem persónulegir erfiðleikar höfðu áhrif á ákvörðun hans um að hætta eða taka hlé frá námi.⁸³

Námsráðgjafi við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands ályktaði í meistararitgerð sinni „að það sem leitt geti til brotthvarfs nemenda úr háskólanámi síðla á námsferlinum tengist óljósum markmiðum þeirra með námi, námsvenjum, skipulagningu náms og erfiðleikum við að samræma nám starfi og einkalífi“.⁸⁴

Einnig myndast ný tengsl og ný vináttubönd með námi í Há-

⁸² HÍ. Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi, 23.

⁸³ HÍ. Könnun á meðal skráðra nemenda Háskóla Íslands sem hætt hafa námi, 6.

⁸⁴ Lbs. Hrafnhildur V. Kjartansdóttir, „Ég ætla að klára þetta, það er málið“, 72.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF



Háskólakórinn, blandaður kór háskólastúdenta, varð til um áramótin 1971–72 og kom í staðinn fyrir Stúdentakórinn sem var eingöngu skipaður körlum. Hér syngur Háskólakórinn við brautskráningu stúdenta í Háskólabíói 23. október 2004.

skólanum. Námsmenn hafa valið sér námsgrein og stefna með því inn á ákveðin starfssvið í lífinu. Mun hin nýja námsgrein uppfylla væntingar þeirra? Sumar námsgreinar standa fyllilega undir vonum, fúxar verða dúxar, og nemendur blómstra sem hafa fundið sína réttu hillu. Í öðrum tilvikum koma upp óvæntar hliðar á draumánáminu. „Fékk mér að borða og fór svo í skólann. Það var Hagræn landafræði. Þetta fag er frekar leiðinlegt og mjög þreytandi en ég hélt mér vakandi. ... Kl. 15:00 var komið að æfingátíma í hagrænni landafræði, það var hundleiðinlegt, við vorum 2 sem gerðum saman verkefni.“⁸⁵ Sýn stúdenta á lífið breytist einnig. Margar námsgreinar bjóða upp á þann möguleika að lesa aðra grein samhliða. Ef námsmanni mislíkar við eina námsgrein getur hann leitað inn á nýjar brautir og vegið hana upp með annarri. Lítil þjóð þarf marga fjölfræðinga, og því getur komið sér vel að hafa þekkingu á mörgum sviðum.⁸⁶

Námsmenn virðast einbeittir við upphaf skráningar, en vegna frátafa sækist námið ekki alltaf sem skyldi. Haustið 2000 mættu nemendur til prófs í tæplega 60% af þeim námskeiðum sem þeir höfðu skráð sig í að hausti. Hjúkrunarfræðingar skiptu minnst um skoðun; um 80% þeirra mættu í próf sem þeir upphaflega skráðu sig til. Meira en helmingi guðfræðinema snerist hugur og mætti ekki til prófs, margir guggnuðu á hebresku.⁸⁷ En staðan er mismunandi hjá þeim: „Guðfræðin er skemmtilegt fag og ég er þakklát

⁸⁵ *Dagbækur háskólastúdenta*, 36.

⁸⁶ Helga M. Ögmundsdóttir, „Að vera vísindamaður á Íslandi“, 16.

⁸⁷ *Vef. HÍ. Staðtölur prófa haust 2000.*



fyrir að vera í deild þar sem andinn er góður í orðsins fyllstu merkingu.⁸⁸

Þeir sem eru staðfastir og mæta þrátt fyrir allt til prófs eru þó ekki öruggir með að standast kröfur skólans. Af öllum nemendum sem þreyttu próf á árunum 2005–09 féllu um 17%.⁸⁹ Sumir geta náð í næstu atrennu, en það reynist mörgum erfitt: „ég er í bili hætt í skólanum, var í clausus í læknisfræði og gekk vel. Bara ekki nógu vel. ... Skólinn er í huga mér á hverjum degi og ég er afar döpur yfir því að hafa ekki komist inn í lækninn, þrátt fyrir góðar ein-kunnir.“⁹⁰ Mörg erindi frá nemendum til yfirvalda skólans hefjast eitthvað á þessa leið: „Bréf þetta er skrifað í þeim tilgangi að reyna að fá ykkur sem í ráðinu sitjið til þess að sýna undirrituðum mis-kunn í máli sem hefur á undanförunum mánuðum valdið mér ómældu hugarangri og miklum erfiðleikum.“⁹¹

Hin síðari ár hefur færst í vöxt að fólk á vinnumarkaði skrái sig í nám og taki með vinnu eitt til tvö námskeið á ári. Unnt er að fá styrki hjá stéttarfélögum eða atvinnurekendum fyrir skráningargjaldi, en upphæðin er litlu hærrí en tveggja til þriggja daga námskeið hjá fyrirlésurum á almennum markaði. Námskeiðin eru til að víkka sjóndeildarhring stúdenta, auka lífsfyllingu eða dýpka þekkingu á nýjum fræðasviðum. Nemendaskrá Háskólans skráir ekki sérstaklega hvort nemendur eru í fullu námi eða hlutanámi, en í nemendakerfinu eru upplýsingar um einingafjölda sem nemendur skrá sig í og ljúka. Nám til prófgráðu er skilgreint sem fullt nám, og ákveðnar reglur eru um hámarksnáms tíma á einstökum námsleiðum. Margir sem eru í sem næst fullu námi gefa sér lengri tíma til að vinna lokaritgerðir eða taka færri einingar þegar glímt er við kröfuhörð námskeið. Einnig eru dæmi um að fólk sé að leita fyrir sér og athuga hvort það finni fjöl sína í Háskólanum, og virðast það fremur vera stúlkur en strákar. Ýmsar fleiri ástæður geta verið fyrir töfum á námi eins og guðfræðinemi lýsti árið 2001: „Á liðnu ári fór vorönn mín í vaskinn vegna veikinda ... sambýlismanns míns. Sem betur fer sýnir skólinn veikindum mínum og mannsins míns skilning, þar sem námsframvinda mín er heldur hæg þegar svona stendur á.“⁹² Stúdentar, sérstaklega í framhaldsnámi, eru með annan fótinn á vinnumarkaði og stela stundum tíma frá fjölskyldu sinni til að geta stundað nám með vinnu. Meistaraneimi í sagnfræði í fullri vinnu með fjóra í heimili hafði þetta að segja: „Sá lúxus að vera í fullu starfi sem námsmaður er fágætur – ég prófaði það í fyrra og naut þess út í ystu

⁸⁸ *Dagbækur háskólastúdenta*, 74. – HÍ. Könnun á meðal skráðra nemenda Háskóla Íslands sem hætt hafa námi, 4.

⁸⁹ *Tölvupóstur*. Hreinn Pálsson prófstjóri 23.04.2010.

⁹⁰ *Dagbækur háskólastúdenta*, 129–30.


⁹¹ HÍ. Skjalasafn Námsráðgjafar. Nemendabréf L–Ö.

⁹² *Dagbækur háskólastúdenta*, 74.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

Stúdentaleikhúsið er ein þeirra stofnana sem alltaf gera vart við sig annað kastið. Myndin er frá 1983 og sýnir leikara þess æfa verk sem nefndist Reykjavíkurbliús.



æsar en gat ekki leyft mér það meira en hálfan vetur. ... Þó að ég sé í sérstaklega skemmtilegu námi er heitasta ósk mín um þessar mundir að ég hætti einhvern tíma að vera háskólastúdent.⁹³ Mismunandi reglur gilda í deildum skólans um námstíma. Algengt er að deildir miði við að grunnnám til BA-/BS-prófs taki fjögur og hálf til sex ár og meistaranám þrjú til fjögur. Mismunandi er hversu fast þessu er fylgt eftir. Í sumum deildum þarf að ljúka tilteknum námskeiðum áður en hafið er nám á næsta ári, en í öðrum gilda engar slíkar reglur.⁹⁴

Í mörgum tilvikum velja nemendur námsgrein „með hjartanu“, en fara svo út í eitthvað hagnýtara síðar á námsleiðinni eða eftir fyrsta háskólapróf. Einnig eru dæmi um hið gagnstæða. Síðustu tvo áratugi hefur fjölgað þeim stúdentum sem hefja nám að loknu ævistarfi. Þeir eru ekki að búa sig undir ný störf á vinnumarkaði heldur að auka lífsfyllingu með skemmtilegum og fræðandi tómsundum, láta gamla drauma rætast. Margir eru með háskólapróf af öðrum fræðasviðum og vilja prófa eitthvað nýtt. Sumir taka stök námskeið en aðrir ljúka námsgráðum. Á árunum 1990–2009 brautskráðust 170 manns á

⁹³ *Dagbækur háskólastúdenta*, 90.

⁹⁴ *HÍ*. Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi, 54.

⁹⁵ *Tölvupóstur*. Kristín Jónasdóttir, skrifstofustjóri Nemendaskrár 2.07.2010.



aldrinum 60–84 ára með lokapróf frá Háskólanum, þar af sex á aldrinum 75–84 ára, og fer brautskráningum eldra fólks fjölgandi.⁹⁵

Kennarar geta í mörgum tilvikum haft mikil áhrif með hvatningu, sem þannig skiptir sköpum, jafnvel þegar námsefnið hættir að vera spennandi og öll sund virðast lokuð. Þetta hafði verkfræðinemi á tilfinningunni í janúar 2001:

Skóladagurinn byrjaði með stýrikerfistíma, sem eru per se alveg magnaðir, ekki það að efnið sé sérlega áhugavekjandi, heldur er kennarinn drifkrafturinn á bak við þetta allt, mögnuð manneskja.

Eftir það fór ég í tíma í forritunarmálum, sem er nokkurn veginn á sama stall settur og stýrikerfistíminn, efnið er ekkert sérstakt, en kennarinn er nokkrum ljósárum á undan okkur, sem gerir það að verkum að maður getur ekki annað en hlustað á orð hans.⁹⁶

Ekki er heldur ónýtt ef kennarar geta verið myndir og dregið fram skondin dæmi til að fanga athygli stúdenta: „Kristján [Árnason] var með mjög skemmtilegan tíma og náði meira að segja að fá bekkinn til að hlæja með sér að námsefninu. Það sem við gerðum í dag var að líta yfir nokkra texta og leiðrétta í þeim villur. ... Við skoðuðum dæmi þar sem hinum ýmsu orðtökum hafði verið blandað saman og þau rangt notuð.“⁹⁷ Nemendur þurfa líka að vera móttækilegir fyrir fróðleiksmolum háskólakennarans og með hugann við námið, en því er ekki alltaf að heilsa eins og einn nemandi í sagnfræði og íslensku lýsti í janúar árið 2001: „Í morgun sat ég tvær kennslustundir og horfði á varir kennarans hreyfast án þess að heyra orð af því sem hann sagði. Hugurinn dvaldi við flóttann mikla frá raunveruleikanum, viku ferð til Þýskalands. Ég fylgdist grannt með hröfnunum sem flögruðu fyrir utan Árnagarð og gortuðu af frelsi sínu. „Bíðið bara“ hugsaði ég með mér. „Senn líður að því að ég muni, líkt og þið, fljúga um loftin blá á vit ævintýrana.““⁹⁸

Stúdentar í framhaldsnámi standa oft frammi fyrir tvöfaldri ögrun. Komnir með fjölskyldu þurfa þeir að skipuleggja tíma sinn ennþá betur til að geta sinnt barnauppleði um leið og tekist er á við sjálfstæð vinnubrögð í námi. Helga Ögmundardóttir, meistaranemi og tveggja barna móðir, var ein þeirra og lýsir spennu sem stundum myndast milli fjölskyldu og náms:

⁹⁶ *Dagbækur háskólastúdenta*, 49.

⁹⁷ *Dagbækur háskólastúdenta*, 83.

⁹⁸ *Dagbækur háskólastúdenta*, 98.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

Það má segja að það séu forréttindi námsmanns í rannsóknarnámi með litla eða enga tímasókn að þurfa ekki að reka alla á heimilinu áfram en þá verður líka oft lítið úr deginum og afköstin eftir því. Þetta er því oft eilíf togstreita milli ástar á börnunum og samviskubitsins yfir að vera ekki að stauta öllum stundum. ... Uppeldi og umönnun lítilla barna og nám af þessu tagi fara ekki vel saman.⁹⁹

Benedikt G. Waage, meistaranemi í efnafræði, lýsir því hvernig stúdentar fara af stað með rannsóknarverkefni sín:

Þar sem ég er nú farinn að eygja von um að geta klínt MS gráðu fyrir framan (eða kannski aftan (?)) nafnið mitt í vor er mér víst ekki til setunnar boðið að fara að reikna, herma, forrita og skrifa. Þetta gerist víst ekki af sjálfu sér, því miður. Ég hef verið að reyna að koma mér upp einhverju skynsamlegu kerfi núna síðustu daga um hvernig best sé að skipta tímanum á milli hreinnar tilraunavinnu (og úrvinnslu) og eins ritgerðarskrifa. Enn sem komið er hefur þetta verið leikið nokkuð af fingrum fram og er það kannski bara affarsælást.¹⁰⁰

Eitt af því sem skilur að háskólanám og nám í framhaldsskóla er frelsið. Stúdentar Háskólans eru fullorðið fólk sem sjálft ber ábyrgð á námi sínu og mætingu í tíma. Tímasókn er mismunandi eftir námsgreinum, en flestir stúdentar finna fyrir því að hún verður minni en í framhaldsskóla. Þá gildir að nýta tímann vel, en það er margt sem glepur, og fleira en námsbækur sem fangar athyglina. Þegar stúdentar héldu dagbók í einn dag í janúar 2001 notuðu margir dauðan tíma milli kennslustunda til að athuga tölvupóstinn eða fara á netið. „Í hádeginu ákveð ég að líta aftur á póstinn. Nú, jæja, þrjú ný skilaboð en þar af eru tvær auglýsingar. Auglýsingapóstur er óþolandi.“¹⁰¹ Misvel gengur að nýta tímann til heimanáms: „Þá er kominn tími á að sinna stöðugum ávítunum samviskuretursins og læra heima. Því miður er ekki tími í það, svo virðist vera sem dís staðnaðra mínútna hafi sviðið mig í þetta sinn og tíminn er alveg að fara að byrja.“¹⁰² Sumir kjósa að vakna snemma og taka námið eins og dagvinnu: „Ég var frekar venjulegur námsmaður. Ef maður er þannig er nám ekkert erfitt. Í rauninni er það

⁹⁹ *Dagbækur háskólastúdenta*, 61–62.

¹⁰⁰ *Dagbækur háskólastúdenta*, 27.

¹⁰¹ *Dagbækur háskólastúdenta*, 27.

¹⁰² *Dagbækur háskólastúdenta*, 26.





Stiginn dans í Háskólatorgi.

algjör draumur og grín að vera í námi miðað við lífið sjálft“, sagði nemandi í lögfræði sem brautskráðist árið 2007.¹⁰³ Öðrum finnst gott að snúa sólarhringnum við í prófum: „Mér fannst alltaf mjög gott að læra á kvöldin og nóttunni. Þegar það er komin nótt er alger ró og allir á heimilinu farnir að sofa. Enginn hringir í mann og ekkert er í sjónvarpinu“, sagði stúdent sem brautskráðist úr læknisfræði árið 2008.¹⁰⁴ Laganemi sneri líka við sólarhringnum þegar kom að prófum: „Þegar upplestrarfríð og próflesturinn byrjaði var maður fljótur að detta úr venjulegri rútínu. Þá hætti maður að vakna á morgnana og fór að borða á óreglulegum tímum. Mér fannst það mjög gaman en maður var fljótur að þreytast á því. Eftir þriggja vikna próftörn var maður alveg búinn.“¹⁰⁵ Í jóla- og páskaleyfum og jafnvel á öðrum tímum hættir stúdentum sem ekki eiga að mæta snemma dags í tíma til að snúa við sólarhringnum. Þá getur verið erfitt að halda sér vakandi í fyrirlesturum eftir jólafrí. Tölvunarfræðinemi lýsti þannig þriðja fyrirlestri dagsins: „[Í] fyrirlesturinum tölvugrafík þar sem ég verð að viðurkenna að ég dottaði aðeins yfir uppifjun á línulegri algebru. Það kallaði einhvern veginn á of mikla hugsun svona rétt fyrir hádegi.“¹⁰⁶ Annar stúdent fann skýringu á svefni sínum, en hún hafði farið í heilalínurit snemma morguns og hraðaði sér svo út í Háskólabíó: „Í fyrri tímanum voru framsögur.

¹⁰³ Bergur Ebbi Benediktsson, „Fljótur að detta úr venjulegri rútínu“, 4.

¹⁰⁴ Haukur Heiðar Hauksson, „Aldrei samið eins mikið af tónlist“, 4.

¹⁰⁵ *Monitorblaðið* 22. apríl 2010. – *Morgunblaðið* 22. apríl 2010, 4.

¹⁰⁶ *Dagbækur háskólastudenta*, 43–44.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

Ég hafði mikinn áhuga á þeim. Engu að síður gat ég ekki haldið mér vakandi. Það var ekki mér að kenna, ég sver, þessi sæti í Háskólabíói eru bara ekki gerð til þess að vera vakandi í. Ég náði megninu af fyrri framsögunni og fannst hún skemmtileg, en vaknaði, mér til skelfingar við lófaklappið eftir seinni framsöguna. Í lok tímans voru umræður og skólasystkini mín sem ég lenti í umræðuhópi með gerðu miskunnarlaust grín að mér fyrir að hafa sofið megnið af tímanum af mér.¹⁰⁷ Á milli þess sem stúdentar leggja stund á lærdóminn finnst mörgum gott að grípa í hljóðfæri, skreppa í íþróttir eða bara hitta vini og ættingja og skiptast á skoðunum. Það getur hjálpað til við að endurnýja orkuna og ná betri tókum á náminu. Einn bægið burt áhyggjum með sundi: „Í hádeginu reyndi ég að byrja að læra, en lærdómurinn snérist um það að skipuleggja mig. Ég komst því miður ekki lengra því Vesturbæjarlaugin kallaði, og ég varð að svara kalli. Þar synti ég minn kílómeter og náði að skola burtu öllum áhyggjum. Áhyggjum af skólanum, áhyggjum af ritgerðinni, áhyggjum af fjármálunum.“¹⁰⁸

Í mars árið 1986 var gerð fyrsta tilraun hér á landi með fjar-kennslu í því formi að hafa gagnvirkt samband í sjónvarpi.¹⁰⁹ Á árunum 1992–93 var unnið að hugmyndum um háskólasjónvarp og samþykkt að stofna kennsluvarp.¹¹⁰ Ný tækni, að taka kennslufni upp stafrænt og setja á vefinn, leysti hugmynd um kennsluvarp af hólmi, og smám saman jókst kennslufni á vef Háskólans. Árið 2007 var svo komið að flestir fyrirlestrar við Háskóla Íslands voru settir á netið. Þar gátu nemendur í fjarnámi og þeir sem ekki áttu heimangengt hlustað og horft á fyrirlestrana. Í kjölfarið hafa kennarar tekið eftir því að mæting í fyrirlestra minnkar. Kennari með áratuga reynslu af kennslu við Háskóla Íslands sagði árið 2011: „Það koma ef til vill 80 nemendur í fyrstu og síðustu kennslustundina en þess á milli mæta 30 til 40 nemendur – og, af þeim sem mæta, þá birtast margir seint og fara snemma. Ég hef hvergi séð svona ástand erlendis og þannig var það ekki við upphaf míns ferils hjá HÍ.“¹¹¹ Sumir horfa eða hlusta aftur á fyrirlestrana eftir að hafa mætt í tíma og telja sig hafa talsvert gagn af því.¹¹²

Þegar stúdentar skráðu dagbækur sínar spegluðu þeir oft vinnu-framlagið í samvisku sinni, og í lok vinnudags mátu þeir afrakstur vinnu sinnar. Margir eru vel sáttrir eftir gott dagsverk en aðrir hafa samviskubit: „Ég var alltaf að hugsa um að ég þyrfti að fara að lesa meira en ég nennti því ekki í dag, ég geri það vonandi á morgun.“¹¹³

¹⁰⁷ *Dagbækur háskólastúdenta*, 144.

¹⁰⁸ *Dagbækur háskólastúdenta*, 42.

¹⁰⁹ Páll Sigurðsson, *Úr hús-næðis- og byggingar-sögu II*, 251.

¹¹⁰ *Árbók Háskóla Íslands 1991–94*, 185–86.

¹¹¹ *Frjáls verslun LXXIII:2*, 33. Viðtal við Þráin Eggertsson hagfræði-prófessor.

¹¹² *Viðtal*. Grettir Sigurjónsson, tæknimaður Kennslumiðstöðvar 12.05.2010.

¹¹³ *Dagbækur háskólastúdenta*, 37.

Kannski er það vegna þess að „Það er einhvern veginn þannig að maður finnur sér alltaf eitthvað annað sem er meira spennandi heldur en að læra.“¹¹⁴ Til að safna orku og ná meiri árangri næsta dag er mikilvægt að líta upp úr námsbókunum eða svo sagði 26 ára tannlæknanemi árið 2001: „Það var nú eins í kvöld eins og svo oft áður að maður nennir ekki alltaf að kíkja í námsbækurnar eftir svona langan dag í skólanum. Þess í stað var einn skólafélaginn búinn að bjóða okkur á forsýningu í bíó, Vertical Limit. Það var þegið með þökkum.“¹¹⁵ Stúdent á lokamissari í eðlisfræði hugleiddi hvernig það væri að ljúka námi og hefja vinnu með áhyggjulausu lífi:

Það verður skrýtið að vera ekki námsmaður lengur. Fara í vinnuna, úr vinnunni klukkan fimm og hætta að nota heilann. Hafa tíma til að blása lífi í tómsundaiðju. Eiga frí um helgar. Fá útborguð laun um hver mánaðamót og geta leyft sér að eyða peningum án þess að þurfa að borða ekkert nema núðlusúpur næsta mánuðinn. Losna við hið sífellt nagandi samviskubit um að maður sé ekki nógu duglegur, hafi ekki lært nógu mikið síðustu helgi, hafi ekki komist yfir nógu margar blaðsíður í kennslubókinni í dag. Kannski tekur bara öðruvísi samviskubit við. En fullt af góðum hlutum hverfa um leið. Að vera námsmaður er nefnilega mjög skemmtilegt. Maður lærir eitthvað nýtt um heiminn sem við lifum í á hverjum degi (eins og lífið endi eftir skólagöngu). Maður hittir alltaf fullt af fólki á hverjum degi, fólki á manns eigin aldri. Hangir og drekkur kaffi og spjallar við samnemendur sína um lífið og tilveruna, hvað heimaðæmin í þessari viku voru erfið, hvað maður var latur um helgina. Maður getur sofið yfir sig til kl. 11:30 án þess að vera rekinn.¹¹⁶

Námslok og brautskráning frá Háskóla Íslands eru merk tímamót í lífi sérhvers einstaklings. Langt og strangt nám er að baki. Sumir huga að frekara námi erlendis, en aðrir vilja komast sem fyrst í vinnu. Háskólinn stendur áfram opin fyrir þá sem þurfa síðar að sækja sér nýjan fróðleik á símenntunarnámskeiðum, taka þátt í ráðstefnum fagstétta eða sækja opinbera fyrirlestra á vegum skólans. Margir fyrrverandi námsmenn Háskólans koma aftur þangað sem starfsmenn og leggja honum áfram lið við að mennta þjóðina. Aðrir

¹¹⁴ *Dagbækur háskólastúdenta*, 27.

¹¹⁵ *Dagbækur háskólastúdenta*, 129.

¹¹⁶ *Dagbækur háskólastúdenta*, 102.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.7 STÚDENTALÍF

leggja sitt af mörkum með stuðningi við Happraættið eða með öðru móti.

Óvissa um hvað taki við að námi loknu er hluti af tilveru stúdentanna. „Ég hóf mitt nám í HÍ haustið 1999 og vona mér lánist að ljúka í vor [2001]. Ef ekki, þá bara síðar! Hvað síðan tekur við, veit nú enginn, því hver vill ráða bráðum sextuga konu í vinnu – með DIPLOMA í íslensku?“¹¹⁷ Þrátt fyrir samviskubit og áhyggjur yfir lærdómi sem herjar stundum á stúdentanna sagði stúlka í sálfræði sem komin var að því að velja sér BA-verkefni á vormisseri 2001: „[Þ]essi ár í háskólanum eru búin að vera langskemmtilegustu ár ævi minnar.“¹¹⁸

¹¹⁷ *Dagbækur háskólastúdentanna*, 132.

¹¹⁸ *Dagbækur háskólastúdentanna*, 110.





8. Háskóli fyllir hundrað ár

Við stofnun Háskóla Íslands sagði Björn M. Ólsen rektor að hann „er eigi að eins hinn yngsti háskóli heimsins, heldur einnig hinn minsti og einhver hinn ófullkornasti. Þetta er eðlilegt, því að efni voru eru smá, og vjer verðum að sníða oss stakk eftir vexti.“¹ Um 95 árum síðar, árið 2006, setti Háskóli Íslands sér það langtíma-markmið að komast í hóp 100 bestu háskóla í heimi. Það var talið raunhæft, enda voru á þeim tíma átta háskólar á Norðurlöndum á alþjóðlegum matslistum yfir fremstu háskólastofnanir í heiminum. Akademísk hefð í Skandinavíu er reyndar margfalt eldri, og stuðningur stjórnvalda þar við háskóla talsvert meiri. Háskólarnir í Kaupmannahöfn og Uppsölum eru liðlega 530 ára, háskólinn í Åbo er 370 ára, og háskólinn í Osló verður 200 ára þegar Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli. Þannig höfðu um aldir verið starfræktir háskólar annars staðar á Norðurlöndum, og átti úrval Íslendinga rétt á aðgangi að háskólanum í Kaupmannahöfn.

Í nokkra áratugi var bollalagt hvar ætti að velja Háskólanum stað þegar hann fengi loks sérstakt hús. Hugmyndirnar færðust sífellt fjær Austurvelli, úr hugsaðri viðbyggingu við Alþingishúsið upp á Amarhól, þaðan upp á Skólavörðuholt, og loks varð Háskóli Íslands svo ótrúlega heppinn að fá að gjöf lóð frá Reykjavíkurborg rétt utan við jaðar byggðarinnar. Þar voru útþenslumöguleikar meiri en nokkrum manni datt þá í hug að þörf væri á, og þeir eru engan veginn þrotnir enn. Því er Háskóli Íslands nú í þeirri fágætu aðstöðu að vera í næsta nágrenni við miðbæ heimaborgar sinnar án þess að þrengt verði að honum í fyrirsjáanlegri framtíð.

En þótt byggt hafi verið upp af krafti á háskólalóðinni á síðustu 70 árum hefur það tæplega haldið í við hinn vaxandi fjölda stúdenta sem þangað vill leggja leið sína. Háskóli Íslands á því nokkuð í land að ná samjöfnuði í húsakosti við systurstofnanir sínar erlendis.

Háskóli Íslands var stofnaður sem embættismannaskóli. Jafnvel Heimspekideild, sem bauð þó í grundvallaratriðum upp á það sem síðar var kallað rannsóknartengt nám, menntaði einkum þá sem áttu eftir að verða opinberir starfsmenn; kennarar, bókaverðir, skjalaverðir og einn háskólaritari. Smám saman var hafin kennsla í erlendum tungumálum, venjulega með tilstyrk sendikennara sem

¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 11.



III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN

sendilöndin launuðu. Aðrar skólanámsgreinar bættust við, mannkynssaga, stærðfræði og raunvísindagreinar, einkum eftir að Raunvísindastofnun kom til. Á áttunda áratugnum var hafin kennsla í félagsvísindum í sérstakri deild og Læknadeild eflað með kennslu í hjúkrunarfræði og sjúkrþjálfun. Til viðbótar við embættismenntunina varð það meginhlutverk Háskólans að miðla undirstöðumenntun á háskólastigi, og því er tímabilið frá því um 1960 og fram um 1990 kennt við grunnmenntun í þessari bók.

Um 1990 var starf Háskólans komið á það stig að tímabært var talið að efla vísindastarf, sérstaklega í þeim deildum þar sem nokkur hefð hafði verið fyrir rannsóknum. Heimspékideild og Læknadeild voru fyrstar til að koma á doktorsnámi innan sinna vébanda. Verkfræðideild og Raunvísindadeild tóku upp meistaranám um líkt leyti. Með stofnun Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum í Mosfellssveit árið 1947 og rannsóknum Björns Sigurðssonar og samstarfsmanna hans á hæggingum smitsjúkdómum í sauðfé hafði verið sýnt fram á að byggja mátti upp öflugar rannsóknir á Íslandi, rannsóknir sem lögðu lóð á vogarskálar alþjóðlegra vísinda og voru íslensku atvinnulífi mikill styrkur.

Á 50 ára afmæli Háskólans flutti ríkisstjórn landsins skólanum þá gleðifregn að koma ætti upp rannsóknarstofnun í íslenskum fræðum við skólann. Óskað hafði verið eftir því í tilefni afmælisins. Bygging Handritastofnunar, síðar Stofnunar Árna Magnússonar, reis á háskólalóðinni og varð setur íslenskra fræða. Þar var komin aðstaða til að varðveita íslensk handrit sem áður höfðu verið varðveitt í Kaupmannahöfn og til að hefja ítarlegar rannsóknir á menningararfi Íslands í samvinnu við fræðimenn hjá Orðabók Háskólans og víðar.

Laust eftir miðja 20. öld hófst alþjóðleg umræða um friðsamlega nýtingu á kjarnorku. Stofnuð var Kjarnfræðinefnd á Íslandi árið 1956, og eitt af verkefnum hennar var stofnun rannsóknarstofu til að annast mælingar á geislavirkum efnum. Prófessorsembætti í eðlisfræði var stofnað árið 1957 og Eðlisfræðistofnun komið á legg árið eftir. Í framhaldi af því var Raunvísindastofnun Háskólans stofnuð árið 1966 með myndarlegum stuðningi erlendis frá. Með starfrækslu þessara rannsóknarstofnana, og annarra sem síðar voru settar á stofn, var lagður grunnur að frekari rannsóknum og kennslu á fjölmörgum sviðum lækna-, hug- og raunvísinda á Íslandi.

Á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld fjölgaði landsmönnum hratt. Sívaxandi hluti unga fólksins sótti í háskólanám, og endurbætt



Rektorar Háskóla Íslands í 37 ár. Frá vinstri: Ármann Snævarr (1960–69), Magnús Már Lárusson (1969–73), Guðlaugur Þorvaldsson (1973–79), Guðmundur K. Magnússon (1979–85), Sigmundur Guðbjarnason (1985–91), Sveinbjörn Björnsson (1991–97).

námslánakerfi greiddi götu stúdenta. Almennt ríkti mikil trú á að menntun væri undirstaða hagsældar og því þjóðhagslega arðvænlegt að hlynnu að henni. En um leið tóku margir háskólanemar að gefa lítið fyrir að verða tannhjól í hagsældarverksmiðju samfélagsins. Að fyrirmynd jafnaldra sinna í grannlöndunum tóku þeir að efast um öll venjuhelguð gildi og vildu jafnvel bylta samfélagi sínu. Þeir uppgötvuðu í sjálfum sér nýja rödd, og á hana var talsvert hlustað um skeið. Áhrif stúdenta á stjórn skólans voru ekki mikil á þessum tíma. Því vildu þeir breyta, og þeim fjölgaði smám saman í ráðum og nefndum skólans. Á nýfunda áratug aldarinnar hneig þessi róttæka bylgja og háskólamenn fengu meiri áhuga á tækni og vísindagreinum sem virtust líklegar til að skila hagnaði í samstarfi við atvinnulíf. Samtímis varð tölvan helsta atvinnutæki flestra háskólamanna og átti eftir að breyta vinnulagi starfsmanna og stúdenta umtalsvert.

Á 50 ára afmælisári skólans árið 1961 sagði Ármann Snævarr háskólarektor að ríkisstjórnin hefði tekið til greina í fjárlagafrumvarpinu allar fjárlagaóskir Háskólans.² Því miður varð þessi rausn ekki til frambúðar, og fjárveitingartillögur jafnan skornar niður eins og fyrr hefur verið rakið. Árið 1990 var komið á rammafjárlögum, sem þýddi að Háskólinn gat sjálfur ráðstafað að eigin vild þeirri fjárhæð sem honum var úthlutað á fjárlögum. Nokkru síðar tók ríkið að semja við Háskólann um að fjárveitingar réðust af nemendafjölda og námsframvindu stúdenta. Um sama leyti hætti

² *Árbók Háskóla Íslands* 1962–63, 13–14.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN

ríkisvaldið að skipta sér af ráðningu starfsmanna, en það hafði um áratuga skeið verið þrætuepli skólans og menntamálaráðherra hverjir væru ráðnir til starfa. Með þessum mikilvægu breytingum í fjármálum og starfsmannamálum jókst frelsi skólans og jafnframt ábyrgð á eigin rekstri. Með jafnréttislögum, stjórnsýslulögum og fleiri lagaþálfum, auk umboðsmanns Alþingis, hafa stjórnvöld séð til þess að einstaklingar geta leitað réttar síns ef þeir telja á sér brotið í skólanum. Háskólinn hélt síðan áfram að færa ábyrgð á fjármálum og starfsmannahaldi út til hinna nýju fræðasviða þegar þeim var komið á fót árið 2008.

Ármann Snævarr var stórhuga og glöggskyggn þegar hann sagði aðeins tveimur árum eftir hálfra aldar afmælið: „Framfarir og velgengni mannkyns velta ekki sízt á því, hversu háskólum og öðrum vísindastofnunum vegnar, og það er félagsleg reynsla, að þau ríki, sem bezt búa að háskólum og öðrum vísindastofnunum, verða einnig í fararbroddi um framleiðslu og framfarir. Vísindin eru sterkasta aflið í nútímaþjóðfélögum ... og þau ríki, sem viðurkenna ekki þessi frumsannindi, hljóta að dragast aftur úr og staðna.“³ Þessi tónn hefur verið sleginn í ræðum og fyrirlestrum háskólamanna næstum árlega fram á þennan dag. Í lok sjöunda áratugarins var unnt að stórefla náttúruvísindi við skólann með stofnun Raunvísindadeildar. Á áttunda áratugnum var hafin kennsla í félagsvísindum í sérstakri deild og Læknadeild eflað með kennslu í hjúkrunarfræði og sjúkráþjálfun. Í tengslum við allar deildir voru síðan stofnaðar rannsóknarstofur sem eflaðu fræðastarf og kennslu.

Þjóðfélagið fór mikils á mis á áratugnum eftir 1989 þegar samdráttur var í efnahag landsins. Þá var dregið hlutfallslega úr fjárveitingum til Háskólans í heilan áratug og hann þurfti ítrekað að vísa frá hugmyndum um nýjar námsgreinar, framhaldsnám og ný svið í rannsóknum. Á þeim tíma höfðu margar greinar náð þeim þroska að kennarar vildu efla rannsóknir og bjóða framhaldsnám þeim nemendum sem brautskráðst höfðu úr grunnnámi. Háskólinn reyndi að hvetja til rannsókna með framgangskerfi frá 1976 og með Vinnumatssjóði frá 1989. Ef fjárfest hefði verið í mannauði og vísindum á tíunda áratug 20. aldar er næsta víst að það hefði komið fram í fjölbreyttara atvinnulífi, blómlegri menningu og auknum hagvexti á nýrri öld. Samningar Háskólans við menntamála- og fjármálaráðherra um kennslu árið 1999 og rannsóknir árið 2001 skiluðu skólanum auknum fjárveitingum, og hann gat opnað dyr

³ *Árbók Háskóla Íslands* 1963–64, 5.

sínar fyrir fróðleiksfúsum stúdentum sem kölluðu eftir frekari menntun. Háskólinn brást við með því að auka framhaldsnám í æ fleiri greinum, og þjóðin tók því fagnandi með mikilli aðsókn að skólanum sem jafnvel kom forráðamönnum hans og yfirvöldum á óvart. Það varð háskólakennurum fagnaðarefni að sjá hversu vel nemendur tóku framhaldsnámi á öllum sviðum, á tímum þegar vel áraði í efnahag landsmanna. Þótt kveðið væri á um það í samningum við stjórnvöld að fjárveitingar fylgdu sérhverjum stúdent sem lyki námi þá var þak á þeim fjölda sem stjórnvöld vildu borga fyrir. Þegar svo aftur harðnaði á dalnum í kjölfar efnahagserfiðleika árið 2008 varð að fresta samningum um stuðning við uppbyggingu rannsóknarháskólans. Stjórnvöld beittu einnig hlutfallslegum niðurskurði á sama tíma og stúdentum fjölgaði stórlega. Háskólamenn hafa bent á að fjárfesting í menntun og rannsóknum dregur úr atvinnuleysi. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að fjárfesting í rannsóknum skili sér margfalt til baka í nýjum og skapandi atvinnugreinum, framtíðar hagvexti og blómstrandi menningu.

Enn fjölgaði háskólanemum ört í Háskóla Íslands, um leið og aðrir háskólar tóku til starfa við hlið hans. Fjölgun stúdenta stafaði nú mestmegnis af því að stærri hluti hvers fæðingarárgangs sótti háskóla. Í þessu efni hefur Ísland ekki skorið sig úr þróun annarra landa. Miðað við aldursskiptingu nýnema á árunum 2008–10 stefnir í að liðlega 83% ungs fólks stundi háskólanám.⁴ Einkum hefur konum fjölgað í háskólanámi, og eru þær nú í meirihluta í flestum námsgreinum. Konum hefur einnig fjölgað verulega meðal akademískra starfsmanna síðustu áratugi.

Háskólinn hefur á mörgum sviðum unnið að jafnréttismálum. Sérstaklega hefur verið reynt að bæta möguleika hinna ýmsu hópa stúdenta til náms. Þótt Háskólinn hefði ekki slegið hendinni á móti meira fjármagni til uppbyggingar rannsókna og þróunar nýrra námsgreina þá hafa forráðamenn hans staðist þá freistingu að leggja skólagjöld á nemendur. Sátt hefur verið um það milli stúdenta, stjórnar skólans og stjórnmalamanna að leysa ekki vanda hans með því að hækka skrásetningargjöld. Hinir nýstofnuðu einkaskólar á háskólastigi, sem veita skólanum nokkra samkeppni, hafa þegið samþærilegar greiðslur fyrir nemendur við það sem Háskóli Íslands hefur fengið, en auk þess hefur þeim verið heimilt að leggja á skólagjöld, sem fara hækkanði. Af þessu hefur skapast nokkurt ójafnvægi milli skóla og hópa nemenda.



Enn eru doktorsvarnir hátíðlegar athafnir í Háskóla Íslands. Hér ver Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðiritgerð sína, Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervís á Íslandi, 23. september 2011.

⁴ Vef Hagstofa Íslands. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi 2008–2010.

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN

